**FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK**

*Börnin ráða fermingardeginum*

• Ferming • Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HELGA GUÐJÓNSDÓTTIR**

*Hef sungið frá því að ég man eftir mér*

Skagastúlkan sem sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna

**FÓLK 46**







www.flugfelag.is

**Flugkortið er greiðslu- og viðskiptakort**

ætlað fyrirtækjum í viðskiptum við Flugfélag Íslands

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fyrirtækjaþjónusta



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. apríl 2006 — 99. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Jóhannes í Bónus kærir Jón Gerald

**Jóhannes Jónsson hefur kært framburð Jóns Geralds Sullenberger um að Jóhannes hafi beðið um falsaða reikninga fyrir bílaviðskipti. Jóhannes hefur líka kvartað til umboðsmanns Alþingis undan embætti ríkislögreglustjóra.**

**BAUGSMÁL** Jóhannes Jónsson, í Bónus, hefur kært Jón Gerald Sullenberger vegna rangra sakargifta í Baugsmálinu. Jón Gerald sagði við skýrslutöku hjá lögreglu að Jóhannes hefði beðið hann um að gefa út ranga reikninga vegna bílainnflutnings, en Jón breytti framburði sínum við vitnaleiðslur fyrir dómi. Framburður Jóns Geralds hjá lögreglu var grundvöllur saksóknar á hendur Jóhannesi. Þá mun Jóhannes í dag leggja fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis um að Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri hafi brotið jafnræðisreglu við meðferð ákæruvalds þegar ákæra var gefin út 1. júlí 2005. Jóhannes ásamt öðrum sakborningum í málinu neituðu þátttökunni. Jóhannes var sýknaður fyrir héraðsdómi.

Einar Þór Sverrisson, lögmaður Jóhannesar, staðfestir að Jóhannes hafi lagt fram kæruna og að kvörtunin verði lögð fram í dag. Hann segir framburð Jóns Geralds hjá lögreglu hafa valdið því að Jóhannes hafi lent í riflega þriggja ára lögreglurannsókn. Það sé alvarlegt og varði allt að tíu ára fangelsi: „Enda er það gríðarlega alvarlegt þegar menn eru dregnir fyrir dóm á grundvelli rangs framburðar.“

Jóhannes vildi ekki tjá sig um málið.

Ákæra nýja Baugsmálsins í nítján liðum verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. apríl. Hún er endurgerð ákærunnar sem Hæstiréttur Íslands vísaði frá dómi 10. október. Jón Gerald bætist við sakborningahópinn en Jóhannes og Kristín dóttir hans verða ekki ákærð að nýju. Sex ákæruliðir eru fyrir Hæstarétti, enginn á hendur Jóhannesi.

Jón Ásgeir Jóhannesson og fyrrum framkvæmdastjóri Baugs Groups, Tryggvi Jónsson, sögðu í yfirlýsingu í byrjun mánaðarins að þeir hefðu ákveðið að leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg vegna málsins. **- gag**



**BJÖRGUNARSVEITARMENN AÐ STÖRFUM** Björgunarsveitir á Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Reyðarfirði komu fljótt á slysstað í gær en í heild tóku um hundrað björgunarsveitarmenn þátt í björgunaraðgerðum. Sex leitarhundar voru notaðir við leit að manninum. MYND/GRÉTA BERGRÚN

Um hundrað björgunarsveitarmenn tóku þátt í leit í Hoffellsdal:

# Ungur maður lést í snjóflóði

**SNJÓFLÓÐ** Tuttugu og fjögurra ára maður lést eftir að hafa lent í snjóflóði í Hofellsdal, skammt frá Fáskrúðsfirði, um sexleytið í gærkvöld. Maðurinn fannst eftir að hafa legið í um tvær stundir í flóðinu. Lífgunartilraunir björgunarmanna báru ekki árangur.

Maðurinn var ásamt félaga sínum á vélsleða þegar flóðið féll. Félagi mannsins náði að bjarga sér undan flóðinu á vélsleðanum en flóðið, sem var breitt og djúpt, hrifsaði manninn og sleða hans með sér.

Björgunarsveitir frá Reyðarfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði voru kallaðar út og komu fyrstu björgunarmennirnir á slysstað upp úr klukkan sjö.

Viðbúnaður lögreglu og björgunarsveita var mikill og rúmlega hundrað björgunarsveitarmenn leituðu mannsins með aðstoð fjögurra leitarhunda sem komu á staðinn með björgunarsveitarmönnum. Björgunarlið og hundar voru einnig sendir frá Reykjavík til Egilsstaða um kvöldmatarleytið en var snúið við á flugvellinum fyrir austan.

Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út fimmtán mínútur fyrir sjö. Áhöfn þyrlunnar mat aðstæður þannig að þyrlan myndi ekki nýtast í verkefnið þar sem nætursjónaukabúnaður var ekki í nothæfu ástandi.

Þyrla Varnarliðsins var því kölluð út rétt fyrir hálf átta en tæpum klukkutíma síðar, skömmu áður en þyrlan var á leið í loftið, var útkallið afturkallað þar sem maðurinn fannst áður en þyrlan fór af stað.

Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. **-mh**

## Sigurskáldið 2006

Átta manna úrslit í ljóðakeppni Fréttablaðsins og Eddu útgáfu hefjast á þriðjudaginn eftir páska en alls bárust fjögur hundruð ljóð í keppnina.



FÓLK 46

## Ljóðaminni



Hvað muna skáldin og hvernig miðla þau minningum sínum í ljóðum? er spurt í ljóðadagskrá helguð minninu í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

MENNING 32

## Um útvarp og sjónvarp

„Það furðar mig þegar forvígismenn einkaframtaksins í ríkisstjórn sem ráða yfir ríkisfyrirtækjum og örlögum þeirra detta í þann pytt að verja fyrirtækin eins og þau væru þeirra eigin,“ segir Valgerður Bjarnadóttir.



Í DAG 20

## Landsliðið í Þýskalandi



Íslenska landsliðið í handbolta dvelur nú í Magdeburg í Þýskalandi í stífum æfingabúðum. Alfreð Gíslason landsliðseinvaldur stefnir á að nýta tímann sinn vel með liðinu.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**ER AÐ SNÚAST** Í dag verður stíf norðanátt á Vestfjörðum, annars heldur hægari vestlæg átt. Norðlæg átt um allt land síðar í dag. Snjókoma eða él norðvestan til og víðar á Norðurlandi í kvöld. Léttir smám saman til syðra. Kólnandi veður.

VEÐUR 4


Íslendingar 25-54 ára

**Meðallestur á viðskiptablöð**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.




**MEÐ FÁNANN Á LOFTI** Janette Dominguez tók þátt í mótmælafundi í Madison í Wisconsin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umdeild innflytjendalöggjöf:

## Mótmælendur fylla göturnar

**BANDARÍKIN, AP** Hundruð þúsunda manna héldu út á götur í stórborgum víða í Bandaríkjunum í gær til þess að mótmæla nýrri innflytjendalöggjöf, sem Bandaríkjaþing hyggst samþykkja.

Mótmælendurnir krefjast þess að innflytjendalöggjöfin geri ólöglegum innflytjendum kleift að setjast að í Bandaríkjunum með löglegum hætti.

Afgreiðsla laganna hefur tafist á þingi vegna djúpstæðs ágreinings þingmanna. **- gb**

Tvísýn kosningaúrslit á Ítalíu:

## Þingið verður varla starfhæft

**ÍTALÍA** Endanleg úrslit úr þingkosningunum á Ítalíu voru ekki ljós á tíunda tímanum í gærkvöldi, þegar Fréttablaðið fór í prentun. Staðan þá benti til þess að Silvio Berlusconi fengi nauman meirihluta í efri deild ítalska þingsins, eða 158 þingsæti á móti 151, en Romano Prodi fengi knappan sigur í neðri deildinni, eða 49,8 prósent atkvæða á móti 49,7 prósentum.

Gífurleg spenna fylgdi talningu atkvæða í gær. Fyrstu útgönguspár bentu til þess að miðju- og vinstriflokkarnir myndu ná meirihluta en þegar leið á kvöldið minnkaði munurinn á milli fylkinganna. **- gb** **/ sjá síðu 4**

Dvalar- og hjúkrunarheimili:

## Boða verkfall og uppsagnir

**KJARAMÁL** Vikulangt setuverkfall, sem hefst eftir sumardaginn fyrsta, er næsta aðgerð í kjarabaráttu starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Ef það dugir ekki til að kröfum þeirra verði mætt er næsta skref fjöldauppsagnir 1. maí.

Þetta var ákveðið á fjölmennum baráttufundi í gær. Í ályktun sem samþykkt var á fundinum segir að ekkert nema breytingar á launakjörum geti stöðvað aðgerðir starfsmanna. Því var fagnað að samninganefndir hefðu komið saman í gær en það væri aðeins lítið skref í rétta átt. **- shá** **/ sjá síðu 6**



## SPURNING DAGSINS

*Sölvi, er tími til að reykja friðarpípu?*

Nei, ég get ekki séð að málinu sé lokið. Fjárhagslegt tjón mitt af fimm ára banni við sýnileika vöru er stjórnarskrárbrot.

Sölvi Óskarsson, kaupmaður í tóbaksversluninni Björk, vann í liðinni viku mál sem hann höfðaði fyrir fimm árum gegn ríkinu eftir að bannað var með lögum að hafa tóbak sýnilegt í verslunum.

Gunnar Ingi Gunnarsson læknir segir innkaup á lyfjum vega þungt í neyðaráætlun gegn almannavá:

# Neyðaráætlun kostar hundruð milljóna

**HEILBRIGÐISMÁL** Viðbragðs- og neyðaráætlun sem er í burðarliðnum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins mun kosta hundruð milljóna króna, ef vandað verður til hennar svo sem kostur er, að sögn Gunnars Inga Gunnarssonar yfirlæknis Heilsugæslunnar í Árbæ. Kostnaðurinn felst meðal annars í innkaupum á hlífðarfatnaði, lyfjum og öðrum búnaði.

Gunnar Ingi kynnti hugmyndir að áætluninni, sem hópur heilsugæslustarfsfólks hefur unnið, á fundi nýverið. „Ég hef sjálfur gengið með það í maganum í nokkur ár að setja þurfi upp almannavarnakerfi innan heilbrigðisþjónustunnar,“ segir Gunnar Ingi. „Þegar umræðan um fuglaflensuna fór af stað þá vaknaði sú staðreynd til lífsins, að frumheilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu á sér ekkert slíkt heilbrigðiskerfi.“ Hann segir að virkt viðbúnaðar- og varnarkerfi sé ómetanlegt. „Í fyrsta lagi er það allt annað fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni að vita af því, ef til kastanna kemur, að búið sé að vinna að viðbragðsáætlun og ákveða með hvaða hætti skuli á málum tekið. Þegar maður les erlend læknatímarit og fjölmiðlaumræðuna, til að mynda um flóðin í New Orleans, heyrast gagnrýnisraddir sem snúa að því að menn hafa verið illa undirbúnir þegar hamfarirnar skullu á. Þegar við vinnum með okkar viðbragðsáætlun, þá stillir það saman strengina, kennir okkur að hugsa með svipuðum hætti og búa okkur undir mjög erfitt hlutverk.“



**GUNNAR INGI GUNNARSSON** Yfirlæknirinn kveðst fremur líta á þá fjármuni, er neyðaráætlunin kostar, sem fjárfestingu heldur en kostnað.

Spurður nánar um kostnað við áætlunina segir Gunnar Ingi, að verði staðið að undirbúningi með sóma þá sé það dýrt. Sá kostnaður sé hins vegar afstæður.

„Mesti kostnaður varðandi almannavá er sá kostnaður sem fylgir óundirbúinni þjóð í slíkum hörmungum. Eftir því sem fólk er tilbúið að leggja í varnir og viðbrögð, þeim mun meiri líkur eru á að hægt sé að verja þjóðina gegn ómældu tjóni.“ **- jss**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands:

## Sigurður Kári vill einkavæða

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra aftók á Alþingi í gær að til greina hefði komið að einkavæða Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun iðnaðarins við smíði frumvarps um Nýsköpunarmiðstöð Íslands.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, lýsti efasemdum um þá ráðstöfun að sameina áðurgreindar stofnanir Byggðastofnun þegar Valgerður fylgdi frumvarpinu úr hlaði á Alþingi í gær. Hann taldi heppilegra að einkavæða stofnanirnar. Miklar efasemdir eru um frumvarpið í röðum stjórnarandstöðunnar. **- jh**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur á stofnbrautum** Lögreglan heldur áfram hraðamælingum á stofnbrautum Reykjavíkur og seinustu helgi voru 62 ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur. Þar af voru 43 á yfir 100 kílómetra hraða á klukkustund.

### LANDHELGISGÆSLAN

**Ljósleiðari bilar** Fjarskipti rofnuðu við öll skip fyrir norðan land er ljósleiðari bilaði klukkan tíu í gærmorgun. Sambandið komst aftur á um hálf sjöleytið í gærkvöldi. Hjalti Sæmundsson, aðalvarðstjóri Landhelgisgæslunnar, segir fjölmiðlana hafa verið notaða til að koma á upplýsingum til skipstjórnanna. Ekkert hafi hent þann tíma sem sambandslaust var.

### DANMÖRK

**Fresta opnun Tívolíhringekju** Opnun nýrrar hringekju í Tívolí í Kaupmannahöfn, sem sögð er sú hæsta í heimi, hefur verið frestað um hálfan mánuð vegna seinbúinnar vorkomu. Til stóð að nýja hringekjan, sem mun geta þeytt gestum í allt að 70 m hæð á allt að 70 km hraða á klukkustund, yrði opnuð um leið og Tívolí á skírdag, en því hefur nú verið frestað til 24. apríl.

# Segja verðbólguna fara hratt vaxandi

**Hagfræðingur ASÍ býst við að verðbólgan verði yfir fimm prósentum þegar verðbólgumæling Hagstofunnar verður kunngjörð á morgun. Ríkið þarf að koma með trúverðuga efnahagsstefnu til að slá á verðbólguna.**

**EFNAHAGSMÁL** Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambandsins, gerir ráð fyrir því að verðbólgan síðustu tólf mánuði mælist há, jafnvel yfir fimm prósentum, þegar hún verður kynnt á morgun. Hann segir að allt bendi til þess að verðbólgan fari hratt vaxandi á næstu misserum vegna þenslu og ójafnvægis í hagkerfinu.

Seinni endurskoðun fjögurra ára kjarasamninga á vinnumarkaði fer fram um miðjan nóvember. Ólafur Darri segir of snemmt að spá um hvað gerist þá en ljóst sé að kjarasamningar séu í mikilli óvissu þegar líður á árið ef verðbólguspár gangi eftir.

Almennar launahækkanir í kjarasamningum voru 2,5 prósent í janúar. Ólafur Darri segir að kaupmáttur kjarasamninga sé farinn fyrir lítið ef verðbólga verði fimm prósent.



**GYLFI MAGNÚSSON**



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON**



„Aðalatriðið er að tryggja að kjarasamningar haldi. Í fyrri endurskoðun var verðbólguforsendan brostin. Með endurskoðuninni reyndum við að leggja okkar af mörkum til að byggja upp stöðugleika. Því miður virðist það ekki hafa tekist,“ segir hann.

Gengið hefur verið að veikjast á skömmum tíma og eldsneytishækkanir og aðrar verðhækkanir hafa verið að seytla út í verðlagið. Ólafur Darri segir að takist að koma með trúverðuga efnahagsstefnu og efla þannig trú á efnahagsstjórnina þá muni það slá á verðbólguna.

Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að engan sérfræðing þurfi til að sjá að verðbólguskot sé óhjákvæmilegt þegar krónan falli jafn mikið og raun beri vitni þótt ekki sé nema vegna þess að innfluttar vörur hækki og verðbólga verði yfir þeim mörkum sem Seðlabankinn stefni að.

Haft var eftir Davíð Oddsson seðlabankastjóra á Bloomberg News í gærmorgun að methækkanir gætu orðið á stýrivöxtum, jafnvel upp í allt að 16 prósentum til að koma í veg fyrir verðhækkanir.

Stýrivextir voru hækkaðir í 11,50 prósent í lok mars og á Gylfi ekki von á öðru en að þeir fari hækkandi fyrst verðbólgan er á siglingu yfir þeim mörkum sem bankinn stefnir að. Ekkert þak sé á það hvað stýrivextir geti orðið háir „ef vilji Seðlabankans er til þess að beita þessu vopni á mjög harkalegan hátt. Það eru ýmis fordæmi þess frá útlöndum að stýrivextir verði afar háir en það hefur yfirleitt verið í tengslum við að verja gengi gjaldmiðils. Hér er ekki stefnan að halda gengi krónunnar föstu heldur að halda verðbólgunni innan ásættanlegra marka.“ **ghs@frettabladid.is**




Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Kókaínsmyglari í farbanni

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem var tekinn með tæplega 700 grömm af kókaíni í fartölvu, er laus úr gæsluvarðhaldi. Hann hefur hins vegar verið úrskurðaður í farbann til 5. maí af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Maðurinn var handtekinn sunnudaginn 26. mars á Keflavíkurflugvelli við komuna til landsins frá Bandaríkjunum. Í fartölvu sem hann var með fannst ofangreint magn af fíkniefninu. Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. apríl, en sætir nú farbanni, eins og áður sagði. **- jss**

Mannránið í Garðinum:

## Óljós ástæða mannránsins

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Keflavík er enn að rannsaka árás á Kristin Ólafsson, mann á sextugsaldri sem býr í Garðinum, en fjórir menn réðust á hann á heimili hans og höfðu hann á brott með sér, eftir að hafa gengið í skrokk á honum. Kristinn lá í farangursgeymslu bifreiðar mannanna í sjö tíma áður en hann komst út úr bílnum við illan leik við bæinn Múla í Biskupstungum.

Lögreglan hefur yfirheyrt fyrrverandi sambýliskonu mannsins auk sambýlismanns hennar og móður.

Karl Hermannsson, yfirlögregluþjónn í Keflavík, segir enn óljóst hvers vegna ráðist var á Kristin. „Við erum enn að leita upplýsinga sem varpa ljósi á það hvers vegna ráðist var á Kristin.“ **-mh**

### HÉRAÐSDÓMUR

**Veskisþjófur dæmdur** Maður á þrítugsaldri var í gær dæmdur til eins og hálfs árs fangelsis óskilorðsbundið fyrir að hafa stolið seðlaveski. Með brotinu rauf hann skilorð.

BÍLL DAGSINS
CADILLAC SRX V8 AWD
Nýskr 11.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 29 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

Námsmenn í Frakklandi mótmæla áfram þrátt fyrir „sigur“:

# Vinnulöggjöfin afturkölluð

**PARÍS, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti lét í gær undan látlausum mótmælum námsmanna og verkalýðsfélaga gegn vinnulöggjöfinni, sem átti að draga úr atvinnuleysi ungs fólks með því að gera atvinnurekendum auðveldara að reka ungt fólk úr starfi.

Hann sagði að lögin yrðu felld niður en í staðinn kæmu önnur lög þar sem athyglinni yrði einkum beint að ungmennum sem eiga við erfiðleika að stríða.

Í yfirlýsingu frá Chirac segist hann hafa tekið þessa ákvörðun að ráði Dominique de Villepin forsætisráðherra, en þessi stefnubreyting er engu að síður verulegt áfall fyrir forsætisráðherrann sem hafði lagt mikla áherslu á að koma í gegn þessum breytingum á vinnulöggjöfinni.



**DOMINIQUE DE VILLEPIN** Ákvörðun Chiracs Frakklandsforseta er áfall fyrir Villepin forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Takmarkinu er náð,“ sagði verkalýðsleiðtoginn Jean-Claude Mailly, sem sagði fyrri áform stjórnvalda nú vera „dauð og grafin“.

Samtök stúdenta og framhaldsskólanema ætla engu að síður að halda áfram að efna til mótmælaaðgerða til þess að halda stjórnvöldum við efnið á meðan þau bræða með sér hvað eigi að koma í staðinn fyrir þessi lög. Þau hafa boðað til útifunda í París og víðar í Frakklandi í dag. **- gb**

# VAXTAHRUN!

# 3.19%

## LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

**Léttari greiðslubyrði:**

**MMC Pajero Sport**
árg. 04 ek. 54.000
verð 2.600.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ 2.330.000 kr.**
afb. í 78 mán. 33.213 kr.

**VW Touran Basicline 1,6**
árg. 05 ek. 16.000
verð 2.490.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ 2.190.000 kr.**
afb. í 84 mán. 29.191 kr.

**Opel Astra**
árg. 99 ek. 127.000
verð 530.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ 350.000 kr.**
afb. í 24 mán. 15.127 kr.

**Dodge Grand Caravan**
árg. 04 ek. 39.000
verð 2.690.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ 2.250.000 kr.**
afb. í 78 mán. 32.007 kr.

**VW Caddy 1,4**
árg. 02 ek. 53.200
verð 820.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ 470.000 kr.**
afb. í 48 mán. 10.525 kr.

**VW Caddy 1,6**
árg. 00 ek. 90.000
verð 540.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ 290.000 kr.**
afb. í 36 mán. 8.504 kr.

Vaxtahrun Bílaþings Heklu Klettjhálsi, Laugavegi og hjá umboðsmönnum um land allt.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.

*Miðað við gengistryggðan bílasamning. Vextir háðir breytingum á Libor.

**ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA**

**ALLT AÐ 100% LÁNSFJÁRMÖGNUN**

**TILBOÐ á völdum bílum**

HEKLA
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*
Klettjhálsi 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.4.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,19 | 73,53 |
| Sterlingspund | 127,77 | 128,08 |
| Evra | 88,63 | 89,13 |
| Dönsk króna | 11,876 | 11,946 |
| Norsk króna | 11,256 | 11,322 |
| Sænsk króna | 9,457 | 9,513 |
| Japanskt jen | 0,6174 | 0,621 |
| SDR | 105,45 | 106,07 |

*Gengisvísitala krónunnar*

123,9253

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungt par hætt komið eftir að ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Geirsnefi:

# Ökuferðinni lauk úti í sjó

**LÖGREGLUMÁL** Ungur ökumaður missti stjórn á bifreið sinni um helgina, með þeim afleiðingum að hún fór fram af Geirsnefi og lenti á hvolfi í voginum. Pilturinn og stúlka, sem var með honum í bílnum, komust af sjálfsdáðum út úr honum og voru flutt á slysa- og bráðadeild Landspítalans til aðhlynningar.

Það var á sjötta tímanum síðdegis á sunnudag að lögreglunni í Reykjavík barst tilkynning um að bíll væri í sjónum út af Geirsnefi. Þegar lögreglan kom á vettvang hafði fólkið sem var í bílnum komist út úr honum og kraflað sig í land. Um var að ræða pilt og stúlku undir tvítugu. Þau voru orðin köld og hrakin og voru flutt með sjúkrabíl á slysadeildina. Meiðsli þeirra reyndust vera minni háttar. Þá fékk lögreglan kranabíl til að ná ökutækinu upp úr voginum.

Tildrög slyssins eru í rannsókn hjá Lögreglunni í Reykjavík, en nokkuð ljóst þykir af verksummerkjum að bíllinn, sem var japanskur fólksbíll, hafi verið á allmikilli ferð þegar slysið varð. **- jss**



**GEIRSNEF** Bíllinn lenti úti í sjó eftir að ökumaður hans hafði misst vald á honum í ökuferð á Geirsnefi.

Hornafjörður og Eyjar:

# Vilja sameina tvo sparisjóði

**SPARISJÓÐIR** Stefnt er að því að sameina Sparisjóð Hornafjarðar og nágrennis og Sparisjóð Vestmannaeyja en stjórnarformaður beggja sparisjóðanna er Þór Vilhjálmsson.

Þór segir starfsemi sjóðanna fara vel saman. „Sparisjóður Vestmannaeyja er orðinn ríkjandi í Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis. Við teljum það vera í anda þess sem við höfum verið að gera, að sameina sjóðina. Við höfum verið að útvíkka okkar starfsemi og við teljum það vera gæfuspor að sameina sjóðina.“

Aðalfundur Sparisjóðsins í Vestmannaeyjum verður haldinn í næsta mánuði. **-mh**



**MÓTMÆLI** Vinstrisinnaður mótmælandi stöðvaður af herlögreglu í Katmandú í Nepal í gær.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir í Nepal:

# Konungi enn mótmælt

**NEPAL, AP** Lögregla skaut gúmmíkúlum á andstæðinga konungsins í Nepal í gær, þegar til átaka kom enn á ný á milli mótmælenda og herlögreglu. Jafnframt notaði hún táragas til að dreifa mannfjöldanum og barði suma með prikum.

Þó héldu flestir íbúar Katmandú sig heima við mestallan daginn í gær, því útgöngubann ríkti í borginni þriðja daginn í röð. Þegar því var lyft í örfáar klukkustundir flykktist fólk út á götur og markaði til að ná sér í nauðsynjavörur.

Gyandendra konungur tók sér einræði fyrir ári síðan, og hefur óánægja landsmanna með hann og stjórn hans farið vaxandi æ síðan. **- smk**

Forseti Venesúela:

# Hótar að reka sendiherra

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, hótaði bandaríska sendiherranum í Venesúela að hann yrði gerður brottrækur úr landinu, færi hann ekki að settum reglum og hætti að ögra Venesúelamönnum.

William Brownfield og fylgismenn hans lentu í útistöðum við andstæðinga Bandaríkjanna á föstudag, þegar hann fór inn í fátækrahverfi til að gefa börnum bolta. Íbúar hentu eggjum og tómötum í bílalest hans.

Chavez sagði Brownfield ekki hafa farið að settum reglum með að tilkynna um ferðir sínar. **- smk**

# Tvísýn úrslit á Ítalíu

**Gífurleg spenna ríkti á Ítalíu í gærkvöldi þegar talið var upp úr kjörkössunum. Stjórnmálaskýrendur telja að næsta ríkisstjórn landsins verði ekki langlíf.**

**ÍTALÍA** Úrslit kosninganna á Ítalíu benda til þess að næsta ríkisstjórn verði býsna völt á fótunum. Á tíunda tímanum í gærkvöldi virtust Romano Prodi og bandalag vinstri flokkanna ætla að vinna afar nauman sigur í fulltrúadeildinni, en Silvio Berlusconi og hægri flokkarnir virtust ætla að ná meirihluta í öldungadeildinni. Endanleg úrslit verða vart ljós fyrr en í dag.

Æsispennandi mjótt var á mununum í gærkvöldi því báðar fylkingar höfðu hlotið tæplega 50 prósent í báðum þingdeildum og óvíst hvernig endanleg úrslit yrðu, ekki síst þar sem talningu utanlandsatkvæða var ekki lokið. Sex þingsæti í öldungadeildinni og tólf í fulltrúadeildinni eru kosin af Ítölum sem búsettir eru erlendis, en þeir eru um það bil þrjár milljónir talsins. Allt benti til þess í gærkvöldi að atkvæði þeirra yrðu frekar Prodi í hag en Berlusconi.

Nýtt kosningafyrirkomulag, sem Berlusconi fékk þingið til að samþykkja í desember síðastliðnum, flækir enn fremur úrslitin því ekki er víst að þingsæti verði í beinu hlutfalli við atkvæðamagn. Báðar fylkingarnar höfðu lýst því yfir fyrir kosningar að næði hvorug þeirra meirihluta í báðum þingdeildum verði að efna til nýrra kosninga sem fyrst, enda þarf meirihluta í báðum þingdeildum til þess að samþykkja lagafrumvörp.

Útgönguspár höfðu fyrr um daginn bent til þess að Prodi hefði nauman sigur, bæði í fulltrúadeildinni og öldungadeildinni, en eftir því sem leið á daginn minnkaði munurinn milli fylkinganna. Um kvöldið leit jafnvel út fyrir að Berlusconi myndi fara með sigur af hólmi.

Kosningaþátttakan var heldur meiri en í síðustu þingkosningum. Nú var hún 83,6 prósent en var 81,4 prósent árið 2001.

Kosningabaráttan snerist á lokasprettinum mest um persónu Berlusconis, sem lét ýmsar skrautlegar yfirlýsingar flakka og virtist æ skapstirðari eftir því sem nær dró kosningunum. Hann líkti sjálfum sér við bæði Jesú Krist og Napóleon og sagði alla kjósendur, sem ekki greiddu honum atkvæði sitt, vera fífl.

Hvað málefni snertir hafði gagnrýni á stjórn Berlusconis ekki síst beinst að efnahagsmálum, en þessum ríkasta manni Ítalíu hafði ekki tekist að koma skriði á efnahagslíf landsins á kjörtímabili sínu og hagvöxtur árið 2005 mældist núll prósent.

Honum hafði þó tekist að halda ríkisstjórn sinni við völd í heilt kjörtímabil, en svo langlíf hefur engin önnur ríkisstjórn verið í gjörvallri sögu Ítalíu frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Víst er að sigurvegarinn á erfiða tíma í vændum. Romano Prodi er leiðtogi í bandalagi vinstri- og miðjuflokka, sem margir hverjir eiga fátt sameiginlegt. Þar innanborðs eru til dæmis bæði Nýi kommúnistaflokkurinn, sem svo heitir, og gamli ítalski Kommúnistaflokkurinn, sem á sínum tíma varð fyrri stjórn Romanos að falli. **gudsteinn@frettabladid.is**



**MILLI VONAR OG ÓTTA** Spennan var nánast óbærileg þar sem stuðningsmenn Prodis biðu frétta af talningu atkvæða í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BARIST UM BJÖLLUNA** Gangaslagurinn hefur verið árlegur viðburður í Menntaskólanum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Gangaslagur MR úr böndum:

# Stúlka missti meðvitund

**ÓHAPP** Stúlka missti meðvitund þegar hún tróðst undir í gangaslag Menntaskólans í Reykjavík í síðustu viku. Var slagurinn samstundis stöðvaður og kallaður til sjúkrabíll en stúlkan jafnaði sig fljótt.

Gangaslagurinn er árlegur viðburður og fer þannig fram að elstubekkingar reyna að brjótast í gegnum þvögu yngri nemenda og hringja skólabjöllunni.

Yngvi Pétursson, rektor skólans, segir að endurskoða þurfi þessa hefð en gat ekki svarað því að svo stöddu hvort slagurinn yrði lagður niður. **- eö**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fólk undir aldri á krám** Ungmennum var vísað út af fimm veitingahúsum um helgina vegna þess að þau höfðu ekki aldur til að sækja vínveitingahús. Það voru óeinkennisklæddir lögreglumenn ásamt starfsmönnum íþrótta- og tómstundaráðs sem sinntu eftirliti á 21 veitingahúsi í borginni.

## STJÓRNMÁL

**Skoski þingforsetinn til Íslands** Forseti skoska þingsins kemur í opinbera heimsókn til Íslands í boði Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis, dagana 10. til 13. apríl. Í för með honum verður sjö manna sendinefnd þingmanna og embættismanna.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NORÐANÁTTIR Á NÝ**
Hann er að snúa sér í norðlægar áttir á nýjan leik eftir um 2ja daga hlé. Samfara þessu kólnar á landinu norðanverðu en sunnan til hangir hann yfir frostmarki.

**PÁSKAHELGIN**
Sé litið heildrænt yfir hlutina eru norðlægar áttir líklegastar með éljagangi norðan til en nokkuð björtu veðri syðra. Hiti verður 0-5 stig, kaldast nyrst.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Norðvestan 8-13 m/s. Skúrir í fyrstu en síðan úrkomulítið. Hiti 1-4 stig, kaldast í kvöld.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C hálfskýjað | París | 9°C hálfskýjað | Alicante | 21°C léttskýjað |
| Osló | 3°C alskýjað | Berlín | 9°C hálfskýjað | Mílano | 9°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C hálfskýjað | Frankfurt | 6 °C hálfskýjað | New York | 19°C léttskýjað |
| Helsinki | 1°C alskýjað | Madríd | 16°C hálfskýjað | San Francisco | 14°C rigning |
| London | 10°C skýjað-skúr | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 26°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Við erum klár í páskana




Þarf ekki að sjóða!
Aðeins 90 mín. í ofni!

## Hamborgarhryggur Hagkaupa

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma
- **þetta er besti hryggur sem þeir hafa smakkað!**


Lollo Rosso salat


Eikarlauf salat


Frisse salat


Romain salat


Lamba salat


Pak Soy salat


Grand salat



**Jói Fel** eðal ísterta
- með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni


**Kalkúnaskip** smjörsprautað
- spennandi um páskana



**Nautalundir** frá Nýja Sjálandi, frosnar
- frábær matur um páskana


Bláber


Trönuber


Rifsber


Kiwiber


Blæjuber


Hindber


Brómber

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Þekkirðu einhvern sem þú telur að eigi við spilafíkn að stríða?*

| | |
|---|---|
| Já | 46,1% |
| Nei | 53,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu að sækja kirkju um páskana?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Fyrri umferð þingkosninga í Ungverjalandi:

# Stjórnin virðist halda velli

**UNGVERJALAND, AP** Lítill hægriflokkur, sem rétt svo fékk nægt fylgi til að fá úthlutað þingsætum í fyrri umferð þingkosninga í Ungverjalandi á sunnudag, kann að hafa það í hendi sér hvort miðjuvinstristjórnin sem haldið hefur um stjórntaumana undanfarið kjörtímabil geri það einnig á því sem nú er að hefjast.

Ungverski lýðræðisvettvangurinn, MDF, hefur neitað að heita miðju-hægriflokknum Fidesz, forystuflokki núverandi stjórnarandstöðu, stuðningi ef flokkarnir tveir skyldu geta myndað meirihluta eftir síðari umferð kosninganna. Þetta eykur líkurnar á að sósíalistar haldi völdum.



**GYURCZANY FAGNAR** Ferenc Gyurcsany forsætisráðherra (í miðju) fagnar úrslitunum ásamt eiginkonunni Klöru Dobrev og flokksleiðtoganum Istvan Hiller í höfuðstöðvum sósíalistaflokksins í Búdapest. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjörstjórn greindi frá því í gær að sósíalistar og samstarfsflokkurinn Bandalag frjálsra demókrata hefðu samtals fengið 113 þingmenn kjörna í fyrri umferðinni en Fidesz 97 og MDF tvo.

Þar sem 174 þingsæti eru enn til skiptanna í síðari umferð kosninganna, sem fram fer 23. apríl, virðast úrslitin hvergi nærri ráðin enn. En þar sem forystumenn MDF hafa neitað að eiga samvinnu við Fidesz í síðari umferðinni, ólíkt sósíalistum og samstarfsflokki þeirra, eykur það líkurnar á að miðju-vinstristjórnin haldi velli. Ibolya David, leiðtogi MDF, sagði að flokkur hennar vildi ekki aðstoða Viktor Orban, leiðtoga Fidesz, að komast aftur í forsætisráðherrastól. Það gerði hann á tímabilinu 1998-2002. - aa

Slys norðan við Gæsafjöll:

# Ók vélsleða ofan í sprungu

**SLYS** Maður slasaðist á öxl þegar hann keyrði snjósleða sínum ofan í fjögurra metra djúpa sprungu norðan við Gæsafjöll í gær. Betur fór en á horfðist að sögn lögreglunnar á Húsavík þar sem ökumaður sleðans hafnaði á sprungubarminum og féll ekki með sleðanum niður í sprunguna.

Tilkynnt var um slysið rétt um klukkan þrjú í gær og voru björgunarsveitarmenn á jeppa frá Húsavík og vélsleðum frá Aðaldal komnir á staðinn um hálf fimm. Komið var með hinn slasaða á sjúkrahúsið á Húsavík á sjötta tímanum. - shá

Gistiheimili / Hótel
á höfuðborgarsvæðinu óskast !
- Allt að 30 herbergi
- Allar hugmyndir skoðaðar
Upplýsingar gefur Gunnar
hjá REMAX Heimili og Skip
Sími: 4-200-800
Gsm: 844-0040



Gunnar Björn
Sölufulltrúi



Anna Linda Bjarnadóttir
hdl.lögg.fasteignasali
RE/MAX





Aðeins 2 klst. flug í beinu leiguflugi með Loftleiðum Icelandic.
Ekta kráarstemmning, freyðandi Guinness og frábærar verslanir.
Spáð er mildu og björtu veðri í Dublin um páskana.



Verð frá:
49.240* kr.
Netverð í tvíbýli á Hótel Burlington.
Verð á flugsæti:
29.900 kr.
* Innifalið: Flug, flugvallarskattur, gisting með morgunverði í 3 nætur og íslensk fararstjórn.
VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?
Tryggðu þér bestu kjörin og bókaðu strax.
www.urvalutsyn.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 32204 04/2006

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið



**FRÁ BARÁTTUFUNDI** Á annað hundrað konur mættu á fundinn í gær og baráttuandi þeirra duldist engum. Þær ætla að halda aðgerðum sínum áfram þangað til árangur næst. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Setuverkfall í viku er næsta aðgerð

**Starfsfólk boðar fjöldauppsagnir 1. maí ef kröfum þeirra verður ekki mætt. Guðjón A. Kristjánsson segir að ríkisstjórninni hafi þráfaldlega verið bent á vanda hjúkrunarheimila við fjárlagagerð en fellt tillögur til lausnar á vandanum.**

**KJARAMÁL** Vikulangt setuverkfall verður næsta skref í kjarabaráttu sérhæfðs starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum og hefst eftir sumardaginn fyrsta. Að setuverkfallinu loknu munu fylgja fjöldauppsagnir 1. maí ef kröfum um launajöfnuð við starfsmenn sveitarfélaganna verður ekki mætt.

Þetta er niðurstaða baráttufundar sem haldinn var í gær til að undirbúa næstu skref í kjarabaráttu sem hófst með sólarhrings setuverkfalli í mars. Nýlokið er tveggja sólarhringa setuverkfalli þessa hóps sem nær til á annað þúsund starfsmanna á tíu stofnunum. Verkfallið verður með sama sniði og fyrr og aðeins brýnustu þörfum vistmanna sinnt.

Samninganefndir Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Eflingar hittust einnig í gær og var því fagnað á starfsmannafundinum að samráð væri hafið á milli þeirra sem að kjarasamningum þeirra koma. Það var þó engan veginn talin næg ástæða til að hætta aðgerðum og voru sumir fundarmenn á því að fjöldauppsagnir væru besta vopnið og þeim ætti að beita strax.

Á Alþingi í gær lýsti Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra miklum áhyggjum af deilunni og kvaðst vonast til að fulltrúar hjúkrunarstofnana og Eflingar gætu leyst deiluna á fundum sínum á næstunni, þrátt fyrir að deilan væri mjög snúin.

Guðjón A. Kristjánsson, Frjálslynda flokknum, benti á að stjórnvöld hefðu ekki tekið mið af vandanum þótt þeim hefði verið bent þráfaldlega á hann við gerð fjárlaganna. Hann vísaði til álits minnihluta fjárlaganefndar í desember og þar hefði beinlínis verið lögð fram tillaga um viðbótarfé en henni verið hafnað af stjórnvöldum.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Samfylkingunni, sagði frammistöðu ríkisstjórnarinnar vanvirðingu við aldraða og laun eitt þúsund kvenna með 100 til 120 þúsund krónur á mánuði væri þjóðarskömm.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra lagði áherslu á að samningafundir væru hafnir; það hlyti að vera fyrsta skref. Hann sagði að erfitt hefði reynst að leiðrétta lægstu launin þar sem aðrir hópar hneigðust til að koma í kjölfar þeirra og gera aðrar eins kröfur.

svavar@frettabladid.is /johannh@frettabladid.is

Lögreglan í Borgarnesi lagði hald á mikið magn fíkniefna:

# 228 kannabisplöntur fundust

**FÍKNIEFNI** Lögreglan í Borgarnesi lagði hald á 228 kannabisplöntur á sveitabæ á Mýrum í Borgarbyggð um helgina. Einn maður var handtekinn og færður til yfirheyrslu. Honum var sleppt að þeim loknum. Málið telst upplýst.

Theodór Þórðarson, varðstjóri í lögreglunni í Borgarnesi, segir vísbendingar um kannabisræktunina hafa borist lögreglu frá fólki sem leið átti fram hjá bænum. „Okkur bárust ábendingar um að það væri kannabisræktun á þessum slóðum. Sem betur fer berast okkur oft ábendingar um fíkniefnamál og í þetta skiptið leiddu þær til þess að við létum til skarar skríða.“

Auk kannabisplantnanna var lagt hald á þurrkuð kannabislauf og stöngla og ýmsan búnað til ræktunarinnar, svo sem lampa, hitagjafa, viftur og loftræstibúnað. Var ræktunin á ýmsum stigum en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Borgarnesi þykir ljóst að hún hafi staðið yfir í nokkurn tíma.

Um helgina komu upp þrjú önnur smærri fíkniefnamál hjá lögreglunni í Borgarnesi sem tengjast ekki ræktunarmálinu. Þau eru öll að fullu upplýst. - mh



**PLÖNTURNAR SEM FUNDUST** Hér sjást plönturnar sem lögreglan lagði hald á við húsleit á bæ í Borgarbyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/THEODÓR

# Gleðilega páska!



SPARIÐ 2.470,-

**„ELISE" BORÐ + 4 „CRUISE" STÓLAR**
Sporöskjulaga garðborð úr plasti. Stærð 90x140 sm. Stólarnir eru með stillanlegu baki. Borð **2.500,-** Stóll **1.990,-** Einnig fáanlegt í grænum lit.

BORÐ + 4 STÓLAR
**9.990,-**



SPARIÐ 1.000,-

ÁÐUR 4.990,-
**3.990,-**

**FERÐA-TÖSKUSETT**
Þrjár mjög góðar ferðatöskur saman í einu setti á frábæru verði. Allar töskurnar eru með löngu og góðu handfangi. Flottar í páskafríið!



**1.990,-**

**REGNGALLAR**
Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu og vönduðu regngöllum. Nú fást þeir einnig með Bratz eða Spiderman mynd. Smekkbuxur með góðum smellum og endurskinsborða. Regnjakkinn er með sterkum rennilás.



SPARIÐ 3.000,-

ÁÐUR 5.990,-
**2.990,-**

**„HØIE SATIN" SÆNG**
Hlý og góð thermosæng fyllt með 1400 gr. af sílikonhúðuðum polyester holtrefjum. Stærð 135 x 200 sm. Verið er úr 100% bómullarsatín. Frábært fermingartilboð!

**„GOOD NIGHT SLEEP"**
Virkilega góð og vönduð miðlungsstíf dýna með sterkri kantstyrkingu allan hringinn. 10 sm yfirdýna sem er saumuð á með eggjabakka-svampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester.



SPARIÐ 15.000,-

Good Night Sleep

VERÐ ÁÐUR 59.900,-
**44.900,-**



6 STK.
**399,-**

**PÁSKAKERTI**
Skemmtileg, gul páskakerti í eggjabakka á góðu verði.



**199,-**

**GRILL-BURSTI**
Góður grillbursti með löngu skafti, járnburstum, sköfu og grófum svampi. Nú er rétti tíminn til að taka grillið í gegn fyrir sumarið.



**„JUMBO" KASSI MEÐ LOKI**
Góður 30 ltr. plastkassi með fínu loki. Stærð 45 x 34,5 x 25 sm.

**590,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



DISKAMOTTA
**399,-**

**SKEMMTILEG PÁSKALÍNA**
Diskamotta, verð aðeins **399,-** Löber 40x100 sm, verð aðeins **790,-** Dúkur 85x85 sm, verð aðeins **1.290,-** Brauðkarfa, verð aðeins **499,-**



## VEISTU SVARIÐ

1 *Starfsmannastjóri Dicks Cheney, varaforseta Bandaríkjanna sagði nýverið af sér. Hvað heitir hann?*

2 *Hver er forsætisráðherra Frakklands?*

3 *Hvaða íslenska fimleikakona vann til tveggja gullverðlauna á Norðurlandameistaramótinu í fimleikum?*

SVÖR Á BLS. 46

Félagsbústaðir hf. dreifa félagslegu húsnæði um borgina:

# Selja 20 íbúðir í Fannarfelli

**FÉLAGSBÚSTAÐIR** Forráðamenn Félagsbústaða hf. hafa tekið ákvörðun um að selja allar íbúðirnar, tuttugu talsins, í tveimur stigahúsum að Fannarfelli númer 2 og 4 í Efra-Breiðholti og kaupa jafn margar í öðrum hverfum borgarinnar.

Salan er liður í því að jafna fjölda félagslegs leiguhúsnæðis í hverfum borgarinnar, að sögn Láru Þorsteinsdóttur fjárreiðustjóra Félagsbústaða. Félagsbústaðir hf. eiga í dag um 1.740 íbúðir víðs vegar um borgina en þar af eru flestar íbúðirnar í Efra-Breiðholti, póstþverfi 111, eða 20 prósent. Til samanburðar er þetta hlutfall í hverfunum 101, 104 og 105 12-13 prósent en í öðrum hverfum lægra, eða 10-12 prósent.

Í Fellahverfi eru 196 félagslegar leiguíbúðir á tiltölulega litlu svæði en þær voru byggðar árið 1973 sem hluti af átaki Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar um fjölgun félagslegra íbúða. Áætlað er að íbúðirnar fari í sölu í sumar eða haust, að sögn Láru en þá hafa leigjendur íbúðanna flutt í aðrar íbúðir á vegum Félagsbústaða. Ef vel tekst til er fyrirhugað að halda áfram á þessari braut á næstu árum. *- jss*



**FANNARFELL** Samtals 20 íbúðir í tveim stigahúsum verða seldar á almennum markaði.

Tíðniheimildir auglýstar:

## ADSL verði á öllu landinu

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur auglýst eftir umsóknum frá fyrirtækjum um heimild til að nota tíðnir fyrir háhraða aðgangsnet. Samkvæmt markmiðum fjarskiptaáætlunar samgönguráðherra, sem samþykkt var á Alþingi í fyrra, er gert ráð fyrir að allir landsmenn njóti háhraðatengingar fyrir lok ársins 2007.

Er aðallega um að ræða byggðir sem ekki hafa til þessa notið ADSL-háhraðatengingar og gera má ráð fyrir að fámennustu byggðir falli utan áhugasviðs umræddra fyrirtækja. Mun Fjarskiptasjóður sinna uppbyggingu háhraðatenginga á þeim svæðum. *- sdg*








**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Halldór ræddi um öryggis- og varnarmál Íslands á fundi í Háskólanum í gær. Hann telur samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda hafa skaðast varanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ísland færist nær Evrópu

**Forsætisráðherra segir samskiptin milli bandarískra og íslenskra stjórnvalda hafa skaðast varanlega. Íslensk stjórnvöld gera kröfu um að hér á landi verði haldið uppi trúverðugum loftvörnum, segir Halldór.**

**VARNARMÁL** „Þessi tímamót færa Ísland fjær Bandaríkjunum og nær Evrópu,“ sagði Halldór Ásgrímsson um þá ákvörðun bandarískra stjórnvalda að kalla Varnarliðið heim frá Íslandi. Halldór fjallaði um öryggis- og varnarmál í Háskóla Íslands í gær.

Halldór sagði markmið íslenskra stjórnvalda í öryggis- og varnarmálum vera skýr og vísaði því á bug að stefnuleysi íslenskra stjórnvalda hefði slæm áhrif á viðræðurnar við Bandaríkjamenn. „Ég tel að okkar stefna í öryggis- og varnarmálum eigi að vera samofin stefnu Atlantshafsbandalagsins, eins og hún hefur verið til þessa. Okkar framlag í Atlantshafsbandalaginu hefur verið varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951. Við höfum skýrlega greint frá því að okkar stefna í öryggis- og varnarmálum sé sú sem haldið hefur verið á lofti innan Atlantshafsbandalagsins. Þannig verður það áfram.“

Halldór sagði íslensk stjórnvöld hafa gert kröfu um í viðræðunum við bandarísk stjórnvöld að trúverðugar loftvarnir yrðu hér á landi áfram. „Það er nauðsynlegt að ratsjárstöðvarnar fjórar sem eru á svæði Varnarliðsins við Keflavíkurflugvöll verði þar áfram. Þær gegna afar mikilvægu hlutverki í því að halda hér á landi uppi fullnægjandi loftvörnum.“

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir það hafa komið nokkuð á óvart hversu stóryrtur Halldór var í garð bandarískra stjórnvalda en Halldór sagði að samskiptin milli Íslands og Bandaríkjanna hefðu skaðast varanlega við einhliða ákvörðun Bandaríkjamanna um brottflutning Varnarliðsins seinna á þessu ári. „Halldór gerði vel grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar. Það var athyglisvert að Halldór skyldi segja að samskiptin milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda yrðu aldrei söm eftir það sem á undan er gengið. Halldór tók skýrt fram að þrátt fyrir ámælisverða framkomu bandarískra stjórnvalda í okkar garð væri vilji fyrir því að hlusta á sjónarmið bandarískra stjórnvalda.“



**GEORGE W. BUSH** Halldór lét stór orð falla um samskipti Bandaríkjanna og Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Halldór sagði einnig að hann sæi fyrir sér aukið samstarf við Noreg. „Ég tel það líklegt að samstarfið við Norðmenn, sérstaklega á sviði björgunar- og varnarmála, verði nánara í framtíðinni.“

magnush@frettabladid.is




BELGÍA: LÍTIÐ LAND,
HEIMSINS BESTI BJÓR.



ANNO 1366
STELLA ARTOIS

0,0%



**HLIÐI ÝTT TIL HLIÐAR** Þetta mikla hlið við járnbrautarstöðina Bayerische Bahnof í Leipzig verður flutt um set, alls 30 metra vegalengd, til þess að rýma fyrir nýjum umferðargöngum. Verkamenn unnu að því að undirbúa flutninginn í gær og höfðu lagt sérstaka braut til þess að renna hliðinu eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tónlistarkennari grunaður um morð á ungabarni:

# Barnsmóðurinni blæddi út

**FINNLAND** Tónlistarkennari, sem átti leynilegt ástarævintýri með skólastjóra tónlistarskóla í Jakobstad, norðan við Vasa í Finnlandi, er grunaður um að hafa myrt nýfætt barn sitt og skólastjórans, að sögn vefútgáfu Aftonbladet. Morðið skekur nú Finnland.

Tónlistarkennarinn lifði tvöföldu lífi. Hann hélt heimili með eiginkonu og börnum og starfaði í Vasa en sinnti oft verkefnum fyrir Tónlistarskólann í Jakobstad. Enginn vissi að hann ætti í ástarsambandi við skólastjórann eða að hún væri þunguð af hans völdum þar sem henni tókst að leyna því með víðum fatnaði.




**BARNSMORÐ SKEKUR FINNLAND** Enginn vissi að tónlistarkennarinn átti í leynilegu ástarsambandi við skólastjórann. Talið er að þau hafi ætlað að deyða barnið í sameiningu.

Fyrir hálfum mánuði hringdi tónlistarkennarinn í neyðarlínuna úr íbúð skólastjórans þar sem skólastjórinn hafði fengið miklar blæðingar. Því miður tókst ekki að bjarga henni, henni blæddi út í sjúkrabílnum á leið á sjúkrahúsið.

Við krufningu nokkrum dögum síðar kom í ljós að konan hafði fætt barn skömmu fyrir andlát sitt. Grunur leikur á að skólastjórinn og tónlistarkennarinn hafi í sameiningu ætlað að deyða barnið. Barnið fannst látið inni á baðherbergi í íbúð skólastjórans. **- ghs**

Ofbeldi í Álasundi:

# Krossfestur á heimili sínu

**NOREGUR** Ungur Norðmaður var krossfestur heima hjá sér af kærasta fyrrverandi eiginkonu sinnar. Kærastinn bankaði upp á ásamt tveimur félögum sínum, sló manninn í höfuðið með hamri og vasaljósi og krossfesti hann síðan.

Maðurinn hékk negldur uppi meðan mennirnir rændu verðmætum og yfirgáfu svo íbúðina. Fjórum eða fimm mínútum síðar sneri kærastinn aftur og dró út naglana með dúkahníf. Lögregla hefur handtekið mennina, að sögn Aftonbladet.

Norðmaðurinn er fluttur brott frá Álasundi og ætlar aldrei að snúa til baka. **- ghs**

Þýskir sósíaldemókratar:

# Beck tekur við formennsku

**BERLÍN, AP** Matthías Platzeck, formaður þýska Sósíaldemókrataflokksins, sagði af sér í gær af heilsufarsástæðum. Hann hafði einungis gegnt embættinu í fimm mánuði, en sagðist vilja segja af sér til þess að veikindi hans yrðu ekki til þess að veikja flokkinn í stjórnarsamstarfi með Kristilegum demókrötum. Sá sem tekur við formannsembættinu af Platzek er Kurt Beck, forsætisráðherra í þýska sambandslandinu Rheinland-Pfalz, en hann vann mikinn kosningasigur í síðasta mánuði þegar Sósíaldemókratar fengu þar 46 prósent atkvæða. **- gb**



**KURT BECK**

Þingmenn Sjálfstæðisflokks:

# Vilja afnema fóðursjóðinn

**STJÓRNMÁL** Fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja leggja niður fóðursjóð landbúnaðarins og hafa lagt til breytingar á lögum um búvörur þar að lútandi.

Í fóðursjóð renna tolltekjur af innfluttu fóðri, meðal annars til fisk- og loðdýraeldis. Árlegar eftirstöðvar úr sjóðnum nema 40 til 60 milljónum króna sem ráðstafað er til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Þingmennirnir telja að sjóðurinn sé óþarfur millifærslusjóður sem engum nýtist. Með niðurfellingu hans verði dregið úr stuðningi við landbúnaðarkerfið. **- jh**

# Ráðherra vill skoða reglur um viðskipti með kvóta

**Þingmenn telja sig sjá augljós merki verðsamráðs við leigu á fiskveiðikvóta, einkum þorskkvóta. Auk þess valdi hátt leiguverð því að sjómenn komi aðeins með stærsta og verðmætasta fiskinn að landi og nýtingin víki fyrir arðseminni. Sjávarútvegsráðherra vill kanna hvort breyta eigi fyrirkomulagi þessara viðskipta.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur ástæðu til þess að fara yfir reglur um viðskipti með leigukvóta. Hann telur verðmyndunina ekki augljósa eða gagnsæja og vill láta kanna hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi viðskiptanna.

Sjávarútvegsráðherra nefndi þetta í svari við fyrirspurn Valdimars K. Friðrikssonar, Samfylkingunni, á Alþingi í síðustu viku, en hann spurði ráðherrann meðal annars hvort hann teldi að samráð ætti sér stað um leiguverð fiskveiðiheimilda þar sem það virtist vera hið sama um allt land.

„Þetta er versta form arðráns sem ég hef nokkurn tíma orðið vitni að. Það er alveg með ólíkindum að við skulum láta það líðast að verðið sé að mergsjúga og arðræna heiðarlega sjómenn... með jafnskipulegum hætti og gert hefur verið á Íslandi mörg undanfarin ár,“ sagði Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, leiguverð á kvóta.

Guðjón A. Kristjánsson sagði að kvótakerfið væri sérhannað til þess að velja úr aflanum og leigufyrirkomulagið gerði ekkert annað en að ýta undir það, „því þegar krafan um að veiða eingöngu stærsta og verðmætasta fiskinn til að standa undir leigukjörunum gengur fyrir nýtingu fiskstofnanna þá er ekki von á góðu... krafan um arðsemina gengur fyrir en nýtingarsjónarmiðin víkja.“



**FISKVEIÐAR** „Með ólíkindum að við skulum láta það líðast að verðið sé að mergsjúga og arðræna heiðarlega sjómenn,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



**EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON**



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

Jón Gunnarsson, Samfylkingunni, sagði leigumarkaðinn hafa svæsin einkenni seljendamarkaðar. Undir það tók Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki. „Það eru mjög alvarleg einkenni á þessum markaði... og ég held að menn þurfi að setja reglur í þessum viðskiptum til að tryggja jafnræði á milli seljenda og kaupenda.“

Jóhann Ársælsson, Samfylkingunni, fullyrti að stórir og fáir aðilar réðu leiguverðinu. „Þeir ákveða þetta verð út frá fjármögnunarmöguleikum á veiðirétti og því hvað hægt er að fá fyrir þetta á markaðnum. Niðurstaðan er sú að það er í raun og veru ekki hægt að gera út á leigukerfinu, það er einhvers konar viðbótargeta, og þeir sem eru í því kerfi hafa mjög bága afkomu. Þetta er auðvitað gjörsamlega óviðunandi fyrirkomulag og veldur því að nýliðar í útgerð eiga enga möguleika í raun og veru til að komast inn í útgerðina að neinu gagni.“

**johannh@frettabladid.is**






Virk Sam- keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Afnemum Vsk. af öllum páskaeggjum!
GILDIR Í DAG ÞRIÐJUDAG
695 kr./kg.
Móa Veislufugl m/ fyllingu
25% Afsláttur
Krónu grillkjöt
Kryddl. svínakótilettur
Kryddl. úrb. svínahnakki
GOÐI
GOURMET
Bayonneskinka
40% Afsláttur
Goða Bayonneskinka 953 kr./kg.
30% Afsláttur
SS hamborgarhryggur 1.049 kr./kg.
Búkonu'lax
Búkonu reyktur/grafin lax
998 kr./kg.
KRÓNUBRAUÐ
STÓRT OG GRÓFT
Krónubrauð stórt og gróft
99 kr./stk.
Rjómaostur 3 tegundir
99 kr./stk.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



**ELDHÚSÁHÖLDIN ÞVEGIN** Þessir heittrúuðu gyðingar í Jerúsalem dýfa eldhúsáhöldunum sínum í sjóðandi heitt vatn til þess að hreinsa af þeim allar matarleifar fyrir páskahátíðina, því á hátíð hinna ósýrðu brauða mega engar leifar af geri vera í matnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öryggi og þjónusta í Leifsstöð verður betri en áður:

# Vopnaleitin flyst milli hæða

**VOPNALEIT** Vopnaleitarsvæðið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur verið stækkað til muna en nýja svæðið var tekið í notkun fyrr í vikunni.

Vopnaleitarsvæðið er fyrsti hluti nýs brottfarasvæðis farþega sem tekið er í notkun. Aðrir hlutar hins endurnýjaða brottfararsvæðis verða teknir í notkun í áföngum á næstu mánuðum.

Í heild er nýja vopnaleitarsvæðið tæpir 800 fermetrar. Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Leifsstöðvar, segir nýjungarnar bæta aðstöðu farþega auk þess sem öryggi þeirra eykst. „Þetta er fjórum sinnum stærra svæði en gamla vopnaleitarsvæðið var. Við breytinguna færist vopnaleitin úr innritunarsalnum upp á aðra hæð. Biðtími farþega minnkar mikið við breytinguna og því batnar þjónustan við alla þá sem fara um Leifsstöð.“

Í næsta áfanga þessa hluta framkvæmda í flugstöðinni verður lokið við breytingar á laufskálanum og einnig á nýju verslunarsvæði, sem verður vestanmegin í brottfararsalnum. Samkvæmt áætlunum lýkur þessum verkhluta í júní á þessu ári. - mh



FRÉTTABLAÐIÐ/HULDA

**VOPNALEITARSVÆÐIÐ** Forstjóri Leifsstöðvar segir þjónustu við alla þá sem í flugstöðina koma, vera betri en hún var áður en nýja vopnaleitarsvæðið var tekið í notkun.

Sektað vegna Svalbarðaveiða:

# Spænsk útgerð dæmd í Tromsø

**ÓSLÓ, AP** Dómstóll í Tromsø í Noregi dæmdi í gær útgerð spænsks togara, sem norska strandgæslan tók í grennd við Svalbarða í lok síðasta árs, til greiðslu sem svarar 141 milljón króna í sektir fyrir ólöglegar veiðar.

Norðmenn gera tilkall til yfirráða yfir fiskveiðilögsögunni við Svalbarða, en fiskveiðiþjóðir eins og Íslendingar, Rússar, Spánverjar og fleiri viðurkenna ekki þessi lögsöguyfirráð Norðmanna.

Útgerð spænska skipsins féllst í fyrra á að greiða 11,5 milljónir norskra króna, andvirði um 127 milljóna íslenskra, í sekt án réttarhalds. ■




– allt fyrir garðinn

Landslagsráðgjöf MEST

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu varðandi garðinn. MEST býður upp á gott úrval af hellum & garðeiningum, skrautsteypu og skrautsteinum.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

mest

– allt til bygginga




**STUÐNINGUR VIÐ HUMALA** Margir fátækustu landsmenn Perú kusu herforingjann fyrrverandi, Ollanta Humala, í forsetakosningunum sem fram fóru þar í landi á sunnudag. Þótt hann hafi hlotið fleiri atkvæði en sá frambjóðandi sem næst honum kom hlaut hann þó ekki nógu mörg til að komast hjá seinni umferð kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Afar mjótt á mununum

**Mikill hiti er í Perúmönnum vegna forsetakosninga sem fram fóru þar á sunnudag, enda er afar mjótt á mununum milli þriggja helstu frambjóðendanna.**

**PERÚ, AP** Þegar rúmur helmingur atkvæða í Perú hafði verið talinn þótti ljóst að herforinginn fyrrverandi, Ollanta Humala, hafði forskot á hina frambjóðendurna, en þó ekki nóg til að forðast seinni umferð kosninganna. Perúsk lög fyrirskipa að hljóti einn forsetaframbjóðenda ekki helming atkvæða, verður að kjósa á milli tveggja efstu frambjóðendanna í annarri umferð kosninganna.

En hverjir það verða sem enda í úrslitaumferð kosninganna í lok maí eða byrjun júní, var enn óljóst, því afar naumt var á mununum.

Humala, sem talar mjög til fátækari kjósenda landsins, var með 28,1 prósent atkvæðanna þegar 58,8 prósent atkvæða höfðu verið talin síðdegis í gær. Fyrrum þingkonan Lourdes Flores, sem helst er þekkt fyrir stuðning sinn við kaupsýslu, var með 26,4 prósent og fyrrverandi forseti landsins, Alan Garcia, hafði hlotið 25,2 prósent atkvæða.

Stuðningsmenn Flores koma flestir úr borgum, á meðan stuðningsmenn Humala eru flestir búsettir í afskekktari byggðum og eru margir þeirra af indjánaog kynblendingaættum, en hann sjálfur er kynblendingur. Stuðningsmenn Garcia eru hins vegar jafnt borgarbúar og sveitamenn, en Apristа, flokkur hans, er einn best skipulagði flokkur Perú.

Verði Humala kosinn forseti má gera ráð fyrir að stjórnmálastefna Perú gerist mun vinstrisinnaðri en áður, en verði annaðhvort Flores eða Garcia kosin, munu stjórnmál landsins líklega halda mikið til áfram á sömu braut og þau fylgja nú. Þau hafa bæði lofað að styðja áfram frjálsan markað sem hefur fært landinu meiri tekjur þótt hann hafi ekki dugað til að skapa atvinnu handa fátækari landsmönnum.

Ríflega helmingur Perúmanna er talinn lifa undir fátæktarmörkum, og hefur fylgi Humala meðal fátækra því valdið ugg meðal ríkari stétta landsins. Humala kemur fyrir sem strangur herforingi sem lofar að berjast gegn glæpum og refsa siðspilltum ráðamönnum, og hefur þessi ímynd fært honum mikla hylli. „Í landi þar sem flestir íbúar þjást vegna kynþáttahaturs, verða kosningar tækifæri þeirra til að ná fram hefndum,“ sagði mannréttindasinninn Wilfredo Ardito.

smk@frettabladid.is




ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

VERTU MEÐ!



Ljósmyndasamkeppni
fyrir dagatal Eimskips
2007
Í samvinnu við Ljósmyndarafélag Íslands





Himinn og haf / SÍA

Þyrla sótti veikan sjómann:

## Hífður við erfiðar aðstæður

**BJÖRGUN** Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út seint í fyrrakvöld til þess að sækja veikan sjómann um borð í togarann Þór, um 50 sjómílur vestur af Reykjanesi.

Þyrla varnarliðsins þurfti frá að hverfa vegna aðstæðna en veður var vont á þessum slóðum og skyggni lítið. Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF Sif, var því kölluð út og kom hún á vettvang um hálfellefu leytið um kvöldið.

Þyrlusveitinni tókst að hífa sjómanninn um borð við erfiðar aðstæður og var hann kominn á Landspítalann klukkutíma síðar. Maðurinn er nú að jafna sig af veikindunum. - mh

Róttækir og jafnaðarmenn:

## Litlar líkur á samstarfi

**DANMÖRK** Formaður róttækra í Danmörku, Marianne Jelved telur líkurnar á að flokkurinn myndi ríkisstjórn með Jafnaðarmannaflokknum hverfandi.

Í frétt Berlingske tidende er haft eftir henni að niðurstöður skoðanakannana sýni að ekki sé líklegt að þessi tveir flokkar nái að mynda ríkisstjórn eins og ráðgert hafði verið fyrir síðustu kosningar. Fylgi við Jafnaðarmannaflokkinn hefur minnkað töluvert síðustu mánuði á meðan fylgi við Róttæka flokkinn hefur aukist. - ks



**RINGULREIÐ** Sjúkraliðar áttu erfitt með að komast að hinum slösuðu vegna mannfjöldans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Helgisamkoma í Pakistan:

## Tugir tróðust undir og létust

**KARACHI, AP** Að minnsta kosti 26 létu lífið og rúmlega 70 slösuðust þegar þeir tróðust undir á helgisamkomu í borginni Karachi í suðurhluta Pakistan á sunnudag. Af hinum látnu voru að minnsta kosti 19 konur og börn.

Yfir tíu þúsund konur og börn voru saman komin á helgisamkomunni til að hlýða á frásagnir af lífshlaupi Múhameðs spámanns en troðningurinn virðist hafa orðið þegar fjöldi fólks þusti að rútum sem voru á leið á samkomustaðinn. Flestir hinna látnu köfnuðu eða létust af völdum innvortis áverka. ■

### LÖGREGLUFRÉTT

**Skemmdarverk** Skemmdir voru unnar á innanstokksmunum í ferjunni Herjólfi í fyrrakvöld. Lögreglan rannsakar málið en ekki er vitað hver var að verki. Þeir sem upplýsingar geta veitt um málið eru beðnir að snúa sér til lögreglunnar í Vestmannaeyjum.

### MENNTAMÁL

**Stækkar við sig** Háskólinn í Reykjavík flytur hluta starfsemi sinnar í Morgunblaðshúsið í Kringlunni næsta sumar. Skólinn hefur leigt húsnæðið af Klasa, eiganda hússins, og notar það þar til nýtt hús Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýri verður tekið í notkun árið 2009.


# Ofkeyrðu þig

Væri ekki munur að vera í → upphituðum bíl með i-Podinn þinn tengdan í góðar græjur. Í Aygo getur þú notið þess að keyra um bæinn. Kemst léttilega í öll stæði og skýst framhjá stærri bensínhákum. → Að ganga er ofmetið. Það gengur ekki lengur.
→ Ofkeyrðu þig á Aygo.

**Engin útborgun & tryggingar innifaldar**
**Aðeins 23.470 kr. á mánuði***
*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84. mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

**AYGO**
Það er gaman að keyra




www.aygo.is

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Þema:
Þjóðbrautir fyrr og nú
Sjá nánar á **eimskip.is**



EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ



# VORTILBO




**4.990**
~~6.990~~

BOSCH

Vnr.74890004
**Hekkklippur**
BOSCH hekkklippur AHS 4-16, sverðlengd 42 cm, 390W.

VERÐ VERND
BYKO





Vnr.68315150
**Greinklippur** **490** ~~885~~
LUX greinaklippur super.

Vnr.68315210
**Hekkklippur** **1.490** ~~1.950~~
LUX hekkklippur.




Pinotex

Vnr.89410150-650
**Viðarvörn**
PINOTEX Classic gagnsæ viðarvörn, allir litir, 5 ltr.
**3.490**
~~4.990~~




Vnr.50632116/18
**Yfirbreiðsla** Verð frá **2.490**
Yfirbreiðsla fyrir tveggja eða þriggja brennara gasgrill.



Vnr.50706891
**Gashitari** **18.900**
Gashitari, 13 kw, hæð 240 cm, hattur 80 cm, grænn.

Vnr.50632104
**Gashitari**
MR. HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hæð 76 cm, hattur 48 cm.
**12.900**



# …Ð Í BYKO!



OUTBACK

**22.900**

Vnr.50632102

## Gasgrill

**ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum, pottjárn í grillgrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind.**

*Landsins mesta úrval af grillum!*




**11.900**

~~14.900~~

Vnr.50630100

## Gasgrill

**OUTBACK gasgrill Omega 200. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þýstijafnara og grillsteinum.**



*Vinnur þú?*

## Þú getur unnið eitt glæsilegasta grill landsins!

**Með því að skrá þig á www.byko.is getur þú unnið grill að verðmæti 279.000 kr.**

**BYKO**

**BYGGIR MEÐ ÞÉR**

Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug 10-16 Sun. 12-16: - Sími: 480 4600

## „ORÐRÉTT“

### Ekki rétta hugarfarið

**„Korter-í-þrjú gæinn Geir hugnast okkur ekki. Að minnsta kosti finnst okkur þetta ekki rétta hugarfarið þegar menn eru á leið í „samningaviðræður“ um framtíð landvarna.**

HALLGRÍMUR HELGASON RITHÖFUNDUR Í FRÉTTABLAÐINU Í GÆR.

### Tekur gleði sína

**„Maður tekur gleði sína með því að þjónusta fólk, það er undarlegt að ætla manni að selja vörur sem ekki mátti sjást og helst hvergi nota.“**

SÖLVI ÓSKARSSON, KAUPMAÐUR Í TÓBAKSVERSLUNINNI BJÖRK, Í VIÐTALI VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓHANN INGI STEFÁNSSON EINKAÞJÁLFARI

## Partíin skemmtilegri en veislurnar

„Helgin byrjaði frábærlega og því allt æðislegt að frétta,“ segir Jóhann Ingi Stefánsson, einkaþjálfari í Sporthúsinu hjá Icelandic Spa & Fitness.

„Sigurbjörg systir mín eignaðist litla dóttur á föstudaginn, ég hætti að vinna klukkan tvö og keypti bíl,“ segir Jóhann, sem er gríðarlega upptekinn við einkaþjálfunina og því nánast útilokað fyrir hann að losna snemma úr vinnunni: „Almennt þá þjálfa ég frá sex á morgnana til sjö á kvöldin, þannig að forföllin á föstudaginn voru kærkomin hvíld.“ Frítímann nýtti hann vel með Tracie Lynn Stefánsson, eiginkonu sinni. „Við fórum og keyptum okkur lítinn flottan fjölskyldubíl, Nissan Note. Við vildum sérstakan lit og bíðum því í fjórar vikur eftir honum,“ segir hann en þau hjónin héldu upp á giftingu sína þann 18. mars.



TRACIE LYNN OG JÓHANN INGI

„Við vorum ekki með veislu, við vorum með partí! Mér leiðist í veislum en þykir afar gaman í partíum. Ég held kökuveislurnar þegar ég verð kominn á níræðisaldurinn,“ segir Jóhann en þau Tracie voru með „eightie´s-parí á skemmtistaðnum NASA og buðu vinum og vandamönnum. Hópurinn strollaði svo á ball með Drifskaftinu, en á undan þeytti dj. trancid skífum: „Hann er vinur hennar Tracie og kom frá Chicago í Bandaríkjunum til að halda uppi stuðinu.“

Jóhann segir alltaf jafn gaman að þjálfa, því fólk verði svo ánægt með árangurinn. Þetta sé draumastarfið hans: „Ég var fram að 25 til 28 ára að reyna að átta mig á hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór, fann aldrei neitt fyrr en ég fór að skoða hvert áhugamál mitt væri og þá lá það í augum uppi,“ segir Jóhann sem starfað hefur sem einkaþjálfari í átta ár en æft í 24. „Fólk hugsar á allt annan hátt um einkaþjálfun í dag en áður. Þetta er orðinn lífsstíll.“

## SJÓNARHÓLL

FUGLAFLENSA Í SKOTLANDI



**JÓN KR. ÓLAFSSON**
söngvari

### Smúlum Tjörnina

Fuglaflensu hefur orðið vart í Skotlandi, sem er áningarstaður margra farfugla á leið til Íslands. Þykir mörgum þvi aðeins tímaspursmál þar til flensan greinist hér á landi. Jón Kr. Ólafsson, söngvari á Bíldudal, er uggandi yfir þessum tíðindum. „Þetta getur orðið alvarlegt mál og mér finnst að auðvitað eigi að hafa eins miklar varnir og hægt er í sambandi við þessar skepnur. Það er ekki spurning og ég held að þessi gáfaða þjóð ætti að hysja upp um sig í þeim málum, sem hún gerir ábyggilega.“ Jón gengur þó ósmeykur um náttúruna fyrir vestan og nýtur hennar sem fyrr. „Ég held við ættum frekar að hafa áhyggjur af Tjörninni hér í Reykjavík. Það er full þörf á því að hafa varann á og ég held að það megi fara með háþrýstidælu og smúla það sem fuglarnir leggja af sér á bakkanum. Auk þess er það bara þrifalegra.”

# Kökurnar biðu á borðum í fimm daga vegna snjóflóðahættunnar

**Dóttir með martraðir. Saumaklúbburinn leystur upp. Lítið viðhald á húsi fjölskyldunnar og óvissa um framhaldið. Við það hafa hjónin að Traðarlandi 22 í Bolungarvík þurft að búa frá því að húsið þeirra, eins og svo margra annarra, var skilgreint á snjóflóðahættusvæði. Áður fékk fjölskyldan ekkert tóm til að pakka fyrir rýmingu hverfsins. Nú fái þau allt að tvo tíma. Síðast var rýmt yfir nótt fyrir helgi.**



**VALDÍS HRÓLFSDÓTTIR** Valdís stendur hér fyrir framan heimilið sitt í Bolungarvík. Húsið hennar verður ysta húsið við snjóflóðavarnargarðinn sem bærinn stefnir á að reisa fyrir 2010.
FRÉTTABLADID/STEFÁN

„Við fluttum inn í mars 1981, þannig að við erum búin að búa í húsinu í 25 ár,“ segir Valdís Hrólfsdóttir sem býr ásamt manni sínum, Páli Guðmundssyni, við götuna Traðarland. Þau eiga tvö uppkomin börn sem eru flogin úr hreiðrinu. Traðarland er við Dísarland, en þar hefur bærinn keypt öll húsin og stefnir á að reisa varnargarð fyrir þau fyrir árið 2010. Húsið við hliðina á þeim hjónum hefur einnig verið keypt og segir starfandi bæjarstjóri, Halla Signý Kristjánsdóttir, að snjóflóðavarnirnar hafi verið of nálægt lóðamörkum þess og því hafi bæjaryfirvöldum ekki þótt forsvaranlegt annað en að kaupa húsið.

### Þrettán rýmingar á þrettán árum

Hús hjónanna var skilgreint á snjóflóðahættusvæði fyrir þrettán árum. Síðan þá hafa þau þurft að rýma það minnst þrettán sinnum. Valdís segir margt hafa breyst frá fyrstu árunum.

„Hér áður vorum við innilokuð þegar gerði vont veður. Þá vorum við kannski að heiman í viku. Núna gerir óveður í sólarhring eða tvo,“ segir Valdís sem kippir sér ekki mikið upp við veðrið núorðið: „Ég kem að sunnan og var með sex mánaða barn þegar við fluttum inn í húsið. Ekki var búið að klára götur eða aðra slíka hluti þegar við byggðum og ég fékk ekki símann inn fyrr en mörgum mánuðum seinna. Ekkert var mokað. Þetta var eins og aftur í fornöld og ástandið ömurlegt.“

### Lágmarksviðhald á húsinu

Valdís segist reyndar vart skilja hvernig þeim hjónum datt í hug að byggja húsið á þessum stað, tvílyft timburhús fimmtán metra frá götunni í útjaðri bæjarins. Eftir að í ljós hafi komið að þau væru á snjóflóðahættusvæði hafi þau óskað eftir því að fá að færa húsið: „Leyfin voru komin fyrir því, en einhvers staðar strandaði það.“

Valdís segir afleiðingarnar þess að eiga hús á snjóflóðasvæði koma margvíslega fram. „Það er lágmarksviðhald á húsinu. Maður er ekkert að kasta milljónum í húsið til að dubba upp á það ef við svo kannski missum það.“

### Dóttirin með martraðir

Valdís segir rýmingarnar hafa haft áhrif á fjölskyldulífið í gegnum árin: „Við vorum með unglinga þegar þetta byrjaði. Stelpan mín var þá níu ára og var alltaf að fá martraðir. Maður fékk í magann þegar síminn hringdi, því maður hélt að það ætti að fara að rýma. Svo þegar kallið kom urðu allir pirraðir og fúlir, voru svo argir yfir þessu og róa þurfti fjölskylduna.“

Valdís segir að flóðin í Súðavík og á Flateyri hafi einnig aukið á stressið, væntanlega einnig hjá ráðamönnum bæjarins, sem hafi verið þjóstugir í samskiptum. „Núna fáum við klukkustund eða tvær til að athafna okkur og þurfum ekki að fara út á nóinu. Það var ekki hér áður. Einu sinni hringdi lögreglan í mig þegar ég var að kenna í grunnskólanum. Asinn var mikill og mér skipað að sækja tannburstann en við ákváðum þá að fara út með hægagangi; tíndum saman það sem við vildum hafa með okkur.“

### Rýmt með meiri ró

Valdís segir flýtinn ekki eins mikinn núorðið og fjölskyldunum sé gefinn tími til að hafa sig til. „Æsingurinn var alltaf svo mikill í kringum þetta. Allir urðu svo reiðir. Bæjarstjórinn fyrrverandi bunaði út úr sér: „Út núna strax, á stundinni.“ Aðstæðurnar skiptu þá ekki máli. Eitt sinn var ég með saumaklúbb þegar hringt var og mér sagt ég þyrfti að rýma og það strax.“ Hún hafi þá átt eftir að ganga frá og lýsir því hvernig breitt hafi verið yfir helstu veitingarnar í flýti: „Ég kom ekki heim fyrr en fimm dögum seinna. Allt var á borðunum ennþá.“

Eftir það hafi hún sent bæjaryfirvöldum bréf. „Ég vildi að þeir borguðu fæðispeninga, því rýmingarnar lentu yfirleitt á helgi. Kominn föstudagur, maður nýbúinn að kaupa allt inn fyrir helgina og búinn að drösla því heim og átti að fara að drösla því út aftur. Eða þá að maður var að elda og átti að fara frá því.“

### Ekki upp á aðra komin

Aðstæðurnar séu allt aðrar núna. „Krakkarnir eru orðnir stórir og við fáum sómasamlega aðstöðu á gistihúsinu Hönd í hönd og þurfum ekki að liggja inni á vandamönnum. Raskið er því ekki eins mikið auk þess sem dagarnir eru færri.“ Þrátt fyrir það hafi rýmingarnar áhrif á bæjarlífið. „Fólkið í húsinu fyrir neðan verður líka hrætt. Einnig það sem er sömu megin við götuna og ég, því það þarf ekki að fara. Það rýmir húsin sín um leið og það sér mann fara að heiman með pjönkurnar,“ segir Valdís sem veit lítið um fyrirætlanir bæjaryfirvalda. „Fólk er hvekkt. Það þarf að fara að gera eitthvað. Taka ákvarðanir og framkvæma þær. Búið er að bíða allt of lengi.

### Ákvarðanir bæjarins ókynntar

Valdís fékk fyrir nokkrum árum formlegt bréf frá bænum um að varnargarðurinn ætti að liggja í gegnum stofuna hjá henni. Þáverandi bæjarstjóri ráðlagði þeim hjónum að fá sér lögfræðing: „Svo veit ég bara af því sem ég hef séð að búið er að teikna varnargarðinn upp á nýtt, eða taka leiðigarðinn af sem átti að liggja í gegnum stofuna hjá okkur. Það hefur reyndar ekki verið kynnt en ég hef séð mynd af því í anddyri ráðhússins. Við höfum hins vegar aðeins pappíra upp á að við séum fyrir.“ Óvissan sé óþægileg. Bæjarstjóranum Höllu Signýju var ókunnugt um óvissuna í huga Valdísar og taldi að breytingarnar hefðu örugglega verið kynntar.

gag@frettabladid.is

**BOLUNGARVÍK Í VETRARBÚNINGI** Bæjaryfirvöld hafa gengið frá kaupum á húsunum við Dísarlandið auk þess ysta í Traðarlandi, sem er við hliðina á húsi Valdísar og Páls.








Bónus línuýsan
FROSIN ÝSUFLÖK 399 kg KR. MEÐ ROÐI
FROSIN ÝSUFLÖK 499 kg KR. ROÐLAUS
FROSIN ÝSUFLÖK 599 kg KR. ROÐLAUS/BEINLAUS
Dásamlegir dagar...
FROSNIR LÚÐUBITAR 999 kg KR.
Lúðusteikin
SKELFLETTUR HUMAR FRÁ SNÆFISKI 3599 kg KR.
Frábær kaup
SKELFLETTUR HUMAR
FRÁ SNÆFISKI
-og fyrir íslenskustu nautnaseggina: STEINBÍTSKINNAR
ROÐ OG BEINLAUSAR frá Fisksöluskrifstofunni - Verð aðeins 699 KR.kg
Hrefnu kjötið
STEIKTAR FISKIBOLLUR 299 430g KR.
Fullsteiktar fiskibollur
- aðeins 1% fita!
FROSIÐ HREFNUKJÖT 199 kg KR.
ÚRVALS RÆKJA 599 kg KR.
ÚRVALSRÆKJUR
Í KÍLÓPOKUM
Nýtt kortatímabil!
EKKERT BRUÐL
SJÓFRYST
ÝSUFLÖK
FROSNIR LAXABITAR 899 kg KR. BEINLAUSIR
FROSNIR ÞORSKBITAR 599 kg KR. ROÐ- OG BEINLAUSIR
SJÓFRYST ÝSUFLÖK 499 kg KR. MEÐ ROÐI
SJÓFRYST ÝSUFLÖK 899 kg KR. ROÐLAUS/BEINLAUS
BEINLAUSIR
LAXABITAR
ÞORSKBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
www.bonus.is
bonus.is

## Svona erum við

> Meðalfjöldi kvenna í fangelsum 1998 til 2004.




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SPILAFÍKN

# *Tilfinningalegt vandamál*

Spilafíkn hefur verið mikið í umræðunni á Íslandi að undanförnu. Minningarorð Gunnars Sigurjónssonar, sóknarprests í Digraneskirkju í Kópavogi, þegar ungur maður var borinn til grafar eftir að hafa svipt sig lífi vegna þessa vágests vöktu mikla athygli og þar hvatti hann til umræðu í samfélaginu sem hugsanlega gæti orðið öðrum til hjálpar.

**Hvað er spilafíkn?**
Margir Íslendingar taka þátt í happdrættum, kaupa lottó, tippa á úrslit íþróttaleikja, spila bingó, setja peninga í spilakassa eða stunda fjárhættuspil. Þessir leikir heita einu nafni veðleikir. Flest fólk hefur gaman af veðleikjum og finnst þeir spennandi enda ber það ekki skaða af þeim. Aðrir eru þannig gerðir að þeir hafa ekki stjórn á spilamennsku sinni, þeir eru kallaðir spilafíklar.

Spilafíkn er sjúkdómur sem ágerist með tímanum. Spilafíkn getur valdið stórkostlegum andlegum, fjárhagslegum og samfélagslegum vandamálum.
Það er skoðun meðferðaraðila um allan heim að spilafíklar geti náð mjög góðum bata.

Spilafíkn er vandamál af tilfinningalegum toga sem hefur fjárhagslegar afleiðingar. Þótt allar skuldir spilafíkils séu greiddar fyrir hann, verður hann eftir sem áður spilafíkill. Hið raunverulega vandamál er að hann hefur óstjórnlega löngun til að spila upp á peninga.



**Valda peningaspil spilafíkn?**
Það er algengur misskilningur að spilakassar, happdrættisvélar eða fjárhættuspil valdi spilafíkn. Orsök spilafíknar er skortur á getu einstaklings til að hafa hemil á spilahegðun sinni. Talið er að fíkn geti að hluta til stafað af erfðum, úrræðaleysi gagnvart gráma hversdagsins og jafnvel uppeldi. Spilafíklar hafa óendanleg tækifæri til að taka þátt í fjárhættuspilum og happdrættum af ýmsu tagi. Reynsla fjölmargra spilafíkla sýnir svo að ekki verður um villst að auðvelt er að tapa miklu fé í verðbréfaviðskiptum. Veðleikir gera menn ekki að spilafíklum, ekki frekar en áfengi geri menn að alkóhólistum eða hnífur geri mann að morðingja.

Heimild: spilafikn.is

## SPURT & SVARAÐ

NÝTT FRAMBOÐ Á AKUREYRI

### *Margir vilja á listann*

Tillaga að nýju aðalskipulagi á Akureyri er í lögbundnu athugasemda- og umsagnarferli. Nokkur atriði í tillögunni þykja umdeild og Ragnar Sverrisson íhugar að bjóða fram lista í komandi sveitarstjórnarkosningum.



**RAGNAR SVERRISSON**
Kaupmaður í JMJ á Akureyri.

**Hvað er það sem þú ert helst óánægður með?** Ég vil halda þeim möguleika opnum að á íþróttavallarsvæðinu við miðbæinn geti risið blönduð byggð með verslunum, þjónustufyrirtækjum, opnum svæðum ásamt íbúðarhúsnæði. Eins er ég ósáttur við að Dalsbraut skuli tekin út úr skipulaginu og svo er með öllu óforsvaranlegt að ekki sé hægt að fá einbýlishúsalóð í bæjarfélaginu.

**Hvenær skýrist hvort listinn komi fram?** Ég hef sent formanni kjörstjórnar á Akureyri formlegt erindi og óskað eftir listabókstafnum A og er núna að safna meðmælendum.

**Hvernig listinn verður skipaður?** Það hafa margir komið að máli við mig og lýst yfir áhuga og sjálfur verð ég þar á meðal. Ég gef ekki upp nein önnur nöfn en fullyrði að listinn verður mjög sterkur ef af verður.

# Tapaður bakhjarl Bandaríkjanna

**George W. Bush Bandaríkjaforseti og ríkisstjórn hans virðast alveg hafa gleymt að sinna Rómönsku-Ameríku á seinustu árum, og gæti þessi yfirsjón þeirra valdið Bandaríkjunum miklum vandræðum.**



**EVO MORALES** Forseti Bólivíu.



**GEORGE W. BUSH**
Bandaríkjaforseti.



**HUGO CHAVEZ** Forseti Venesúela.



**OLLANTA HUMALA**
Forsetaframbjóðandi Perú.



**DANIEL ORTEGA**
Líklegur forsetaframbjóðandi Níkaragva.

Útgönguspár kosninganna í Perú benda til þess að halda verði seinni umferð kosninga þar í landi, þar sem kosið yrði milli herforingjans Ollenta Humala og þeim mótframbjóðanda sem næstur honum kemur. Vinni Humala, verður hann enn einn leiðtoginn í Rómönsku-Ameríku sem er yfirlýstur andstæðingur George W. Bush og Bandaríkjastjórnar.

Bush virðist hafa látið þróunina í þessum heimshluta fram hjá sér fara.

Þó hann hafi hafið starf sitt sem forseti Bandaríkjanna með þeim orðum að samskipti Bandaríkjanna við Rómönsku-Ameríku sætu í fyrirrúmi, þá virðast stríðin í Írak og Afganistan hafa tekið allan hans tíma og athygli, og á síðustu sex árunum hefur hvert landið á fætur öðru í Rómönsku-Ameríku kosið sér vinstrisinnaða ríkisstjórn og þjóðarleiðtoga.

**Sívaxandi andstaða**
Í tæp 200 ár hafa langflestir forsetar Bandaríkjanna sagt Rómönsku-Ameríku vera í forgangi, líkt og Bush gerði, og á 20. öldinni átti Bandaríkjastjórn þátt í falli fjörutíu ríkisstjórna í Rómönsku-Ameríku.

Gavin Esler, fréttamaður breska ríkisútvarpsins BBC sem sinnt hefur suður-amerískum fréttum áratugum saman, hefur hafið þáttaröð um þessi mál sem ber yfirskriftina „Hvernig Bandaríkin „töpuðu“ Rómönsku-Ameríku.“ Esler bendir á að undanfarið hefur hvert rómansk-ameríska landið á fætur öðru orðið sífellt vinstrisinnaðra, en í þessari álfu er bilið milli ríkra og fátækra breiðara en annars staðar í heiminum.

Þar með hefur Bush, á örfáum árum, tapað stuðningi þessara landa.

Þeir sem fylgjast með fréttum frá Venesúela og Níkaragva í norðri og Perú og Bólivíu í suðri, sem og í Mexíkó, Argentínu og Brasilíu, komast endanlega á þá skoðun að andstaða við Bandaríkin ríkir frá landamærum Texas og allt til suðurheimskautsins, að sögn Eslers.

Og þessi andstaða fer sívaxandi.

**Rauður þráður**
Liti maður á landakort af Rómönsku-Ameríku með rauðum lit eftir stefnu ríkisstjórna landanna og afstöðu þeirra til Bandaríkjanna, þá sést vel hversu rauði liturinn er áberandi.

Kúba yrði auðvitað eldrauð, að sögn Eslers, sem og Venesúela og Bólivía, en best þróuðu lönd álfunnar, Brasilía, Chile og Argentína, yrðu öll í mismunandi bleikum litum. Sigri Humala, yrði Perú jafnframt eldrautt og líklegt þykir að úrslit yfirvofandi kosninga í Mexíkó og Níkaragva verði til þess að lita megi þau lönd rauð.

Leiðtogarnir eru jafnframt afar litríkir í fleiri en einum skilningi.

Fidel Castró, leiðtogi Kúbu, er sennilega einna best þekktur meðal þessara leiðtoga sem opinberlega lýsa yfir andstöðu sinni við Bandaríkin. En þeim fer fjölgandi sem skipa má í röð með Castró og ekki væri úr vegi fyrir Bush og stuðningsmenn hans að huga frekar að nokkrum öðrum leiðtogum álfunnar.

Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur verið ákaflega opinskár um skoðanir sínar á Bandaríkjunum, og hefur sagt Hitler vera „pelabarn“ við hlið Bush, sem hann segir vera heimsvaldasinnaðan fasista sem hikar ekki við þjóðarmorð til að ná sínum takmörkum.

Evo Morales er fyrsti forseti Bólivíu af indjánaættum, og er hann afar opinskár um fyrirætlanir sínar um að bæta hag hinna fátæku, skattleggja hina ríku og minnka þar með hið gríðarbreiða bil milli fátækustu og ríkustu þegnanna.

Þegar rúmur helmingur atkvæða hafði verið talinn í Perú í gærmorgun, hélt Humala forystu með 27,8 prósentum atkvæða, og tveir helstu mótframbjóðendur hans voru með 26,3 og 25,6 prósent svo ljóst þótti að seinni umferð kosninganna, þar sem kosið verður á milli efstu tveggja frambjóðendanna, verði haldnar í maí. Líkurnar á því að Humala sigri eru töluverðar, en hann nýtur stuðnings fátækustu þegna landsins enda hefur hann lofað að minnka bilið milli ríkra og fátækra, að enda „fasistaeinræði hinna ríku“ sem hann segir hafa rænt Perú öllu lýðræði, og að skattleggja harðlega fjölþjóðafyrirtæki sem hagnast af námugreftri í Perú.

Í Níkaragva þykir líklegt að Daniel Ortega bjóði sig fram til næstu forsetakosninga, en hann er fyrrverandi byltingarsinni Sandinista sem leyniþjónusta Bandaríkjanna reyndi á sínum tíma að losna við og kom faðir Bush forseta, George Bush eldri, mikið að þeim málum undir stjórn Ronalds Reagan. Þá gáfu Bandaríkin fé til skæruliða í Níkaragva sem bandaríska leyniþjónustan hafði þjálfað, að sögn Eslers, en þeir skæruliðar urðu til þess að Sandinistastjórnin féll. Sigri Ortega nú, verður það því óneitanlega skammarlegur löðrungur fyrir Bush-feðgana.

**Litrík álfa**
Rómanska-Ameríka hefur verið í gífurlegri uppsveiflu undanfarið. Í flestum löndum öðrum en Kúbu og Haítí hefur lýðræði blómstrað og hafa kjósendur losað sig við ríkisstjórnir og kosið nýjar inn. Þegnar margra landanna, þar með talið Perú, hafa það betra fjárhagslega nú en nokkurn tímann áður.

Auk þess dafnar menningin í álfunni. Ný kynslóð rithöfunda hefur verið að skipa sér sess, og margt nýtt og skemmtilegt er að gerast bæði í tónlist og kvikmyndum.

Síðast en ekki síst, blómstrar lífið og vonin í hjörtum íbúa Rómönsku-Ameríku.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is



Samfylkingin | Reykjavík 2006 | Borgarstjórnarkosningar 27. maí

# Áður en lengra er haldið. Nokkur orð um málefni eldri borgara.

Samfylkingin hefur sýnt í verki við stjórn Reykjavíkurborgar að hún sinnir málefnum eldri borgara af elju og dugnaði. Uppbygging hefur átt sér stað á hjúkrunarheimilum borgarinnar, þar eru borguð hærri laun og heimilisfólk fær eins manns herbergi. Reykjavíkurborg hefur gert meira en henni er skylt að gera, því málaflokkurinn er þrátt fyrir allt á ábyrgð ríkisins. Skoðum nú hvernig ríkið hefur staðið sig.

Hundruð aldraðir einstaklingar og fjölskyldur þeirra bíða eftir úrræðum. Á sama tíma hefur ríkið tekið helming af skattfé sem renna á samkvæmt lögum í framkvæmdasjóð aldraðra, til uppbyggingar í þeirra þágu og sett í önnur verkefni.

Reykjavíkurborg bíður með mörg hundruð milljónir á reikningi til að byggja hjúkrunarheimili. Ríkið kemur hins vegar ekki með rekstrarfé á móti eins og því er skylt að gera.

Setuverkfalli starfsmanna á öldrunar- og hjúkrunarheimilum aldraðra er lokið í bili. En er einhver ástæða til að ætla að rúmu áratugalöngu setuverkfalli forystu Sjálfstæðisflokksins í málefnum aldraðra sé lokið?

Stundum er sagt að það sé enginn munur á stjórnmálaflokkunum. Það er ekki rétt. Við viljum og getum sinnt málefnum eldri borgara af festu. Af verkum undanfarinna ára að dæma getur Sjálfstæðisflokkurinn það greinilega ekki.

Við erum jafnaðarmannaflokkur. Hann ekki.
Við sinnum velferðarþjónustu vel. Hann ekki.



Samfylkingin
- allir með

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Íslendingar mættu stundum vera ögn blóðheitari en sem betur fer eru þeir þó ekki eins og Frakkar.

## Stjórnvöld götunnar

Stundum hefur verið haft á orði að við Íslendingar séum almennt alltof óduglegir við að mótmæla og láta duglega í okkur heyra þegar stjórnvöld, eða stórfyrirtæki, taka umdeildar ákvarðanir. Íslenski stíllinn er að horfa í gaupnir og þusa ofan í barminn og halda svo áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Vissulega hafa komið þær stundir að maður hefur óskað sér að þjóðin væri ögn blóðheitari, tæki höndum saman og héldi út á götu, eða niður á Austurvöll til að vera með smá uppsteyt, en á sama tíma getur maður ekki verið annað en ánægður með að við erum eins ólík Frökkum í þessari deild og hugsast getur.

Í gær máttu Jacques Chirac, forseti Frakklands, og forsætisráðherra hans, Dominique de Villepin, játa sig gjörsigraða í baráttunni við franska stúdenta og verkalýðshreyfinguna um breytingar á franskri vinnulöggjöf sem var samþykkt fyrir fáeinum vikum. Í kjölfarið fylgdu gríðarleg mótmæli um allt Frakkland sem settu daglegt líf nánast gjörvallrar þjóðarinnar úr skorðum. Villepin og Chirac þoldu ekki pressuna og létu undan.

Mótmæli og skæruverkföll eru svo sannarlega ekki ný af nálinni í Frakklandi. Fyrsta orðið sem sá er þetta skrifar heyrði í sinni fyrstu heimsókn til Fakklands var „greve“ sem þýðir einmitt verkfall og í framhaldinu var boðið upp á að nálgast töskurnar úr farangursrými flugvélarinnar af því að hlaðmenn flugvallarins áttu í deilum við vinnuveitendur sína.

Að sama skapi er kunnugleg sjón úr fréttum sjónvarps að sjá franska bændur sturta skemmdum ávöxtum fyrir framan McDonalds eða á tröppur einhverrar stjórnarbyggingarinnar.

Tilgangur nýju vinnulöggjafarinnar, sem Villepin og Chirac máttu þola að vera gerðir afturreka með, var að ráðast að gríðarlegu atvinnuleysi meðal ungra Frakka. Meira en tuttugu prósent Frakka á tvítugsaldri eru án vinnu og hlutfallið er jafnvel ennþá hærra meðal þeirra sem búa í hverfum innflytjenda.

Hugmyndin var að losa um mikil réttindi og atvinnuöryggi, sem vinnulöggjöfin tryggir launþegum, og er afrakstur áralangrar baráttu franskrar verkalýðshreyfingar. Einungis átti að breyta vinnulöggjöfinni gagnvart nýliðum undir tuttugu og sex ára á vinnumarkaði, en hin miklu almennu réttindi löggjafarinnar hafa valdið því að vinnumarkaðurinn í Frakklandi er gríðarlega þungur í vöfum. Til einföldunar má segja að ástandið er þannig að jafnvel þótt tækifæri séu til vaxtar veigra atvinnurekendur sér við að ráða nýtt fólk til starfa því mjög dýrt er að losna við það aftur af launaskrá ef áætlanir ganga ekki upp. Þessu ástandi vildu Villepin og Chirac breyta með því að gefa vinnuveitendum kost á að ráða fólk undir 26 ára aldri en jafnframt segja því upp störfum innan tveggja ára án skýringa.

Verklýðshreyfingin og franskir stúdentar hafa nú eftirminnilega hafnað þessum umbótatilraunum. Framhaldið er algjörlega í lausu lofti og ekki aðrar tillögur í augsýn sem geta leyst vanda atvinnulausra ungra Frakka.

Eftir atburði gærdagsins er svo hægt að spyrja hverjir stjórni Frakklandi í raun? Eru það stjórnmálamennirnir, löglega kosin stjórnvöld, ríkisstjórn og forseti, eða eru það þrýstihópar sem ganga fram af hörku þegar þeim finnst að sér vegið?




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sigurjón óþreyttur

Framsóknarmenn hugsa Sigurjóni Þórðarsyni þingmanni frjálslyndra þegjandi þörfina þessa dagana en hann hefur verið ódeigur við að benda á meintar ávirðingar flokks og flokksgæðinga. Þótti þeim tólfunum kastað í Silfri Egils um helgina þegar þingmaðurinn varpaði að minnsta kosti þremur sprengjum að Framsóknarflokknum.



Í fyrsta lagi taldi Sigurjón að Stefán Svavarsson endurskoðandi og fræðimaður væri vanhæfur til þess að segja nokkurn hlut um aðkomu Hauck & Aufheuserbankans þýska að einkavæðingu Búnaðarbankans og þætti S-hópsins í þeim kaupum. Sama hversu lærður Stefán væri; hann væri formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins í krafti Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra og allir vissu um tengsl kaupenda bankans við hana og Framsóknarflokkinn. Í öðru lagi kvaðst Sigurjón hafa beðið um stjórnsýsluúrskurð um einkavæðingu Íslenskra aðalvertaka en fyrirtækið hefði á endanum komist í hendur framsóknarmanns í einkavæðingarnefnd. Sigurjón segir málið til afgreiðslu hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

### Freyðivín og rósir

Loks nefndi Sigurjón flutning vínbúðar ÁTVR úr verslanaþyrpingu Mjóddarinnar yfir í garðyrkjustöð Garðheima þar í grennd. Allir vita að viðskipti fylgja nálægð vínbúðanna þannig að þarna getur verið um hagsmuni að tefla. Sigurjón gefur í skyn að flutningurinn sé í óþökk Breiðhyltinga og tengist nánu sambandi eigenda Garðheima við forystukjarna Framsóknarflokksins. „Fólkinu þykir þetta ekki fyndið sagði Sigurjón þegar Páli Magnússyni, aðstoðarmanni iðnaðarráðherra, blöskruðu útleggingar Sigurjóns og hló við í Silfri Egils. – Ónefndur bloggari hrósar frammistöðu Sigurjóns á vefsíðu hans með svofelldum orðum: „Glottið fraus á andliti Páls sem stirnaði þegar hann fattaði hvernig hann var búinn að eyðileggja fyrir framboði Björns Inga. Maður heyrði bóksaflega hvernig atkvæðin hrundu af Framsókn í beinni útsendingu.“ En Björn Ingi Hrafnsson efsti maður á Framsóknarlista Reykvíkinga – og Breiðhyltinga – getur samt sem áður glaðst yfir 9 prósenta fylgi og öruggum manni sem Bylgjan mældi honum í könnun 4. apríl síðastliðinn.



johannh@frettabladid.is

## Um útvarp og sjónvarp

Í DAG
RÍKISSJÓNVARPIÐ



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Það furðar mig þegar forvígismenn einkaframtaksins í ríkisstjórn sem ráða yfir ríkisfyrirtækjum og örlögum þeirra detta í þann pytt að verja fyrirtækin eins og þau væru þeirra eigin, í stað þess að nota tækifærið og peninga ríkisins til að hleypa lífi í einkafyrirtæki.*

Það virðist vera að sumum þyki eitthvað fínt eða kannski öllu heldur gáfulegt við að leiðast sjónvarp. Í gamla daga þótti það vissulega sérlega gáfulegt að vilja hafa sem minnst með þann miðil að gera, eitthvað hefur það nú elst af sumum en aðrir hafa þá bara tekið við með þá skoðun. Ég er ekki ein af þeim, mér finnst það ein besta skemmtun og afslöppun eftir annasaman dag (svolítið virðulega að orði komist, finnst ykkur ekki) að setjast, svo ég tali nú ekki um leggjast fyrir framan sjónvarpið. Ég er meira að segja svo mikill plebbi að mér finnst ekkert gaman að David Attenborough, en annað heimilsfólk bætir það áhugaleysi tvöfalt upp. Á hinn bóginn hef ég haft ómælda ánægju af að horfa á Krónikuna og hlýt að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að Ida hafi flutt inn til Sörens, sem kæmi mér ekki á óvart að væri einn af þeim sem telur sjónvarp mikið óþarfa tæki, þó ég haldi að hann hafi samt aldrei orðið beint uppvís að því. Og þar með hef ég fjallað um þá þætti sem sóst er eftir að horfa á í ríkissjónvarpinu á mínu heimili.

Því er þannig fyrirkomið í landinu okkar að ef kona ætlar að eiga sjónvarp þá verður hún að borga afnotagjald til RUV, hvort heldur henni líkar það eður ei. Í hverjum mánuði borga ég 2.705 kr. fyrir þjónustu RUV í því gjaldi er innifalin þjónusta Rásar 1, Rásar 2 og Ríkissjónvarpsins. Samtals borgum við rúma 2.5 milljarða til stofnunarinnar í afnotagjöld og áætlað er að hún taki rétt rúman milljarð inn í auglýsingar. Þessi stofnun er í samkeppni við aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og fær tæpan 1/3 af kostnaði niðurgreiddan. Ritstjóri þessa blaðs impraði á því í skrifum sínum um daginn að deila mætti um hvort, eða kannski sagði hann bara, að velta mætti því fyrir sér, hvort réttlætanlegt væri að Ríksútvarpið keppti við einkafyrirtæki á auglýsingamarkaði.

Viðbrögð æðsta yfirmanns Ríksútvarpsins, menntamálaráðherrans, voru hvort tveggja í senn ómálefnaleg og dónaleg. Það furðar mig þegar forvígismenn einkaframtaksins í ríkisstjórn sem ráða yfir ríkisfyrirtækjum og örlögum þeirra detta í þann pytt að verja fyrirtækin eins og þau væru þeirra eigin, í stað þess að nota tækifærið og peninga ríkisins til að hleypa lífi í einkafyrirtæki. Menntamálaráðherrann hefur nú tækifæri til að umbylta og hleypa lífi í þann geira þjóðfélagsins sem vinnur að hvers konar þáttagerð hvort heldur til fróðleiks eða dægrastyttingar, framleiðslan yrði síðan seld útvarps- og sjónvarpsstöðvum landsins.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkið eigi að reka hljóðvarp, slíkt útvarp á að vera eitthvað í áttina við Rás 1 og tryggja þá almannahagsmuni sem sem talað er um í umræðum um ríkis- og einkarekið útvarp. Sú stöð ætti að vera kostuð af skattpeningum, þar ættu ekki að heyrast neinar auglýsingar. Ég vil að Rás 2 sé lokað, eða hún seld, ef það er hægt. Einkaframtakið mun svara eftirspurn eftir sérstökum landsvæðaútvarpsstöðvum.

Eftir talsverða umhugsun hef ég fallist á staðhæfingu vinar míns um að markaðurinn hér á landi sé einfaldlega of lítill til að hægt sé að reka sjónvarp án auglýsingatekna, þess vegna tel ég að ríkið verði að láta af þeim rekstri, en leggja í staðinn fram peninga til frétta og þáttagerðar og setja fram gæðakröfur um þessa framleiðslu Standist framleiðendur þær ekki missa þeir einfaldlega verkefnið eða öllu heldur peningana sem þeir fengu frá ríkinu.

Kröfur til þátta kostaðra af ríkinu yrðu vonandi hærri en þær sem gerðar eru í ríkisfyrirækinu í dag. Kastljóssþátturinn langi hefur með fáum undantekningum verið „under al kritik“ eins og danskurinn segir. Ég man eftir þremur undantekningum þ.e. umfjöllun um ofbeldi, skatta og aðbúnað aldraðra, sem reyndar voru lofsvert framtak.

Ég á ekki von á að menntamálaráðherrann eyði tíma sínum í að lesa pistla af þessu tagi, ef hún gerði það mundi hún sjálfsagt sýna mér sömu kurteisi og hún sýndi ritstjóra þessa blaðs og segja að ég hefði ekki sjálfstæða skoðun heldur væri handbendi eiganda blaðsins. Er þá ekki bara rétt að vera dónalegur á móti og segja „margur heldur mig sig“.




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ENNEMM / SIA / NM20913




# 549 verslanir á Gulu síðunum

**Nýtt á www.ja.is / www.simaskra.is**

- Þú getur slegið inn **leitarorð** á borð við „veisla", „banki" eða „pípari"
- Leitarvélin **talar íslensku** svo að engu skiptir í hvaða falli leitarorðin eru
- **Blönduð leit**, nafn/heimilisfang/póstnúmer. Þannig má t.d. finna allar verslanir á svæði 101 og skiptir röð leitarorða ekki máli
- **Niðurstöður birtast í röð** eftir vægi, mestar upplýsingar fyrst og síðan hinar í stafrófsröð
- Tengd/skyld leitarorð birtast sem **tillögur**
- **Fellistika** stingur upp á leitarorði um leið og leitandi slær inn orð
- Leitarvélin **stingur upp á** annarri stafsetningu við vitlausan innslátt
- **Ný og gjörbreytt kort** fylgja öllum heimilisföngum

Gulu síðurnar

já

Mundu einnig eftir Gulu síðunum í **118** og í **Símaskránni.**





# Samstarf í þágu bágstaddra barna

Himinn og haf / SÍA

Barnaland

abc BARNAHJÁLP

Netbankinn

ABC-barnahjálp, Netbankinn og Barnaland.is kynna samstarf sem kemur ungum fjölskyldum og bágstöddum börnum í heiminum til góða. ABC-kortin eru þau fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Með þeim nýtur þú afsláttar og fríðinda sem taka mið af þörfum barnafjölskyldna og styrkir um leið börn víðsvegar um heiminn.

Samstarfaðilar ABC-kortanna eru sérvalin fyrirtæki sem þjónusta barnafólk og eru leiðandi á markaði á sínu sviði.

BabySam · LYFJA · 66° NORÐUR · Hans Petersen · spron · Veröldin okkar · yoga shala · sissa stúdíó · Pizza Hut

# Það hefur aldrei verið auðveldara að gefa!



# ABC-kort



## ABC-kreditkort

Við stofnun ABC-kreditkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. Samstarfsfyrirtækin láta 1% af viðskiptum korthafa renna til ABC-barnahjálpar og veita einnig korthöfum góðan afslátt.

## ABC-debetkort

Við stofnun ABC-debetkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. **Öll færslugjöld af kortinu renna til ABC-barnahjálpar.**

## ABC-barnahjálp

Starf ABC-barnahjálpar snýst um að bæta hag bágstaddra barna. Markmiðið er að veita yfirgefnum og umkomulausum börnum varanlega hjálp í formi menntunar og heimila þar sem þess er þörf, auk læknishjálpar, framfærslu og síðast en ekki síst, umhyggju.

**Þú getur sótt um ABC-kortin hjá Netbankanum í síma 550 1800, á nb.is og barnaland.is.**

# Karlinn í kerfinu

UMRÆÐAN
FISKVEIÐAR



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

*Það er engu líkara en að nýr sjávarútvegsráðherra líti á starf sitt fyrst og fremst sem starf í einhverju kerfi og að hann eigi að standa vörð um það þó svo að það skili engu nema skaða fyrir sjávarbyggðirnar, t.d. Bolungarvík, og þjóðarbúið í heild sinni.*

Þessa dagana berast tíðindi af niðurstöðum togararalls og gefa niðurstöðurnar til kynna að það verði 15% aflasamdráttur í þorski á næsta ári.

Útkoman sýnir berlega að hvorki gengur né rekur með svokallaða uppbyggingu þorskstofnsins. Þessi meinta uppbygging hvílir á mjög veikum grunni líffræðilega sem byggist á því að stór hrygningarstofn gefi góða nýliðun og að hægt sé að stækka stofn með því að veiða lítið, eins og aðrir þættir komi þar ekki við sögu.

Það eru óvart fleiri þættir en veiðar sjómanna sem ráða örlögum fiska.

Helstu rök þeirra stjórnmálamanna í kvótaflokkunum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki sem neita að skoða fiskveiðistjórnina í nýju ljósi og vilja hjakka áfram í sama gamla farinu er að ekki séu komnar fram endanlegar niðurstöður um stofnstærð þorskins á hafsvæðinu í kringum Ísland.

Sagan segir okkur að það getur þurft að bíða nokkuð lengi eftir endanlegu mati á stofnstærð þorsksins þar sem þess eru nýleg dæmi að stærð á sama þorskstofninum hafi verið margreiknuð upp á nýtt jafnvel áratugi aftur í tímann. Um síðustu aldamót töpuðust nokkur hundruð þúsund tonn út úr þorskabókhaldinu og var breyttum veiðanleika kennt um – hvað sem það nú er. Staðreyndir liggja á borðinu um að aflinn nú er helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins og þess vegna er borðliggjandi fyrir stjórnmálamenn eins og Einar Kristin Guðfinnsson, sem hafa um áratugaskeið boðað breytingar á kerfinu til hins betra fyrir sjávarbyggðirnar, að láta slag standa.

Ég batt að einhverju leyti vonir við nýjan sjávarútvegsráðherra, að einhverra jákvæðra breytinga væri að vænta eftir stjórnartíð síðustu tveggja sjávarútvegsráðherra sem störfuðu líkt og um blaðafulltrúa LÍÚ væri að ræða. Svo er ekki.

Það er engu líkara en að nýr sjávarútvegsráðherra líti á starf sitt fyrst og fremst sem starf í einhverju kerfi og að hann eigi að standa vörð um það þó svo að það skili engu nema skaða fyrir sjávarbyggðirnar, t.d. Bolungarvík, og þjóðarbúið í heild sinni.

Það er varla hægt að hugsa sér dapurlegra hlutskipti fyrir nokkurn stjórnmálamann en það sem Einar Kristinn hefur valið sér. Hann hefur reynt að klóra í bakkann með því að benda á að veiðar á nokkrum tugum smáhvela geti riðið baggamuninn. Ástæðan fyrir þessari barnalegu kenningu ráðherra var, að hans sögn, nýjar rannsóknir sem sýndu að þorskur var allt að 15% af æti hrefnunnar og er það víst eitthvað meira en fyrri mælingar sýndu.

Áætlað er að hrefnustofninn sé nokkrir tugir þúsunda dýra og þess vegna vandséð að veiðar á nokkur hundruð dýrum hafi umtalsverð áhrif á stærð hrefnustofnsins, hvað þá þorskstofninn. Er ekki kominn tími til að fara að skoða náttúrufræðina í alvörunni í stað þess að vera ekki með eilífar áhyggjur af nýliðun með friðun á fiski sem hefur ekki æti?

*Höfundur situr á þingi fyrir Frjálslynda flokkinn.*

# *Sjálfstæði - engan aumingjaskap!*

UMRÆÐAN
BROTTFÖR VARNARLIÐSINS



ÞORVALDUR ÖRN ÁRNASON

Geir Haarde sagði á fundi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri að við Íslendingar eigum engan annan raunverulegan kost í öryggis- og varnarmálum en að halda áfram „samstarfinu“ við Bandaríkin. Forsætisráðherra situr með hendur í skauti og bíður eftir tillögum Bandaríkanna um hvernig vörnum Íslands skuli háttað. Hvílíkur undirlægjuháttur!

Hvaða vit er í því að fela gráðugu heimsveldi sjál a sér í árásarstríð þess í fjarlægum heimshluta? Ráðamenn hér véluðu okkur undir hervald Bandaríkjanna með samningum 1949 og 1951 sem stór hluti þjóðarinnar barðist hatramlega gegn í áratugi. En svo má illu venjast að gott þyki – og nú yppa margir öxlum þegar rætt er um stefnu okkar í utanríkismálum og láta hrædda ráðherra eina um þau – og vonast eftir að molar hrökkvi af borði herveldisins. Hver trúir því að Bandaríkin hafi verið hér með herstöð öll þessi ár til að verja okkur? Nú er alveg ljóst að Bandaríkjaher framfylgir eigin stefnu í eigin þágu, hvað sem íslensk stjórnvöld tauta og raula. Nú vilja þeir hypja sig með helstu hertól sín strax í sumar – til að geta háð fleiri stríð annars staðar á hnettinum. Halldór Ásgrímsson, Davíð, Geir og þeir félagar hafa haft þjóðina að fífli í mörg ár og þóst geta með blíðmælgi haldið hertólunum lengur í landinu. Þeir gengu svo langt í þjónkun sinni við heimsveldið að varpa friðarskuldbindingum Íslands fyrir róða og gerast aðilar að ömurlegu stíði á hendur Asíuþjóðum. Nú sjá flestir (nema Halldór og félagar) hve herfileg og hættuleg sú ráðstöfun var.

Þingsályktunartillögur sem vinstri grænir hafa flutt mörg undanfarin ár um að taka frumkvæði í hermálinu og semja við Bandaríkjamenn um að herinn fari á okkar forsendum, hefðu betur náð fram að ganga. Samfylkingin er að hálfu sprottin af Alþýðubandalaginu sem barðist alla tíð gegn hernámi Íslands og veru þess í hernaðarbandalaginu NATO. Í Samfylkingunni varð ofaná sú stefna hægrikrata að vera áfram í NATO og halda dauðahaldi í herstöðvasamninginn við Bandaríkin. Framsóknarflokkurinn var lengi klofinn í málinu og átti marga öfluga baráttumenn gegn hersetunni, en þær raddir hafa flestar þagnað. Um tíma starfaði hér Þjóðvarnarflokkur sem barðist fyrst og fremst fyrir sjálfstæðri og friðsamlegri utanríkisstefnu. Nú er svo komið að aðeins einn lítill en öflugur flokkur stefnir markvisst að því að koma landinu úr hernaðarbandalaginu og segja upp herstöðvasamningnum við risaveldið. Vinstri hreyfingin – grænt framboð stefnir ótrauð að friðsamlegri sambúð okkar við þjóðir heims – að endurvekja hlutleysi landsins sem var og er ein af forsendum sjálfstæðis okkar. Þau okkar sem vilja búa í friðsömu, herlausu landi eiga því ekki annan kost en að fylkja sér um VG og vinna að stefnumálum þess flokks.

Hvenær eignast íslensk þjóð forystumenn sem hafa vilja og kjark til að marka þjóðinni sjálfstæða utanríkisstefnu – á hennar eigin forsendum? Mun hún enn og aftur kjósa yfir sig hrædda Kanadindla? Eigum við að láta það gerast enn einu sinni?

*Höfundur er líffræðingur og kennari og formaður vinstri grænna á Suðurnesjum.*




B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umboðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



## MEIRI FRÆÐSLU UM LÍFIÐ SJÁLFT

Gréta Morthens fermdist síðastliðinn sunnudag. Hún er ánægð með daginn en fannst að fræðslan mætti taka meira mið af lífinu sjálfu

FERMING 6

## GRÍSKAR SNYRTIVÖRUR MEÐ ÓLÍFUOLÍU

Ólífuolía hefur lengi verið notuð við ýmsum húðvandamálum. Olivia-snyrtivörurnar hafa reynst mjög vel þeim sem eru með viðkvæma húð eða exem.

HEILSA 3






## ALLT HITT

**[HEILSA FERMINGAR BRÚÐKAUP]**

**Brúðarkvöld** í Bæjarlindinni eru hafin. Á brúðarkvöldunum geta tilvonandi brúðhjón komið og kynnt sér það nýjasta í vörum og þjónustu frá nokkrum fyrirtækjum. Kvöldin eru ókeypis og hægt er að fá persónulega ráðgjöf fyrir brúðkaupið. Nánari upplýsingar má finna á www.brudkaup.is.



**Danir** hafa á að skipa flestum sálfræðingum miðað við höfðatölu. Sérfræðingar segja þetta vísbendingu um aukna einangrun fólks og að það eigi sífellt erfiðara með að leita til vina og vandamanna eigi það í einhverju sálarstríði. Íslendingar eru í sjöunda sæti hvað varðar fjölda sálfræðinga miðað við höfðatölu.

**Fermingarveislurflóðið** er nú að ná hátindinum. Til þess að verða ekki þurrausinn af veisluspjalli er ágætt að lesa vel yfir blöðin og hlusta á fréttir dagana fyrir fermingarveisluna og rifja upp einn klassískan brandara svo neyðin kalli ekki á enn eina umræðuna um veðrið.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 11. apríl, 101. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.11 | 13.29 | 20.49 |
| Akureyri | 5.49 | 13.13 | 20.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Börnin ráða deginum

***Í Fríkirkjunni í Reykjavík fermast 42 ungmenni í vor. Þar fá börnin sjálf að velja fermingardaginn sinn.***

Fermingin í Fríkirkjunni er með örlítið öðruvísi áherslum heldur en gerist í þjóðkirkjunni. Séra Ása Björk Ólafsdóttir prestur segir að sérstaða fermingarinnar í Fríkirkjunni í Reykjavík sé helst sú að fermingarbörnin fái sjálf að velja fermingardaginn sinn. „Við erum með átta dagsetningar sem við bjóðum formlega upp á en við getum einnig fermt á öðrum dögum sé óskað eftir því,“ segir Ása og bætir við að þau fermi einnig á haustin og um jólin.

Í lok sumars koma fermingarbörnin saman í sérstakan fermingarskóla sem tekur nokkra daga. Krakkarnir koma síðan jafnt og þétt yfir veturinn í fermingarfræðslu allt fram á fermingardaginn. „Við hittum þau ekki alveg eins oft, en við erum lengur í hvert sinn,“ segir Ása Björk en Fríkirkjan í Reykjavík er fyrsta kirkjan sem hefur þetta fyrirkomulag.

Fermingarbörnin velja sjálf versin sín og segir Ása Björk að það sé vinna fyrir þau að finna vers sem standa þeim nærri. Í Fríkirkjunni fermast yfirleitt mjög litlir hópar í einu. „Við fermum fimm stúlkur um næstu helgi og þar sem við erum með risastóra kirkju þá hvetjum við alla fjölskylduna til þess að koma og taka þátt í þessari stund með okkur. Við þurfum ekki að setja reglur um hámarksfjölda gesta eins og annars staðar.“

Þar sem hóparnir eru litlir gefst þeim kostur á að hafa fermingarfræðsluna einstaklingsmiðaða og persónulega. „Í fræðslunni leggjum við mikla áherslu á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og boðorðin tíu. Megináhersla okkar er samt á siðferðisleg gildi, náungakærleik og manngildi.“ Ása Björk segir að tilgangur fræðslunnar sé að sýna krökkunum að kirkjan sé meira en bara stór bygging. „Kirkjan er samfélag fólks og þeir sem við hittum í lífinu bæði í gleði og sorg eru náungar okkar og það er mikilvægt fyrir þau að vita að kirkjan er til staðar fyrir þau í lífinu.“



Séra Ása Björk prestur í Fríkirkjunni í Reykjavík og Sebastían Kristinsson sonur hennar sem fermist í ár.

## Samstarf í þágu barna

LÝÐHEILSUSTÖÐ OG HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS ÆTLA AÐ STARFA SAMAN Í ÞÁGU BARNA.

Fulltrúar Lýðheilsustöðvar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins undirrituðu nýlega samstarfssamning til ársins 2010 í þágu barna. Með samstarfssamningnum er ætlunin að efla samskipti stofnananna tveggja en þess utan er markmið með samstarfinu að vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum til stuðnings heilsu barna á Íslandi. Miðstöð heilsuverndar barna ber ábyrgð á samningnum fyrir hönd Heilsugæslunnar.
Þegar eru hafin nokkur samstarfsverkefni þó ekki hafi verið undirritaður formlegur samningur þar um fyrr en nú.



Markmiðið með samstarfinu er að vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum til stuðnings heilsu barna á Íslandi.

Má þar nefna gerð fræðsluefnis fyrir foreldra um næringu ungbarna, fræðsluefnis fyrir starfsfólk heilsugæslu og um tannvernd ungbarna. Ennfremur er samstarf um gerð fræðslu- og forvarnarefnis fyrir grunnskólabörn og foreldra þeirra, sem skólahjúkrunarfræðingar munu nýta í starfi sínu, og um útgáfu á rannsóknaverkefnum læknanema um lýðheilsu barna á Íslandi.
www.heilbrigdisraduneyti.is

APRÍL
Kafbátur mánaðarins
með krabbasalati
...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 598
SUBWAY
Gildir í apríl 2006
Gildir í Stjörnumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum





**Græðgi** á ekki við um páskana. Það er í góðu lagi að fá sér páskaegg, en það er of mikið af því góða að fá sér þrjú stykki.




Ný húð Á aðeins 5 dögum með Green peel, herbal peeling.
Notað til meðferðar á:
Óhreinni húð • Stækkun svitahola
Ótímabærrar öldrunar á húð
Hrukkum • Örum • Húðsliti
Appelsínuhúð • Minnkandi sveigjanleika húðar á maga, upphandleggjum og lærum
SPA fegurð
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur
S. 511 6660 Laugarvegi 86 (hjá Toni&Guy)



STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.



Holla saltið
- Seltin inniheldur helmingi minna natríumklóríð
- Seltin bragðast eins og venjulegt salt
- Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
- Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði
- Seltin er hollara en venjulegt salt
- Seltin inniheldur helmingi minna natríumklóríð
- Seltin bragðast eins og venjulegt salt
- Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
- Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði





Hreinsiprógram fyrir líkamann
**Vaðgelmir** fyrir ristilinn - **Suttungamjöður** fyrir blóðið - **Þaraduft** fyrir líkamann
JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




Unnur skemmtir sér vel við kennsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Dansað í skammdeginu

***Í World Class í Laugum er boðið upp á sérstaka líkamsræktartíma sem hafa verið mjög vinsælir en það eru danstímar. Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktarþjálfari sér um tímana og segir að þar sé fólk á öllum aldri og allir skemmti sér vel.***

Tímarnir sem Unnur kennir heita Dirty Dancing og eru á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum klukkan hálf sjö. Hún byrjaði með tímana síðasta haust og upphaflega voru þeir einu sinni í viku en vegna mikillar þátttöku var þeim fjölgað í þrjá á viku. „Í tímunum blanda ég saman salsa og djassballet en ég kenndi þetta fyrst úti í Bretlandi fyrir fimm árum og hef verið að þróa þetta síðan,“ segir Unnur.

Danstímarnir hjá Unni hafa verið mjög vinsæl líkamsrækt í skammdeginu. „Við erum að vinna í svo mikilli streitu og það er kalt úti þannig að ég nota mjög mikið svona góða suður-ameríska tónlist og fólk verður einhvern veginn svo ánægt og sleppir sér bara. Ég hef tímana líka svolítið mismunandi eftir því hvernig hópurinn er stemmdur og ef hópurinn er í miklu stuði og ég sé að hann langar til þess að prófa eitthvað nýtt þá tek ég kannski einn tíma í hiphop og fönk. Mér finnst mjög skemmtilegt að kenna þessa tíma og geta fengið að gera það sem mér dettur í hug því hópurinn er mjög jákvæður og opinn fyrir öllu.“

Danstímarnir eru opnir og henta öllum aldurshópum. „Ég er með fólk alveg frá sautján ára og upp í sextugt svo það er mikil fjölbreytni í hópnum og kjarninn er orðinn fínn og er fljótur að læra ný spor. Ég legg samt mesta áherslu á að fólk skemmti sér vel og sporin séu ekki of erfið svo að nýtt fólk eigi auðvelt með að koma inn og þeir sem koma aftur og aftur verði alltaf betri og betri.“

Á föstudögum hefur Unnur stundum verið með þematíma og meðal annars diskóþema sem hefur alveg slegið í gegn. „Í diskótímunum tökum við svona „Saturday Night Fever“ og sumir eru með svitabönd eða eitthvað svona hallærislegt og við skemmtum okkur bara alveg rosalega vel,“ segir hún.

emilia@frettabladid.is



Í danstímunum er mikið fjör. Á föstudögum eru stundum þematímar þar sem til dæmis er tekið fyrir diskótímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Suðræn sveifla er hressandi í skammdeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Ragna Rut hefur mikla trú á ólífuolíu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Grískar snyrtivörur með ólífuolíu fyrir viðkvæma húð

***Ragna Rut Magnúsdóttir heildsali flytur inn Olivia húð- og hársnyrtivörur frá Grikklandi.***

Ragna kynntist Olivia-snyrtivörunum þegar hún var úti á Grikklandi í fyrrasumar og varð strax mjög hrifin af þeim. „Ég hef alltaf haft mikla trú á ólífuolíu og svo rakst ég á þessar vörur og þær voru svo ótrúlega góðar að ég ákvað að prófa að flytja þær inn,“ segir hún.

Olivia-vörurnar eru seldar í verslunum Hagkaupa, Fjarðarkaupum í Hafnarfirði, Heilsubúðinni í Hafnarfirði og Samkaupum í Njarðvík. „Vörurnar komu á markaðinn í desember og hafa alveg slegið í gegn enda eru þær mjög góðar og sérstakar vegna ólífuolíunnar,“ segir Ragna.

Ragna segir að Olivia-vörurnar henti öllum sem vilja hugsa vel um hárið og húðina. „Vörurnar hafa til dæmis reynst mjög vel þeim sem eru með viðkvæma húð eða exem og þess háttar enda hefur ólífuolía lengi verið notuð við ýmsum húðvandamálum.“




Olivia-snyrtivörurnar hafa slegið í gegn á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Konur bæta á sig kílóum í sambúð

***Niðurstöður breskrar rannsóknar sýna að konur fitna eftir að þær hefja sambúð en karlar taka upp á því að grennast.***

Nýlega var gerð rannsókn á vegum Newcastle-háskóla í Bretlandi þar sem rannsökuð voru áhrif sambúðar á mataræði og holdafar kvenna.

Niðurstöðurnar, sem birtust í tímaritinu Complete Nutrition, sýndu að konum hættir til að fitna og borða óhollari mat þegar þær hefja sambúð með unnusta sínum. Þessu er öfugt farið með karlmenn en í flestum tilfellum tileinka þeir sér heilsusamlegra líferni eftir að þeir hefja sambúð.

Vísindamennirnir telja að þetta stafi af því að fólk lagar sig að matarvenjum nýs sambýlings. Þegar konur hefja sambúð eykst hlutfall fitu og sykurs í mataræði þeirra en karlarnir seilast frekar í léttari og heilsusamlegri mat og borða meira af ávöxtum og grænmeti.

Sambærileg rannsókn, sem gerð var í Bandaríkjunum, sýndi að konur juku kjötneyslu eftir að þær hófu sambúð en karlar drógu úr henni. Önnur bandarísk rannsókn sýnir einnig að konum hættir til að fitna eftir að þær hafa gengið í hjónaband en léttast aftur þegar þær skilja.

Frétt fengin af www.bbc.com.



Eftir að par hefur sambúð laga einstaklingarnir sig að mataræði hvors annars. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES


# LAGERÚTSALA Skeifunni 7

Vegna lagerflutninga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins þriðjudag 4. apríl til miðvikudags 12. apríl. Virka daga frá kl. 13-18, laugardag frá kl. 11-16

Í bústaðinn !
Crown heilsudýna með botni í hvítu eða brúnu leðurlook og Square Alu löppum.
Verðdæmi 160x200 cm
kr. 69.900,-



Stillanleg rúm!
Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.





Apple náttborð
Eik, Vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.

30-70% Afsláttur




www.design.is © 2006

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**Næstu námskeið hjá Maður lifandi**
**11. apríl Sætuefnið Aspartam**
**– Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
Haraldur Magnússon
**25. apríl Er heilsan í fyrirrúmi?**
Örn Jónsson
**26. apríl Heilbrigði og hamingja**
Benedikta Jónsdóttir.
**27. apríl Rope yoga 27. - 30. apríl**
**09. maí Kennsla í notkun jurta og fæði við gigt**
Kolbrún Björnsdóttir

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Spry tyggjó
með Xylitol
Hindrar bakteríuvöxt í munni
Minnkar tannskemmdir um 80%
Stuðlar að endurnýjun tannglerungs
4 BRAGÐTEGUNDIR
Spearmint, peppermint, cinnamon og fresh fruit
FÆST Í HEILSUBÚÐUM OG APÓTEKUM
Frekari upplýsingar á www.simnet.is/xylitol

SKÍÐAPÁSKAR Á SIGLUFIRÐI

**Þriðjudagur 11. apríl**
**Lyftur:** Opið 14 – 20
**Sundlaugin:** Opið frá kl. 6:30 – 10 og 14 – 21

**Miðvikudagur 12. apríl**
**Lyftur:** Opið frá 14 – 20
**Sundlaugin:** Opið frá kl. 6:30 – 10 og 14 – 21
**Allinn Sportbar:** Trúbadorinn Teitur – nýr og ferskur – Frítt inn!
**BíóSalur:** FÍLAPENSLAR 15 ára og ball á eftir með Mðaldarmönnum.

**Fimmtudagur 13. apríl**
Skírdagur.
**Lyftur:** Opið 10 -17
Leikjabraut og brettabraut
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 13 – 19
**Bíó Salur:** FÍLAPENSLAR

**Föstudagur 14. apríl**
Föstudagurinn langi
**Lyftur:** Opið 10 – 22
Leikjabraut og brettabraut
Tyrolagleði kl. 18
Garpamót kl. 18
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 13 – 19
**Allinn Sportbar:** Stórdansleikur með hljómsveitinni VON
**Bíó Salur:** Ball með Terlín frá miðnætti.

**Laugardagur 15. apríl**
**Lyftur:** Opið frá 10 – 17
Leikjabraut og brettabraut
Andlitsmálun og páskaeggjamót fyrir 12 ára og yngri kl. 14.
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 10 – 19.
**Allinn Sportbar:** Sönskemmtunin allt frá óperu til Idol og dansleikur með Stúlla og Sævari á eftir.
**Bíó Salur:** Ball með Spútnikk frá kl. 23.
**Bátahúsið:** Söngskemmtun karlakórsins kl. 20:30.

**Sunnudagur 16. apríl.**
Páskadagur
**Lyftur:** Opið frá 10 – 17
Leikjabraut og brettabraut
Bretta- og freestylekeppni samhliðasvig kl. 14
**Sundlaugin:** Opin frá kl. 15 – 19
**Allinn Sportbar:** Trúbadorinn Teitur – Frítt inn !
**Bíó Barinn:** Lifandi tónlist frá kl. 23 – 3

**Mánudagur 17. apríl**
Annar í páskum
**Lyftur:** Opið frá 10 – 17
Leikjabraut og brettabraut
**Sundlaugin:** Lokað.



Þorvaldur er mikill klifurkappi og á auðvitað allar réttu græjurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Klifur er ekki hættulegra en að hjóla á Laugavegi

***Þorvaldur Þórsson, eða Olli eins og hann er kallaður, er annálaður útivistarmaður. Hann heldur sér í formi meðal annars með klettaklifri.***

Allt frá því að Olli var drengur var hann uppi um öll fjöll og firnindi. „Mamma segir að ég hafi verið til algjörra vandræða, alltaf hlaupinn upp á næsta fjall,“ segir Olli. „Það má því segja að það hafi aldrei þurft að kveikja hjá mér áhugann á fjallgöngum, hann sé meðfæddur.“

Meðal þess sem Olli stundar af kappi er ísklifur. „Ísklifur er geysilega skemmtilegt sport,“ segir Olli. „Allir sem prófa sportið verða fljótlega hugfangnir og mesta hættan sem fylgir klifrinu er hversu ávanabindandi það er.“

Klifur, hvort sem það er í klettum eða ís, er erfitt og reynir mjög á líkamann. Þess vegna leggur Olli mikið upp úr því að halda sér í góðu formi. „Ég er svo heppinn að á móti vinnustaðnum mínum,



Mikilvægt er að hafa öryggisbúnaðinn í lagi.

MYND: PÁLL SVEINSSON

handa götunnar, er sundlaug með ágætis tækjasal. Ég fer þangað þrisvar til fimm sinnum í viku en það er klifrið sem rekur mig til að mæta reglulega.“

Kletta- og ísklifur sýnist flestum, sem aldrei hafa prófað, hættulegt sport. Olli segir þó að það sé eins með það og annað, þú ræður því sjálfur hversu hættuleg staðan verður. Maður verði einfaldlega að gæta fyllsta öryggis. „Það er hægt að segja að það sé hættulegt að fara á Laugaveginn. Það getur alltaf einhver keyrt á mann. Maður verður bara að passa sig. Það sama á við um klifrið. Auk þess sýnir tölfræði frá tryggingafélögum í Bandaríkjunum að það er hættuminna að fara sex klifurferðir á ári en að hjóla í vinnuna,“ segir Olli.

Olli fær útrás fyrir klifuráráttuna með Íslenska Alpaklúbbnum. Þar er á ferð félagsskapur útivistarmanna sem fara í svokallaðar jaðarferðir, það er ferðir á tinda sem menn klífa ekki oft. Olli fór til dæmis í ferð í fyrra upp suðaustur hrygg Hrútfellstinda sem tók 27 tíma.

Það er engin nauðsyn að leggja á sig 27 tíma ferð til að komast í ísklifur. „Það þarf ekki að keyra lengur en í hálftíma frá Reykjavík til að komast í almenninlegan ís,“ segir Olli. „Svo erum við líka með æfingaaðstöðu í súrheysturni á gömlu ruslahaugunum. Utan á turninum er vírnet og þegar frystir vel getum við hleypt vatni á turninn og úr verður fínasti ísveggur þar sem gott er að æfa sig.“

tryggvi@frettabladid.is



Reykvíkingar eiga náttúruperlur við bæjardyrnar. MYND ÞÖK

# Umhverfið og áhrif þess á heilsuna

SAMSPIL GRÓÐURS OG BÆTTRAR LÍÐUNAR ER AÐALEFNI RÁÐSTEFNU SEM BER HEITIÐ UMHVERFI OG HEILSA OG VERÐUR HALDIN ÞANN 21. APRÍL.

Margt bendir til að maðurinn hafi erfðafræðilega þörf fyrir að vera í beinu sambandi við náttúruna enda hluti af henni. Þegar borgirnar stækka og steinsteypan eykst er það verðugt verkefni nútímafólks að skipuleggja hið manngerða umhverfi þannig að þörfin fyrir náttúrutengsl sé uppfyllt. Gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir á sambandinu á milli útiveru og streitulosunar sem sannað hafa kenningar um mikilvægi grænna svæða. Um þetta mun ráðstefnan Umhverfi og heilsa einkum snúast. Það er Sumarhúsið og garðurinn sem efnir til ráðstefnunnar með aðstoð Önnu Maríu Pálsdóttur garðyrkjusérfræðings og landlæknisembættisins. Fyrirlesarar eru fimm. Þeir eru Clare Cooper-Marcus, landslagsarkitekt frá Bandaríkjunum, Anna Bengtsson, landlagsarkitekt og Liselott Lindfors landslagsverkfræðingur frá Svíþjóð og hinar íslensku Kristín Þorleifsdóttir landslagsarkitekt og Anna María Pálsdóttir garðyrkjuverkfræðingur.

# Þróa leiser gegn fitu

***Tækninýjungar í leisigeislatækni eru í hraðri þróun.***

Vísindamenn á ríkisspítala Massachusetts vinna að því að þróa leisigeislatæki sem bræða á fitu. Frá þessu er greint á vef BBC. Geislinn bræðir fitu án þess að skaða aðra vefi. Þessi uppgötvun getur nýst meðal annars í baráttu gegn hjartasjúkdómum og kransæðastíflum.

Þó augljóslega sé til mikils að vinna á sviði hjartalækninga eru einnig miklar vonir bundnar við þessa aðferð í lýtalækningum. Leisigeislinn á einnig að nýtast í hinni eilífu baráttu við unglingabólur. Hann bræðir fitu í fitukirtlum sem mynda bólur, þannig að fitan safnast ekki saman heldur er brotin aftur niður í líkamanum.

Vísindamenn vona einnig að hægt verði að laga appelsínuhúð og þar er til mikils er að vinna. Tækið og tæknin eru enn á rannsóknarstigi og ekki hægt að nota enn á fólk.



Appelsínuhúð er eitt af því sem laga mætti með leisigeislameðferð.

# Hávær tónlist skaðar heyrn fimmta hvers unglings

***Hávær tónlist skaddar heyrn eins unglings af hverjum fimm varanlega.***

Eyrun geta þolað ansi mikinn hávaða en aðeins í mjög stuttan tíma í einu. Því meiri hávaði þeim mun styttri tími. Fjöldi unglinga sem skaddast varanlegan á heyrn vegna háværrar tónlistar hefur þrefaldast frá árinu 1980, samkvæmt frétt á heilsuvef BBC-fréttastofunnar.

Á skemmtistöðum nær styrkur tónlistarinnar sem spiluð er oft 110 desíbelum. Heyrnin þolir ekki nema klukkutíma í 100 desíbelum áður en hún byrjar að skaddast. Á skemmtistöðum er oft erfitt að komast frá tónlistinni sem þar er leikin og er því ungt fólk oft lengi í miklum hávaða. Margir fá suð fyrir eyrun eftir að þeir yfirgefa staðinn og er það merki um að tónlistin hafi verið of hátt stillt.

Fólk verður oft fyrir tímabundnum skaða á eyrum eftir að hafa hlustað á háværa tónlist en skaðinn gengur þó oftast til baka á einum til tveimur dögum. Það þarf þó að hvíla eyrun í sextán klukkutíma eftir að hafa verið í tvo tíma í 100 desíbela hávaða til að koma í veg fyrir varanlegan skaða á heyrninni.

Nokkrum ráðum er hægt að fylgja til að koma í veg fyrir óbætanlegan heyrnaskaða vegna of mikils hávaða í langan tíma. Hægt er að nota eyrnatappa til að deyfa hávaðann, taka reglulega hvíld frá hávaðanum, eða um tíu mínútur fyrir hvern klukkutíma, taka lengri hvíldartíma eftir langvarandi og mikinn hávaða, halda sig eins fjarri og unnt er frá uppsprettu hávaðans og reyna að hafa nokkra hávaðalausa daga. Þótt aðeins einni ráðleggingunni hér að ofan sé fylgt hefur það strax mikil verndandi áhrif á heyrnina. *www.bbc.co.uk/health*



Tónlist á skemmtistöðum nær oft 110 desíbelum.



Ný rannsókn sýnir að ofvirk börn hafa ríkari tilhneigingu til að brjóta lög og sækja í mikla spennu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Ofvirk börn vilja spennu

***Nýjar rannsóknir sýna að börnum sem hafa spennusækinn persónuleika er hættara við að þróa með sér ofvirkni.***

Börnum sem sýna merki um árásargirni og skapsveiflur er hættara við að þróa með sér ofvirkni (ADHD) heldur en öðrum börnum. Þessu halda sálfræðiprófessorar við Ríkisháskólann í Flórída fram í nýlegri rannsókn.

Niðurstöðurnar sýndu að börn með ofvirkni og/eða hegðunarerfiðleika höfðu mun fleiri neikvæðar tilfinningar eins og reiði, spennu og einmanaleika. Einnig höfðu þessi börn sterkari tilhneigingu til að brjóta lög og reglur og taka þátt í glæfralegum athöfnum.

Börn sem greindust með bæði ADHD og hegðunarröskun greindust langoftast með spennusækinn persónuleika. Rannsóknin birtist í Journal of Child Psychology & Psychiatry.
Frétt fengin af www.persona.is.










**Legg** þú á djúpið, þú, sem enn ert ungur, og æðrast ei, þótt straumur lífs sé þungur (Sálmur 182).












# Mætti vera meiri fræðsla um það sem mætir fólki í lífinu

***Gréta Morthens staðfesti fermingarheitið sitt síðasta sunnudag. Hún er ánægð með daginn en finnst þó að fermingarfræðslan mætti taka meira mið af lífinu sjálfu.***



„Þetta var hátíðisdagurinn minn og ég fann mjög vel fyrir mér," segir Gréta Morthens um fermingardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég finn enga stórkostlega breytingu á sjálfri mér en fermingardagurinn var samt mjög ánægjulegur," segir Gréta þegar hún er innt eftir því hvernig sé að vera komin í kristinna manna tölu. Hún fermdist í Seltjarnarneskirkju og segir undirbúningstímana oft hafa verið skemmtilega, ekki síst þegar farið var í Vatnaskóg í útilegu. Þó kveðst hún ekki alltaf hafa verið sammála prestunum í málflutningi þeirra og stundum hreyft andmælum. „Ég er kristin en hef samt sjálf ákveðna afstöðu til Biblíunnar og er ekki tilbúin til að trúa öllu sem þar stendur. Ég gagnrýndi til dæmis að það væri verið að kenna okkur um Adam og Evu því það tel ég vera skáldskap. Með fermingunni erum við að komast í fullorðinna manna tölu og það mætti vera meiri fræðsla um lífið en ekki bara hin kristnu fræði. Ég fór til dæmis á einn undirbúningsfund fyrir borgaralega fermingu og þar var meira talað um það sem mætir fólki í lífinu sjálfu. Mér finnst það mætti blanda því inn í fermingarundirbúning kirkjunnar."

Þrátt fyrir allt er Gréta þó afar ánægð með fermingardaginn sinn. „Þetta var minn hátíðisdagur og ég fann mjög vel fyrir því," segir hún og er beðin að lýsa deginum nánar. „Ég vaknaði klukkan hálf átta til að mæta í greiðslu og förðun og svo hófst athöfnin í kirkjunni klukkan hálf ellefu. Eftir það fór ég með mömmu upp í Grillið á Hótel Sögu þar sem veislan var haldin. Þangað komu gestirnir og við fengum mjög góðan mat og ístertu á eftir. Svo komu nokkrir gestir heim með mér og þar tók ég upp gjafirnar sem voru margar og fallegar. Ég fékk til dæmis utanlandsferð frá pabba, siglingu um Miðjarðarhafið. Svo fékk ég allt mögulegt annað, hringa, armbönd og peninga og er hæstánægð með það allt. Ég skrifaði inn í öll kortin hvað ég fékk frá hverjum og ætla að geyma þau vel," segir Gréta sem naut þess að sofa út eftir fermingardaginn þar sem páskafrí er byrjað í skólanum. Þó var hún komin á fætur fyrir hádegi. „Ég þurfti að hjálpa litla bróður mínum í útifötin því mamma er í vinnunni," segir hún og telur það ekki eftir sér enda komin í fullorðinna manna tölu.

*gun@frettabladid.is*



Menntavegurinn er langur og margt sem þarf að lesa. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Gjafabréf í Hraðlestrarskólann

***Hjá Hraðlestrarskólanum er hægt að fá gjafabréf á námskeið skólans. Margir kjósa að gefa bréfin í fermingargjöf.***

Þegar barnið fermist bíður þess oft á tíðum framundan löng og ströng skólaganga. Skólabækurnar eru langar og það tekur sinn tíma að komast í gegnum þær. Það er því ekki úr vegi að létta sér lífið strax og læra að lesa hratt.

Hraðlestrarskólinn hefur verið starfræktur í 25 ár. Hann býður upp á námskeið þar sem nemendum er kennd hraðlestrartækni sem eykur lestrarhraða og bætir skilning á lesefni. Boðið er upp á þriggja og sex vikna námskeið og ábyrgist skólinn að loknum sex vikum að lestrarhraði hafi að minnsta kosti tvöfaldast.

Gjafabréfin kosta 29.500 kr. og er hægt að nálgast þau í Hraðlestrarskólanum og gegnum tölvupóstfangið jovvi@h.is.

## Gestabókin góða

Í ÖLLUM FERMINGARVEISLUM ERU GESTABÆKUR SEM GOTT ER AÐ HAFA AUGUN OPIN FYRIR.

Í fermingarveislum er iðulega höfð gestabók á borði svo veislugestir geti kvittað fyrir komu sína. Mikilvægt er að gestabókin sé á sýnilegum stað og þannig uppsett að auðvelt sé fyrir alla að skrifa í hana.

Sumir kjósa að setja eingöngu nafnið sitt í gestabækur fermingarbarna en það er ekkert sem bannar að skrifa megi eitthvað annað og meira en bara nafnið. Hægt er að skrifa stutta kveðju, blessunar- eða hlý orð. Einnig er gott að hafa í huga að fjölskyldur skrifi í röð í gestabókina. Það hjálpar fermingarbarninu að muna hver er hver og einnig er skemmtilegra að nöfn allra þeirra sem komu í veisluna úr viðkomandi fjölskyldu séu á sömu síðu.

Munið bara að vanda ykkur og ekki krota eða krassa í bókina.



Gestabókin geymir skemmtilegar minningar fyrir fermingarbarnið.

HEKLA VÉLASVIÐ



**VOLVO FH 12**
Árgerð 1997,
ekinn 187.000 km.
HIAB 550 krani með jibbi og spili. Fastur pallur sem lengist í 8.80m. Bíll sem er tilbúin í vinnu strax.
VERÐ 11.9 millj. + vsk.



**VOLVO FH 12**
Árgerð 2002,
ekinn 253.000 km.
Bíll á grind með loftfjöðrun að aftan og búkka.
VERÐ 4.5 millj. + vsk.



**MAN 19.414**
Árgerð 2000,
ekinn 476.000 km.
Bíll á grind með loftfjöðrun að aftan.
VERÐ 1.9 milj. + vsk.



**CATERPILLAR 305CR**
Árgerð 2005,
ekinn 200 tíma.
3 skóflur og hraðtengi.
VERÐ 4.6 millj. + vsk.



**CATERPILLAR D4H XL**
Árgerð 1988,
ekinn 9700 tíma.
Vél í góðu viðhaldi.
VERÐ 2.9 millj. + vsk.



**CATERPILLAR 442D**
Árgerð 2003,
ekinn 2600 tíma.
Hraðtengi, gaflar og 3 skóflur.
VERÐ 5.1 millj. + vsk.



**KOMATSU PC 450**
Árgerð 2002,
ekinn 5800 tíma.
Hraðtengi og skófla, vél í mjög góðum ástandi.
VERÐ 11.9 millj. + vsk.

**HEKLA VÉLASVIÐ**

**Klettagörðum 8-10**
**www.hekla.is/velasvid**
**Sölumaður 825-5736**


Patrol tdi óryðg, lítur vel út, 3"púst, ný 38" dekk, spil, kast, box, nýsk. '07, GPS, CB ofl. V. 990 þ. stgr. S. 616 6646.

Jeep Cherokee 92-93, 4L bsk. V 180þ. MMC Pajero 91. 2.5D turbo int, ssk. báðir í góðu standi og líta vel út upl s 8976584

T.Landcr. 90GX '99 diesel, ssk., ath. skipti. Ód. bíll. Fellih., tjaldv., mótorhj. S. 694 7597.

Til sölu 3ja ára rúm frá RB rúm. 140x200 cm, skipt m/rennilási í miðju. Stífir kantar. 50þ Uppl. 694-7846

## Vörubílar



MAN 19-463, árg. '95 til sölu. Retarder, smurstöð, loftp. að aftan ofl. S. 8982687.



Volvo FH12-420 6x4 '97 m. Hiab 330 krana. Getum útvegað þennan bíl en einnig aðra bíla og tæki. Varahlutir nýir og notaðir. Hjólkoppar, fjaðrir, dekk ný og sóluð, felgur 8,25" 9,00" og 11,75". Heiði ehf. s. 696 1051.

## Húsbílar



Til sölu Nissan '99, ekinn 57 þús. Tvöföld dekk, afturhjóladrif. Einn með öllu. Uppl. í síma 892 2866.

## Mótorhjól

KTM sx 450 2005 vel viðhaldið hjól, topp eintak. Er með 6 gíra kassa, rafstart, titanium kraftpúst o.fl.Uppl. í s. 895 5458.

## Vélsleðar



Polaris Pro XR 800 ek. 500 mílur, slp pípa, breytt fjöðrun, 05 pro belti, wforce3. Útborgun + 625 þús. lán. Uppl. í s. 823 7063.

Til sölu Arcitic Cat ZR 600 efi "00. Ek. 4500 km. 1 manna. Ásett 390 þ. Páskatilboð 290 þ. stgr. S. 848 0944.

Polaris XLT.SP árg. '96, í mjög góðu standi. Verð 250 þús. S. 897 4219.

## Kerrur




**Aukahlutir**
á vagna og kerrur, kerrufætur, hjólastopparar, kerrutengi, beisli, dráttarkrókar og kúlur, bremsutjakkar, lamir og lokur, ljós og glitaugu o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

Jeppakerrur, dráttarbeisli. Víkurvagnar.

## Fellihýsi

T.Landcr. 90GX '99 diesel, ssk. Vil skipti á ódýrari: fellih., tjaldv., hjólh. S. 694 7597.

## Tjaldvagnar




## Vinnuvélar




Expander boltar í slitna liði. Eyðir slagi í liðfestingum. Jötunn Vélar ehf Austurvegur 69 Selfoss s. 480 0400 www.jotunn.is.




**Bobcat jarðvegsþjöppur**
Bobcat jarðvegsþjöppur og hopparar fyrir lagnaskurði BC90W, 90kg þjappa, kr. 187.500- án vsk BR72, 72kg hoppari, kr. 213.500- án vsk Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi) sími 414 8600



Komatsu PC15. Árgerð 2005. Vinnustundir 310 klst. Verð án/vsk 2.300.000 kr. Kraftvélar. Stefán 535 3500



JCB 4CX grafa'05 til sölu. Tilboð óskast 464-3518 og 893-1018

## Lyftarar







**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573




**Lyftarahjólbarðar frá Trelleborg**
í úrvali. Á flestar gerðir lyftara, loftfylltir eða gegnheilir, svartir eða hvítir strikafrír. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.




Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is




## Bátar

**Mótor óskast/ til sölu**
Til sölu Selva (Yamaha) 25 hestafla 4 gengis mótor, árg. '05, stuttur leggur. Einnig óskast 40-50 hestafla 4 gengis mótor með löngum legg. Uppl. í s. 897 2568.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




Dekk frá 2.000 kr og ein ódýrasta umfelgunin í bænum. Vaka dekkjaverkstæði, Eldshöfða. S. 567 6860 og vakaehf.is

Nánast ný sumardekk á Ford Focus Condi Eco Contact, Continental 195/60. Verð 30.000. S. 822 3510.

Til sölu góð míkrósk. 35" negld dekk á álfelg. Verðt. óskast. Uppl. í s. 845 2802.

## Varahlutir







Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar**
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Renault Megane, Mazda 626**
Er að rífa Renault Megane, '03-'06, Mazda 626 LX/GLX/Luxury '97-'01. S. 892 9274, floyds@simnet.is.

## Viðgerðir




# KEYPT & SELT

## Til sölu




Fyrirliggjandi stigar og handrið tilbúið til uppsetningar. Ál, stál, gler, tré, plast og ryðfrítt, einnig sérsmíði og uppsetning. Stigalagerinn Dalbrekku 26 s. 564 1890.

Koníaksbrúnn 3ja sæta sófi + 2 stólar úr leðri, bókahilla með læstum skáp, borð úr kirsuberjavið 110x160 cm + stækkun. Uppl. í s. 587 6445 & 896 3562.

## Gefins

Þarftu að tæma geymsluna eða skápa af fötum? Óska eftir gefins eða ódýrt, kem og sæki. Uppl. í s. 517 2383 & 848 7185, eftir kl. 14, kv. Kolla.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa Overlock-saumvél. Uppl. í s. 867 3460.

## Heimilistæki

Til sölu hágæðaþvottavél. 3 ára, lítið notuð Whirlpool 1200 snún. á 37.500 kr. (kaupverð: 75 þús). Uppl. í s. 690 6079.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

## Viðgerðir

**Pípulagningaþjónusta, Sími 694 2109.**
Nýlagnir, viðgerðir, snjóbræðslur, og sumarbústaðarþjónusta. Villi píp ehf.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplífðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg S: 896-4662

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

**Frábær árangur með Herbalife.**
Viltu léttast, þyngjast eða fá aukna orku? Hringdu núna Steina s. 867 3986.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í apríl. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 864 8019

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Arndís s. 863 3879.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Þjónusta

**Rafbylgjumælingar**
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu ný uppþvottavél á 40.000, sófaborð og hornborð. tvíbreytt fururúm með dýnu. hillusamstæða úr palesander með hornskáp gott verð Uppl. í s. 562 4645. eða 660 1011.

Tilvalið í sumarbústað, borð 140x80, stækk. í 190, 5 stólar, hillusamstæða, 3 einingar, allt úr furu. Uppl. í s. 663 9679.

**RB Sælurúm**
Til sölu 2 stk .Sælurúm með fjarstýringu 1 árs gömul. Verð kr. 120.000. fyrir bæði rúmin. Kosta ný kr. 344.000. Uppl. í síma 899 5210 eða 553 9040.

## Antík

Til sölu antik borðstofuborð og 6 stólar, lítur mjög vel út. Verð 80 þ. Sími 865 7733 og 868 5269.

## Heimilistæki

Bökunarofn/hvítur. Lítið notaður kr. 10.000. Sími 664 7614.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Anna í síma 868 6058, gessi@simnet.is.

Til sölu þrír hreinræktaðir Chihuahua hvolpar. Uppl. í s. 565 5801 & 869 2326.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Opið alla páskana, Gufubaðið Laugavatni.

Skemmtilegir páskar í skíðasvæðinu í Tindastól, Ólafshús. skagafjörður.is

Líf og fjör á skíðasvæðinu í Tindastól, Ólafshús. skagafjörður.is

Gott skíðafæri, spennandi menningarviðburðir. www.nordurland.is

Átta nýjir áfangastaðir í Evrópu. Kynntu þér málið á icelandexpress.is eða í síma 5-500-600. Iceland Express.

## Fyrir veiðimenn

Sjófuglaskot
250 stk.
frá 3.800.-
SPORTVÖRUGERÐIN
SKIPHOLT 5 562 8383



**Sauðnautaveiði**
Hreindýraveiði, stangveiði á Grænlandi í sumar. Nánari upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar ehf. S. 511 1515.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi (9 fm) í risi á Birkimel, á móti Þjóðarbókhlöðunni, er til leigu. Herbergið er með sér inngangi og leiga er 20.000 á mánuði. Einungis tekið við umsóknum á netfanginu birnings@simnet.is þar sem upplýsinar um leigjanda þurfa að koma fram.

## Sumarbústaðir

Vélaborg
IAE
RIMLAHLIÐ

**Rimlahlið**
Í vegi, tvær staðlaðar stærðir, 3,66x2,50m, burðargeta 20 tonn, verð kr. 109.000- án vsk. 4,50x2,55m, burðargeta 40 tonn, verð kr. 246.000- án vsk. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði. 3 herbergi, eldhús og snyrting. Með síma og tölvulögnum. Til leigu á 2. hæð við Síðumúla. Leiguverð 65 þ. Uppl í s. 553 4838.

Til leigu stúdíóíbúð í bílskúr, í hverfi 105. 40 m2. Verð kr. 43.000, hiti og rafmagn innifalið. Upplýsingar í síma 899 0415, eftir kl. 17.

## Geymsluhúsnæði

Geymslugámar
Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.
HAFNARBAKKI

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn - Heimilisleg herbergi til leigu í lengri eða skemmri tíma á frábæru verði. Hafðu samband í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

friendtex

Óskum eftir að ráða duglegt sölufólk til að selja fallegan Kvenfatnað, skó og fylgihluti á heimakynningum. Mjög góðir tekjumöguleikar. Uppl. gefa Ragnar eða Margrét í s. 568 2870. Kíktu á www.friendtex.is

AMERICAN STYLE

**AMERICAN STYLE Á BÍLDSHÖFÐA OG SKIPHOLTI**
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu **Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

aktu taktu

**Afgreiðsla og Vaktstjórn Viltu vinna með skemmtilegu fólki?**
Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. **Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri (Óttar) í síma 898-2130, milli 9:00-17:00. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

# TILKYNNINGAR

FÁKUR

Opna Reykjavíkurmeistaramótið verður haldið
á félagssvæði Fáks í Víðidal dagana 10.-14. maí.
Mótið er World Ranking mót og er keppt skv FIPO reglum.
Keppt verður í eftirtöldum greinum:
100 m skeiði
150 m skeiði
250 m skeiði
Tölti T-2 (ungm., 2 fl., 1 fl., meistarafl.)
5 gangi: (ungl., ungm., 2 fl., 1 fl., meistarafl.)
Gæðingaskeiði (ungl., ungm., 2.fl., 1.fl., meistarafl.)
Tölti T-1 (börn, ungl., ungm., 2. fl., 1. fl., meistarafl.)
4 gangi:(börn, ungl., ungm., 2. fl., 1. fl., meistarafl.)
fimi: (börn, ungl., ungm., 2. fl., 1. fl., meistarafl.)

Íþróttadeild Fáks áskilur sér rétt til að fella niður
þær greinar sem ekki fæst næg þáttaka í.
Þeir keppendur sem hafa skráð sig í viðkomandi
grein verða færðir upp um flokk eða flokka.
Skráning fer fram í félagsheimili Fáks
miðvikudaginn 26. apríl og fimmtudaginn 27. apríl milli kl 17 og 19.
Einnig verður tekið við skráningu í síma 567 2166 á sama tíma,
en aðeins gegn kortanúmeri.
Skráningargjöld:
Börn 1500 kr
unglingar/ungmenni 2000 kr
Fullornir 3500 kr

Öll hross þurfa að vera grunnskráð í World Feng.
Kveðja
Íþróttadeild Fáks

# ATVINNA

## Prentarar

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Ísafoldarprentsmiðja er elsta prentsmiðja landsins, stofnuð 1877. Í dag starfa 75 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Miklar fjárfestingar í vélum, tækjum og öðrum búnaði hafa átt sér stað síðustu misserin og er prentsmiðjan að flytja í nýtt 7000m² húsnæði. Hjá Ísafoldarprentsmiðju er unnið að mjög fjölbreyttum verkefnum, bæði á sviði rúlluprentunar og arkaprentunar. Hjá okkur er m.a. Fréttablaðið og DV prentað, ásamt fjölda annarra verkefna.

**Vegna aukinna verkefna vantar okkur prentara til starfa sem fyrst.**

Um er að ræða vinnu við prentun hvort sem er á blaðaprentvél eða heatset prentvélar fyrirtækisins.

Við leitum að starfsmönnum sem eru skipulagðir og eiga auðvelt með að vinna sjálfstætt.

Við bjóðum upp á fjölbreytt vinnuumhverfi.

Mikil vinna framundan.

Unnið er á vöktum.

Nánari upplýsingar veita:
Halldór Jakobsson yfirprentari – s: 664 0302 – halldor@isafold.is
Kjartan Kjartansson prensmiðjustj. – s: 664 0315 – kjartan@isafold.is

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | Fax: 59 50 310 | isafold@isafold.is | www.isafold.is

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR AKUREYRI**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar á Akureyri. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störfin standa báðum kynjum til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir: Jóhann í síma 461 4070 tölvupóstfang akureyri@odr.is**

**NK Kaffi Kringlunni.**
Starfsfólk óskast í ýmis störf. Einnig sumar störf.
**Upplýsingar á staðnum NK Kaffi Kringlunni og í s. 568 9040 & 693 9091.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi. Einnig vantar manneskju frá kl. 13-18.30 irka daga. S. 555 0480 og 896 9808.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Óskum eftir vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s.462 3002 & 471 2002.

Starfskraftur óskast! Óskum eftir starfskrafti á aldrinum 30-55 í framleiðslu og lagervinnu. Uppl. í síma 565 7744.

Europris. Starfsfólk óskast. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 511 3322. EUROPRIS.

**Uppfylling sf**
Óskar eftir að ráða vana vörubílstjóra og vélamenn. Nánari uppl. í s. 892 1033, Sigurður.

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Sími 565 3760 & 892 9660.

Peningar!Hærri tekjur! Minni vinna! Getur það verið?www.myusdollars.com

**Vélstjórar**
Traust útgerðarfélag á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vélstjórum til afleysinga á skipum fyrirtækisins. Uppl. í s. 898 4855.

Vantar starfsmenn á trésmíðaverkstæði. Hurðir og Gluggar Kaplahrauni, Hfj. S. 663 7480.

Saumakona óskast, þarf að vera vön. Uppl. í s. 867 3460.

**Verktakar og smiðir!**
TSH óskar eftir smiðum eða verktökum í uppsteypu. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 660 1798.

**Just-Eat.is**
Óskum eftir vönum pizzasendlum á eigin bíl sem geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Bílstjóri óskast á sendibifreið, meirapróf ekki skilyrði. Ekki yngri en 20 ára. Sakavottorð. Uppl. í s. 893 3950.

**Sumarvinnna**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

## Viðskiptatækifæri

**Leitar þú að öryggi?**
Komdu góðu til leiðar og skapaðu þér háar tekjur í leiðinni: www.Gott-Folk.com.

**Fyrir alla!**
Láttu tækifærið ekki framhjá þér fara: Kynntu þér málið á www.FyrirAlla.com

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Sliskjur töpuðust**
Sliskjur töpuðust undan nýjum sturtuvagni seinnipart laugardags 08.04.06. Á Milli Lágmúla og Mosfellsbæjar. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Böðvar í síma 660 6690.

## Tilkynningar

Fallvarnarbúnaður. Dynjandi.

## Ýmislegt

Nýja Húsasmiðjuverslunin í Ögurhvarfi við Breiðholtsbraut er opin alla virka daga til klukkan 21:00.

## Einkamál

**Einkamálaþjónninn**
Lífsförunaut, vin, eða ferðafélaga. Á skrá hjá okkur er fólk á aldrinum 37-73 ára. Vilt þú ekki slást í hópinn? Sími 661 8371 kl. 13-17 virka daga & 14-16 laugardaga. Venjulegt símagjald.

## Leikir

Drögum í dag. Fáðu þér miða í síma 800-6611 eða á www.hhi.is Happdrætti Háskólans.

**allt** ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Starfsfólk óskast!

**Tengill og hugmyndasmiður**
Reyndur tengill og hugmyndasmiður kemur einungis til greina.

**Prentsmiður**
Reyndur í umbroti og frágangi ásamt því að vera faglegur og frumlegur.

**Grafískur hönnuður**
Vanur hönnuður með ferskar hugmyndir, tilbúinn í að takast á við krefjandi verkefni.

**Móttaka**
Leitum að þjónustulundaðri manneskju sem er tilbúin í ýmis fjölbreytt verkefni sem fylgja daglegu amstri á auglýsingastofu.

Valgeir tekur á móti umsóknum í Pipar, Hafnarhúsinu ( Tryggvagötu 17 )

PIPAR



# VÉLASVIÐ HEKLU – ÞJÓNUSTA

**Vélasvið HEKLU er staðsett í nýlegri og glæsilegri þjónustumiðstöð, Klettagörðum 8-10, sem er sérhönnuð með tilliti til starfsemi vélasviðs. Er óhætt að fullyrða að þar sé um að ræða fullkomnustu aðstöðu á landinu til þjónustu á atvinnutækjum.**

**Við leitum að kraftmiklu fólki í eftirtalin störf:**

## Móttökustjóri

Móttökustjóri ber ábyrgð á rekstri, móttöku verkefna og samskiptum við viðskiptavini vélaverkstæðis. Þá kemur hann jafnframt að gerð áætlana og eftirfylgni með þeim. Móttökustjóri vinnur náið með verkstjórum vélaverkstæðis en starfið heyrir beint undir þjónustustjóra vélasviðs.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Útsjónarsemi og þjónustulund
- Skilningur á rekstrarlegum þáttum og afkomu
- Góð tölvukunnátta.

## Vélvirki / bifvélavirki

Vélvirkjar/bifvélavirkjar sinna fjölbreyttum verkefnum sem lúta að viðgerðum og viðhaldi á vörubílum og tækjum. Boðið er upp á bæði góða aðstöðu og gott tæknilegt umhverfi ásamt miklum möguleikum á þjálfun og endurmenntun.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af viðgerðum á vörubílum og tækjum
- Áhugi og þekking á vörubílum og tækjum
- Góð tungumálakunnátta.

## Smurþjónusta

Vegna aukinna verkefna viljum við fjölga starfsmönnum í smurþjónustu. Starfsmaður í smurþjónustu sinnir daglegri smurþjónustu á vélaverkstæði. Boðið er upp á fullkomna aðstöðu til þjónustu á stærri tækjum.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

## Hjólbarðaþjónusta

Vegna aukinna verkefna viljum við fjölga starfsmönnum hjólbarðaþjónustu, bæði á verkstæði og á lager. Starfsmaður í hjólbarðaþjónustu sinnir daglegum verkefnum og þjónustu við viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

**Starfsfólk HEKLU er hvatt til að sýna frumkvæði, metnað og vilja til að ná árangri í starfi. Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá fyrir 21. apríl 2006, á netfangið va@hekla.is eða í gegnum heimasíðu okkar, www.hekla.is.**

**HEKLA er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á bílum og vélum. Markmið félagsins er að vera í fararbroddi hvað varðar þjónustu til viðskiptavina og markaðssetningu þeirrar vöru sem fyrirtækið selur og þjónustar.**

HEKLA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## EFTIRLAUNASJÓÐUR SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS

*Boðað er til ársfundar Eftirlaunasjóðs Sláturfélags Suðurlands.*

**Fundurinn verður haldinn að Fosshálsi 1, 3. hæð, þriðjudaginn 25. apríl n.k. kl. 17:00.**

*Dagskrá:*
1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings, tryggingafræðilegrar úttektar og fjárfestingastefnu.
3. Kosning fulltrúa í stjórn sjóðsins
4. Tillaga á breytingum á samþykktum sjóðsins, um að leggja niður kjörna skoðunarmenn sjóðsins.
5. Önnur mál.

**Stjórnin**

## FASTEIGNIR


**heimili FASTEIGNASALA** Sími 530 6500

HEIÐARGERÐI 90 - OPIÐ HÚS Í DAG



Vorum að fá í sölu einbýlishús á tveimur hæðum auk bílskúrs á þessum vinsæla stað. Á neðri hæð er eldhús, baðherbergi, þvottahús og björt og góð stofa. Á efri hæðinni eru 3-4 svefnherbergi og salerni. Góður ca 32 fm bílskúr. Húsið er nýlega viðgert að utan og verður steinað með marmarasalla.

**Opið hús milli kl. 17: 30 og 19 í dag. Verið velkomin!**

**DP FASTEIGNIR** www.dpfasteignir.is

Dögg Pálsdóttir hrl., lögg. fast.sali - Þyri Steingrímsdóttir hdl., lögg. fast.sali. Andri Sigurðsson sölustjóri - Ólafur Finnbogason sölumaður

Við erum í Félagi fasteignasala

**EINBÝLI Í FOSSVOGI**

Við höfum verið beðin að finna rúmgott einbýli á einni hæð í Fossvogi. Um er að ræða fjársterkan aðila og rúman afhendingartíma ef þess er óskað.

**Nánari upplýsingar veita sölumenn DP FASTEIGNA.**

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is

**allt**

ný vöru- & þjónustu-skrá á visir.is

**vísir** ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT


**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 130 og er áætluð velta félagsins á þessu ári rúmir 5 milljarðar kr. Fyrirtækið leggur áherslu á opin samskipti, framsækni og áreiðanleika. Vistor er eini dreifingaraðili lyfja á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.
Skráningardeild er sjálfstæð deild á lyfjasviði og ein af stoðdeildum Vistor. Deildin annast m.a. samskipti við íslensk yfirvöld fyrir hönd umbjóðenda Vistor við öflun markaðsleyfa fyrir lyf og viðhald þeirra. Starfsmenn deildarinnar eru nú 14.

*Bakhjarl fyrir betri líðan* **vistor**

# Sérfræðingur í skráningardeild

**Áhugavert, krefjandi og ábyrgðarmikið starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi**

**Vistor hf. óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í skráningardeild**

**Starfssvið er m.a.:**
- Samskipti við erlenda umbjóðendur og innlend heilbrigðisyfirvöld
- Umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf, viðhald þeirra og aðrir þættir er tengjast markaðsleyfum lyfja, þar á meðal þýðingar á samantektum um eiginleika lyfs

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í lyfjafræði eða sambærileg menntun
- Vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á ensku og íslensku
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Kunnátta í dönsku, norsku eða sænsku er verulegur kostur

**Nánari upplýsingar veita Sigrún Edwald, deildarstjóri skráningardeildar (sedwald@vistor.is) og Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar (thoranna@vistor.is). Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk. Umsóknum skal skilað á netfangið starf@vistor.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.**

**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is

**KÓPAVOGSBÆR**

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að breyttu aðalskipulagi.

**Í samræmi við 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi tillögu:**

**Hnoðraholt, Smalaholt og Rjúpnahæð.**
**Breytt aðalskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 17. mars 2006 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 í Hnoðraholti, Smalaholti og í Rjúpnahæð. Í breytingunni felst að opin svæði auðkennd til skógræktar og svæði fyrir þjónustustofnanir í Hnoðraholti, Smalaholti og í Rjúpnahæð er breytt í íbúðarsvæði. Gönguleiðir og reiðleiðir á svæðinu breytast. Gert er ráð fyrir nýju undirgöngum fyrir gangandi umferð undir fyrirhugaðan Arnarnesveg á móts við Hádegishóla. Afmörkun golfvallar GKG er aðlöguð núverandi athafnarsvæði vallarins í Rjúpnadal (þ.e. austast á golfvallarsvæðinu). Opin svæði auðkennd til skógræktar eru stækkuð í austur hluta Rjúpnahæðar. Á breytingasvæðunum, sem eru um 34 ha að flatarmáli eru áætlaðar liðlega 360 íbúðir í sérbýli og fjölbýli. Þéttleiki byggðarinnar er því áætlaður um 11 íbúðir á ha. Fjöldi íbúa miðað við 3 í íbúð er áætlaður tæplega 1.100 íbúar. Nánar tiltekið nær breytingin til þriggja svæða:

**Hnoðraholt.**
Skipulagssvæðið afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi í norður, fyrirhugaðri tengibraut frá Arnarnesvegi í suður að Vífilstaðavatni og lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar í suður og vestur. Í breytingunni felst að opið svæði auðkennt til skógræktar verður íbúðarsvæði. Afmörkun svæðis fyrir þjónustustofnun (spennistöð) breytist. Reiðleið um Hnoðraholt er felld út. Gönguleiðir breytast. Gert er ráð fyrir nýjum undirgöngum fyrir gangandi umferð undir Arnarnesveg á móts við Hádegishóla. Fyrirhugað íbúðarsvæði er áætlað um 8 ha að flatarmáli fyrir um 180 íbúðir og er þéttleiki byggðarinnar því áætlaður um 23 íbúðir á ha. Fjöldi íbúa miðað við 3 í íbúð er áætlaður um 540 íbúar.

**Smalaholt.**
Tillagan nær til svæðis vestast í Smalaholti og afmarkast í norður af golfvelli GKG, skógræktarsvæði í Smalaholti í austur og lögsögumörkum Garðabæjar og Kópavogs í suður og vestur. Í breytingunni felst að opið svæði auðkennt til skógræktar verður íbúðarsvæði. Svæðið er um 4.2 ha að flatarmáli og á því eru fyrirhugaðar 30 íbúðir. Þéttleiki byggðarinnar er áætlaður um 7 íbúðir á ha. Fjöldi íbúa miðað við 3 í íbúð er áætlaður um 90 íbúar.
Reiðleiðir og gönguleiðir breytast. Afmörkun golfvallar breytist.

**Rjúpnahæð. Austur hluti.**
Skipulagssvæðið afmarkast af lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar suður, opnu svæði í vestur golfvelli GKG í norður og fyrirhugaðri byggð við Ásakór í austur. Í breytingunni felst að svæði fyrir þjónustustofnanir (loftskeytamöstur) breytist í íbúðarsvæði og opin svæði auðkennt til skógræktar. Skipulagssvæðið er um 22 ha að flatarmáli og á því eru áætlaðar um 150 íbúðir. Þéttleiki byggðarinnar er áætlaður 7 íbúðir á ha. Fjöldi íbúa miðað við 3 í íbúð er áætlaður um 450 íbúar. Reiðleiðir og gönguleiðir breytast.

Ofangreind breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 í Hnoðraholti, Smalaholti og í Rjúpnahæð er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í nóvember 2005. Einnig er gerð grein fyrir breytingunni í: Hnoðraholt – Smalaholt, Rjúpnahæð. Úttekt á áhrifum íbúðarbyggðar. Greinargerð með breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Verkfræðistofan Hönnun, nóvember 2005.Tillagan var auglýst frá 4. janúar til 1. febrúar 2006 með athugasemdafresti til 15. febrúar 2006. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt. Bæjaryfirvöld hafa afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína. Aðalskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

# heimili FASTEIGNASALA gloria casa

sími 517 5280 / www.gloriacasa.is sími 530 6500 / www.heimili.is

## Costa Dorada - Raðhús



180 fm raðhús á mjög góðum stað inná frábæru golfvallasvæði milli Villa Martin, Las Ramblas og Campoamor húsið er á þrem hæðum með innbyggðum bílskúr. 3 svefnherbergi, tvö baðherbergi góð stofa og borðstofa. Nýlega var byggður glæsilegur glerskáli út úr stofu. Glæsilegt hús með öllu.Verð 199.000 €

## La Cala - Benidorm



Íbúð í blokk á Benidorm. Á frábæru strandsvæði. Í nágrenninu er allt til afþeyingar sem hugan girnist, s.s. Go kart, casino, golfvellir og stórverslanir. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi og tvö baðherbergi. Opið eldhús og svalir úr stofu. Fullbúin húsgögnum. Útsýni yfir alla Benidorm. - Verð 209.000 €

## Galan Golf - parhús



Falleg 60 fm, íbúð á efri hæð í parhúsi á miðju golfvallarsvæði. Tvö svefnherb. eldhús, borðstofa, stofa og baðherb. Frábært solarium með útiarni og grilli. Sameiginlegur sundlaugargarður er við húsið og öll húsgögn fylgja. Verð 109.000 €

## Dream Hills - La Florida



Sannkölluð draumahús á góðum stað í úthverfi Torrevieja. Íbúðirnar eru í tvíbýli. Tvö svefnherbergi og tvö baðherbergi. Stórglæsilegt sólaríum er uppi með glæsileg útsýni til allra átta. Garður fylgir neðri hæðunum. Þetta er glæsieign á fínu verði. Verð frá 130.000 €

## Canovas - Cabo Roig



Stórglæsilegt nýtt einbýli. Á fallegu svæði í Cabo Roig er að rísa nýtt hverfi með öllum þægindum við hendina. S.s. matvöruverslunum og veitingahúsum. Þrjú svefnherbergi. Stór einkalaug með sér bílastæði innan lóðar. Fallegur samieginlegur sundlaugargarður. Verð frá 290.000 €

## La Ermita - Rojales



Nýbygging í nýtískulegum stíl í bænum Rojales sem er 10 mínútna akstursleið frá Torrevieja. Þetta eru raðhús á tveim hæðum. Á neðri hæð er rúmgóð stofa með útgengi út í garð og beint út í sundlaug. Þrjú svefnherbergi á annarri hæð. Fallegt útsýn og stutt á Guardamar. Verð 195.000 €

Frum

## Torrevieja - tvö svefnherbergi



40 fm íbúð við ströndina í Torrevieja. Íbúðin er á annarri hæð með einu baðherbergi og einu svefnherbergi og eldhúsi. Borðstofa og stofa eru samliggjandi. Svalir eru út úr stofu. Íbúðin er vel skipulögð og á frábærum stað öll þjónusta er við hendina. Verð 99.000 €

## La Rotonda - Aqua Marina



La Rotonda íbúðarhótelið er rétt fyrir utan Torrevieja. Íbúðin er þriggja herbergja og eldhús og bað. Fallegur sundlaugargarður og stutt á fallegar strendur. Á fyrstu hæð eru verslanir og veitingastaðir, allt innbú og borðbúnaður fylgir. Örugg leiga Glæsileg eign. Verð frá 169.000 €

## Campoamor - Penthouse



Penthouse-íbúð á Campoamor sem er í úthverfi Torreveija. Íbúðin er í mjög fallegu fjölbýli með sér bílageymslu í kjallara. Í nágrenninu er allt sem þarf og fallegir upplýstir göngustígar meðfram strandlengjunni. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi og tvennar svalir ásamt sólaríum með stórkostlegu útsýni. Verð 255.000 €

## Aqua Marina - Raðhús



Fallegt raðhús í Aqua Marina hverfinu rétt við strönd og með fallegum sundlaugargarði. Þetta hús er með 2 svefnherb. á annarri hæð og fallegu baðherbergi, útgengt úr hjónaherbergi á svalir. Á neðri hæð eru stofa með arni, borðstofa, fallegt eldhús og útgengt á patio .Frábær eign á góðum stað. - Verð 210.000 €

## Agua Marina - Raðhús



Mjög skemmtilegt raðhús í Aqua Marina hverfinu sem er rétt fyrir utan borgina Torrevieja. Aðeins 150 m að strönd. Fallegur sundlaugarður. Þrjú svefnherbergi. Öll húsgögn fylgja. Öll þjónusta í göngufæri og aðeins 5 mínútna akstur á þrjá 18 holu golfvelli. - Verð 255.000 €

## Punta Marina - Los Altos



Aðeins 10 mínútna akstur til Torrevieja og 5 mínútur á frábæra golfvelli. Íbúðirnar eru á efri eða neðri hæð. Fallegur garður er með neðri hæðum og solarium með íbúðum efri hæðar. Íbúðirnar eru með 2 svefnherbergjum 2 baðherbergjum glæsilegu eldhúsi sem er lokað með fallegri rennihurð. Verð frá 167.000 €

# Láttu drauminn rætast!

*Gloria Casa er íslensk fasteignasala á Spáni, með útibú á Íslandi, sem sérhæfir sig í sölu og útleigu fasteigna.*
*Heimili fasteignasala er í eigu þriggja löggiltra fasteignasala og sérhæfir sig í kynningu fasteigna á Torrevieja-svæðinu.*

# SJÓNARHORN



Í Fáskrúðsfjarðargöngunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM













## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.721 **-0,55%** **Fjöldi viðskipta:** 197 **Velta:** 1.061 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Fiskmarkaður Breiðafjarðar** | +6,06% | **Mosaic** | -1,67% |
| **Vinnslustöðin** | +2,38% | **Straumur-Burðarás** | -1,15% |
| **Flaga** | +1,87% | **Actavis** | -1,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,50 -1,00% ... Alfesca 3,95 +0,00%... Atorka 5,75 -0,86% ... Bakkavör 50,30 -0,20% ... Dagsbrún 6,63 -0,60% ... FL Group 21,80 -0,46% ... Flaga 3,27 +1,87% ... Glitnir 17,40 -0,57% ... KB banki 779,00 -0,13% ... Kögun 74,70 +0,40% ... Landsbankinn 23,50 -0,84% ... Marel 74,20 -0,14% ... Mosaic Fashions 17,70 -1,67% ... Straumur-Burðarás 17,20 -1,15% ... Össur 111,50 -0,45%

***KLUKKAN 14.00 Í** gær.

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Marel færir út kvíarnar í Bretlandi



**HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI MARELS** Marel hefur keypt tvö bresk fyrirtæki sem framleiða tæknibúnað fyrir matvælaiðnaðinn.

Marel hefur fest kaup á AEW Thurne og Delford Sortaweigh fyrir um 1,7 milljarða króna af AEW Delford Group. Félögin framleiða meðal annars háhraða skurðarvélar, tæki til gátvigtunar og verðmerkingar og róbóta til pökkunar matvæla.

Kaupin eru í samræmi við stefnu Marels að verða leiðandi fyrirtæki í þróun og framleiðslu á hátæknibúnaði fyrir matvælaiðnaði og fellur núverandi vöruframboð bresku félaganna vel að framleiðslu Marels.

Velta AEW og Delford nam 3,4 milljörðum króna á síðasta ári og var leiðréttur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) um 250 milljónir króna.

Marel tilkynnti fyrir síðustu helgi að félagið hefði gefið út skuldabréf fyrir sex milljarða króna og fjármagnar kaupin með eigin fé og hluta af andvirði bréfanna.

Helstu markaðssvæði bresku félaganna eru í Bretlandi, Bandaríkjunum, Hollandi og Frakklandi. - **eþa**

# Forstjóri Skýrr var rekinn á föstudag

**Hreinn Jakobsson var látinn hætta sem forstjóri eftir að hafa tekið afstöðu í átökum um eignarhald á Kögun, móðurfélagi Skýrr. Hreinn vildi fá Símann inn í eigendahópinn, en á endanum kom inn Dagsbrún.**



**HREINN JAKOBSSON** Hreinn fékk afhent uppsagnarbréf síðdegis síðasta föstudag.

Hreinn Jakobsson var rekinn úr starfi forstjóra Skýrr hf., dótturfyrirtækis Kögunar hf. síðdegis síðasta föstudag. Hreinn hefur stýrt fyrirtækinu frá því í september 1997, eða í tæp níu ár. Ekki hefur enn verið ráðinn eftirmaður í starf hans, en þar til verður Örn Karlsson starfandi stjórnarformaður.

Örn segir hafa legið fyrir á þriðjudaginn í síðustu viku að Hreinn myndi hætta, en í framhaldinu hafi ekki náðst saman um starfslok hans. „Til að höggva á hnútinn afhenti ég honum uppsagnarbréf," segir hann og kveður þann tíma tekinn sem þarf til að finna eftirmann Hreins. „En hann setti sig í dálítið erfiða aðstöðu, sem er synd, því Hreinn er frábær rekstrarmaður og góður liðsmaður."

Hreinn rekur ástæðu starfslokanna fyrst og fremst til þess að hann hafi viljað sjá Símann koma inn sem kjölfestufjárfesti í Kögun og ekki farið leynt með þá skoðun. Hann segir Símann hafa verið mjög áhugaverðan kost fyrir Skýrr, enda hafi fyrirtækin verið í miklu samstarfi og Síminn aukið viðskipti sín við Skýrr.

Undir lok síðasta mánaðar seldu stjórendur Kögunar og Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hins vegar Dagsbrún meirihluta í félaginu eftir að Síminn, sem átti 39 prósent í félaginu, hafði hafnað hugmyndum um yfirtöku. „Ég held að stjórnendur Kögunar hafi fyrst og fremst verið að hugsa um bréfin sín, en ekki langtímahagsmuni félagsins, þegar þeir tóku afstöðu með Straumi. Ég skildi ekki af hverju mönnum fannst ekki áhugavert að fá Símann þarna inn, enda ljóst að Kögun yrði ekki í eigu fjármálafyrirtækja til lengri tíma, þau myndu losa sig út og kjölfestufjárfestir kæmi inn," segir Hreinn og bendir á að yfirtöku Kögunar á Opnum kerfum hafi borið að með sambærilegum hætti og þegar Síminn keypti sig inn í Kögun, auk þess sem Síminn eigi viðskipti við Kögun og dótturfélög fyrir hátt í milljarð króna á ári.

Hreinn segir starfslokin svo sem ekki koma á óvart, en telur að farsælla hefði verið að gera samkomulag um þau, en í þeim efnum verður stuðst við ákvæði í ráðningarsamningi hans. Hreinn segir óráðið hvað hann tekur sér fyrir hendur í framhaldinu, en segir hug sinn vissulega standa til þess að vinna áfram í upplýsingatæknigeiranum. **olikr@frettabladid.is**

# Excel kaupir Kosmar



**FLUGVÉLAR FRÁ EXCEL AIRWAYS** Dótturfélag Avion Group hefur keypt fremstu ferðaskrifstofu í Bretlandi sem skipuleggur ferðir til Grikklands.

Excel Airways Group, dótturfélag Avion Group, hefur keypt bresku ferðaskrifstofuna Kosmar Villa Holidays, sem er fremsta breska ferðaskrifstofan í ferðalögum til Grikklands. Excel Airways Group á fyrir fimm ferðaskrifstofur.

Ferðaskrifstofan kemur inn í samstæðu Avion Group í maí. Kaupverð er trúnaðarmál en kaupin eru fjármögnuð með eigin fé og lánsfé. Velta ferðaskrifstofunnar nam 10,3 milljörðum íslenskra króna í fyrra. Búist er við að með kaupunum verði Excel Airways Group 5. eða 6. stærsta félagið í sölu pakkaferða í Bretlandi. **- jab**






PRIMO LEVI (1919-1987), LÉST ÞENNAN DAG

*„Markmiðin í lífinu eru besta vörnin gegn dauðanum.“*

***Ítalski efnafræðingurinn og rithöfundurinn Primo Levi var einn mjög fárra sem komust lifandi úr fangabúðum nasista í Auschwitz.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 11 APRÍL 1921

# *Furstadæmið Transjórdanía er stofnað*

Á þessum degi árið 1921 viðurkenndu Bretar stofnun furstadæmisins Transjórdaníu. Við lok seinni heimstyrjaldarinnar hafði svæðinu í kring um Transjórdaníu verið komið undir stjórn Breta en Frakkar höfðu völdin í Sýrlandi. Eftir að arabar innan landsvæðis Transjórdaníu höfðu reynt að safna saman her til að ráðast á Frakka samþykktu Bretar að leyfa leiðtoga herdeildanna, Abdúllah íbn Hussein, að stofna furstadæmið Transjórdaníu. Furstadæmið náði í grófum dráttum yfir landsvæði Ísraels, Palestínu og Ísraels.



Petra í gömlu Transjórdaníu.

Hið nýstofnaða ríki var undir hælnum á Bretum og treysti mjög á fjárstuðning frá þeim. Árið 1946 breyttist Transjórdanía í konungdæmi og Abdúllah lýsti sjálfan sig konung. Árið 1949 var ný stjórnarskrá samþykkt og tók ríkið um leið upp nafnið Jórdanía sem það gegnir enn í dag. Eftir stríðið sem braust út í kjölfar stofnun Ísraelsríkis minnkaði Transjórdanía töluvert en hélt landsvæðinu sem kennt er við Vesturbakkann.

Árið 1951 var Abdúllah konungur myrtur á hrottafenginn hátt fyrir utan Al-Aksa moskuna í Jerúsalem þar sem hann gekk til bæna. Með í för var sonarsonur hans, Hussein, sem horfði upp á afa sinn deyja á tröppum moskunnar. Hussein tók við konungstigninni í kjölfarið og var konungur til ársins 1999 þegar hann lést. Sonur hans, Abdúllah annar, tók þá við og stjórnar ríkinu í dag.

## MERKISATBURÐIR

**1815** Eldgos í Tamborafjalli á eyjunni Sumbawa í Indónesíu verður tíu þúsund manns að bana.

**1899** Spánn nær völdum í Púertó Ríkó af Bandaríkjunum.

**1912** Fiskverkunarkonur í Hafnarfirði taka aftur til starfa eftir að hafa verið í verkfalli í meira en mánuð.

**1921** Íþróttaviðburði er útvarpað í fyrsta skipti.

**1959** Rannveig Þorsteinsdóttir öðlast rétt til að flytja mál fyrir Hæstarétti fyrst kvenna.

**1961** Bob Dylan kemur fram í fyrsta skipti sem söngvari í New York.

**1970** Geimfarið Apolló þrettándi sent á loft.

**1970** Níu minkalæður eru fluttar frá Noregi og hefst minkarækt í landinu að nýju.

## AFMÆLI



**Jónas Þór** sagnfræðingur er 57 ára.



**Torfi Túlinius** prófessor er 48 ára.



**Hinrik Ólafsson** leikari er 43 ára.



**Ragnar Kristinn Gunnarsson** tónlistarmaður er 43 ára.

## ANDLÁT

**Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir**, Hjálmsstöðum, Laugardal, lést á heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 7. apríl.

**Magnea Þorkelsdóttir**, Reynigrund 67, Kópavogi, lést í Skálholti mánudaginn 10. apríl.

## JARÐARFARIR

11.00 Minningarathöfn um **Önnu J. Jónsdóttur**, Sóltúni 2, Reykjavík, áður Skipagötu 2, Akureyri, fer fram í Fossvogskirkju.

13.00 **Axel Eiríksson**, Reykási 23, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju.

13.00 **Guðfinna Einarsdóttir** frá Leysingjastöðum, Dalalandi 12, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Guðni G. Sigfússon**, Blikahólum 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Bragi Melax** kennari, Skúlagötu 40, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



**LOVÍSA ÁSBJÖRNSDÓTTIR JARÐFRÆÐINGUR Á NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN** Plöntuvefsjáin er einföld í uppsetningu svo grunnskólanemar ættu að eiga auðvelt með að nýta sér hana en efniviðurinn á ekki síður við háskólafólk og starfsfólk í stjórnsýslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR F07100406



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnlaugur Björnsson**

frá Grjótnesi,

sem lést á Landspítala í Fossvogi föstudaginn 7. apríl verður jarðsunginn í Áskirkju miðvikudaginn 12. apríl og hefst athöfnin klukkan 15.

**Jarmíla Hermannsdóttir**
**Björn Gunnlaugsson og Eva Guðný Þorvaldsdóttir**
**Herdís Sigurveig Gunnlaugsdóttir og Pétur Bjarnason**
**Hermann Georg Gunnlaugsson og Gunnhildur Þóra Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Zóphaníasson**

Hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður Tjarnargötu 26, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 3. apríl sl. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Skjóls 5. hæðar fyrir frábæra umönnun á liðnum árum. Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| **Þyrí Marta Baldursdóttir** | **Gunnar Snorrason** |
| **Soffía Kolbrún Pitts** | **David Lee Pitts** |
| **Elías Bjarni Baldursson** | |
| **Smári Örn Baldursson** | **Elvur Rósa Sigurðardóttir** |
| **Hafdís Birna Baldursdóttir** | **Einar Hólm Jónsson** |
| **Sigrún Fjóla Baldursdóttir** | **Arnar Kristjánsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

## NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS: OPNAR PLÖNTUVEFSJÁ

# Fróðleiksfýsn íslenskra plöntuáhugamanna svalað

Náttúrufræðistofnun Íslands opnaði á dögunum svokallaða vefsjá þar sem plöntugagnagrunnur stofnunarinnar var gerður aðgengilegur á myndrænan og þægilegan hátt. Að sögn Lovísu Ásbjörnsdóttur jarðfræðings á Náttúrfræðistofnun er þetta í fyrsta sinn sem svo nákvæmar upplýsingar um þetta efni eru settar fram á vefnum.

„Við erum að tengja kortaglugga, eða það sem við köllum vefsjá, við gagnagrunna Náttúrufræðistofnunar og að þessu sinni er það plöntugagnagrunnurinn. Hægt er að opna vefsjána á netinu og velja svæði eða leitarorð og þá er upplýsingunum veitt úr gagnagrunninum. Þetta þýðir að þú ert alltaf að vinna með nýjustu mögulegu upplýsingarnar. Einnig birtir grunnurinn svokallaðar staðreyndasíður um einstaka plöntur þar sem fram kemur ýmis fróðleikur eins og lýsing á plöntunni, nytjar, útbreiðslukort og mynd,“ segir Lovísa.

Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar er að vonum mjög ánægt með hvernig til hefur tekist með vefsjána. „Uppbyggingin er hönnuð með það í huga að sem flestir geti nýtt sér hana. Grunnskólanemendur ættu auðveldlega að geta farið inn á til að afla sér upplýsinga um plöntur fyrir grasafræði eða eitthvað slíkt, en vefsjáin nýtist líka háskólafólki og til dæmis starfsfólki innan stjórnsýslunnar í alls konar skipulagsmálum og umhverfismálum. Svo er hún mjög sniðug fyrir áhugafólk um plöntur sem getur fengið upp plöntulista með ákveðnum leitarskilyrðum og farið með hann út í náttúruna og kannað hvaða plöntur það finnur.“

Lovísa segir að mikil þörf hafi verið fyrir gagnabanka af þessu tagi til að svala fróðleiksfýsn Íslendinga um nánustu náttúru sína. „Fólk er mikið að spyrja um plöntur og dýralíf og vill fræðast um svæði sem því þykir vænt um og það dvelur mikið, eins og til dæmis sumarbústaðaeigendur. Þessi gögn hafa bara ekki verið svo aðgengileg hingað til og hefur fólk helst þurft að kalla í sérfræðinga til að koma og útskýra. Upplýsingar á netinu hafa því miður ekki verið nógu góðar og er þetta skref í áttina að því að bæta aðgengið.“

Verkefnið hefur tekist vel í alla staði og ætlar Náttúrufræðistofnun ekki að láta staðar numið heldur að halda áfram að skapa fleiri vefsjár. „Við ætlum að reyna að opna fuglavefsjá seinna á þessu ári og verður hún með svipuðu sniði. Einnig er ætlunin að gera smádýravefsjá með möguleikanum á að tengja saman allar vefsjárnar.“

*Tengill á plöntuvefsjána er á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands, ni.is.*

# Fundur vegna sinubruna

Í kvöld klukkan tuttugu boðar bæjarstjórn Borgarbyggðar og sýslumaðurinn í Borgarnesi til íbúafundar. Tilefnið er slökkvistarf vegna sinueldanna á Mýrum á dögunum.

Fulltrúar frá slökkviliðum Borgarbyggðar og Borgarfjarðardala ásamt lögreglunni fara yfir aðkomu að slökkvi- og björgunarstarfi. Tilgangur fundarins er fyrst og fremst að fara yfir aðgerðirnar og reyna læra af reynslunni sem slökkviliðið, lögreglan og íbúarnir hlutu.

Allir eru velkomnir á fundinn sem hefst klukkan 21 í Lyngbrekku.



**SINUBRUNI** Farið verður yfir reynslu af sinubrunanum á Mýrum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**LITRÍKUR PÁSKAUNDIRBÚNINGUR** Blóm og fagrir búningar settu lit á upphaf páskahátíðarinnar í pólska bænum Lyse. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nýjar vörur

Fáanlegt í Kringlu og Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum






**Mokkasínur** 3.999 kr
svartar, grænar, beinhvítar
st. 36-42




**Espadrillur** TILBOÐ 1.999 kr
Verð áður 2.499,-
hvítar, svartar, drappaðar
st. 36-41



**Sandalar** 3.999 kr
svartir, brúnir
st. 36-41



ekta leður

**Leðursandalar** 4.999 kr
svartir, drapp, brúnir
st. 36-41

Gildir til 15. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ertu með?

- Þjóðarsátt um flugvöll á Lönguskerjum
- Spornum gegn einelti og efnamun með skólafatnaði
- Fjögurra akreina Sundabraut í botngöngum alla leið
- Fjölskyldugreiðslur til foreldra barna 9 til 18 mánaða
- Samþætting grunnskóla, listnáms og íþrótta
- 40 þúsund króna frístundakort með hverju barni 5-18 ára
- Vatnagarður – skemmtigarður fyrir alla fjölskylduna
- 1.200 lóðir fyrir sérbýli á næstu átján mánuðum
- Aukin hverfalöggæsla og öflugri forvarnir
- Ókeypis í strætó fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja
- Aukin heimaþjónusta, uppbygging hjúkrunarheimila
- Allir eiga rétt á heimilislækni

exbé




Öflugur hópur einstaklinga með háleit markmið og þjónustulund skapar trúverðuga liðsheild. Við ætlum að vera með í því að gera Reykjavík að fyrsta flokks borg. Innan okkar raða er fólk með ákaflega ólíka lífsreynslu. En þegar allt er lagt saman og allir eru með þá er það einmitt þessi ólíka reynsla sem vegur hvað þyngst. **Ertu með?**

Við erum tilbúin að vinna fyrir þig og þína næstu fjögur árin. Við bjóðum okkur fram í það mikilvæga þjónustuhlutverk að vera borgarfulltrúar fyrir alla borgarbúa. **Ertu með?**

Stjórnmál þurfa ekki að vera leiðinleg. Það er skemmtilegt að hafa áhrif á og móta umhverfi okkar. Við viljum láta gott af okkur leiða. **Ertu með?**

Margir stjórnmálamenn vilja ástunda samræðustjórnmál. Við erum hins vegar athafnastjórnmálamenn. Við höfum lausnir. Við framkvæmum. **Ertu með?**

XB

**Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík**
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: 599-3900
Netfang: reykjavik@xb.is

exbé





# STUÐ MILLI STRÍÐA: Vitringarnir sem létu dæluna ganga

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** STALDRAR VIÐ GRÖF ÓÞEKKTA BENSÍNKALLSINS



Ég vann einu sinni fyrir mér og mínum á bensínstöð. Þetta er sjálfsagt mesta niðurlægingarskeið ævi minnar og dagleg samskipti við svokallaða viðskipta„vini" tendruðu svo djúpstæða mannfyrirlitningu í brjósti mínu að ég á sennilega enn eftir tíu ár í stífri atferlismeðferð til þess að vinna bug á henni.

Ég fékk að vísu dýrmætt veganesti með öllum viðbjóðnum þar sem kynni mín af gömlu Dagsbrúnarmönnunum hafa verið mér ómetanleg. Í þá daga höndluðu Dagsbrúnarmenn ekki með milljarða. Þeir höfðu hins vegar unnið með höndunum frá barnæsku. Lagt vegi og brýr um landið þvert og endilangt, verið til sjós og smurt trukka fyrir herinn. Þeir drukku svart Bragakaffi og seigan landa. Tóku í nefið og rifu stólpakjaft. Þeir leyfðu samt oftast kúnnanum að vaða yfir sig enda vissu þeir að aðeins smámenni fá útrás fyrir eigin vanmátt með því að níðast á þeim í skjóli „þjónustunnar" sem hefur skaðað mannkynið meir en allir heimsins markaðsfræðingar og almannatenglar.

Þetta sagði Halli gamli mér og ég hef ekki enn sé ástæðu til að rengja hann. Halli gat líka lesið þjóðfélagsástandið út frá hegðun viðskiptavinanna rétt eins og spámaður finnur svör í innyflum dýra. Þannig vissum við alltaf að það var góðæri (urðum aldrei varir við það í launaumslaginu) þegar við fengum dópista og glæpamenn til starfa. Í góðæri fæst nefnilega ekki gott fólk í skítastörf. Þá gat Halli alltaf séð efnahagskreppu og verðbólgu fyrir en slík óáran var á næsta leyti þegar kúnnahópurinn gerðist óvenju taugaveiklaður og dónalegur.

Halli er löngu hættur að dæla bensíni og þessi klassíski „bensínkarl" er nánast útdauður. Einn af þeim síðustu trúði mér þó fyrir því á dögunum að óróinn í kúnnununum hafi aldrei verið meiri. Frekjan, yfirgangurinn og virðingarleysið hefur víst náð nýjum hæðum. Þetta segir mér meira en öll álit greiningardeilda jafnt innanlands sem utan.

Þegar hjörðin sturlast vofir váin yfir og endirinn verður ekki fallegur.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






**BESTI FRJÁLSI DRYKKURINN** Fanney **1. SÆTI** Ingibjörg Jóna **2. SÆTI** Kristín **3. SÆTI** Sveinbjörg

# KAFFITÁRS**MEISTARAR!**

Við hjá Kaffitári erum einstaklega stolt af öllu okkar starfsfólki. Á Íslandsmóti kaffibarþjóna 2006 kom í ljós að fjórir af færustu kaffibarþjónum landsins eru í starfsliði Kaffitárs.

**Til hamingju snillingar með gull, silfur, brons og besta frjálsa kaffidrykkinn!**

Til þess að ná slíkum árangri þarf allt að ganga upp. Kaffið er okkar aðalsmerki en það á einnig við um okkar frábæra starfsfólk. Þrotlausar æfingar og tilraunir með efni, aðferðir og áhöld þarf til að vera ávallt í fararbroddi. Í okkar hópi er að finna áræðna einstaklinga sem hafa dug og þor til að fara alla leið og leggjum við mikið upp úr því að þeir njóti sín hjá Kaffitári, viðskiptavinum okkar til góða.

KAFFITÁR

– leggur heiminn að vörum þér
**kaffitar.is**

Kaffitár ehf., stofnsett árið 1990, rekur kaffibrennslu og kaffihús í aðalstöðvum sínum í Njarðvík þar sem einnig er boðið upp á kaffismökkun og námskeið. Auk þess má finna kaffibúðir/kaffihús í Bankastræti, Kringlunni, í Þjóðminjasafninu í Reykjavík og Expressóbar í Leifsstöð. Kaffitár hefur með frumkvæði og forystu lagt sitt af mörkum til fjölbreytileikans í kaffilífi þjóðarinnar. Kaffitár er reyklaus vinnustaður án vínveitinga.

**Kl. 20.00**
*Vortónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu í Langholtskirkju. Flutt verða verk eftir Joseph Haydn og Wolfgang Amadeus Mozart. Stjórnandi er Magnús Ragnarsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Víkingar fyrr og nú

Sagnfræðingafélag Íslands hefur undanfarið fjallað á margvíslegan hátt um útrásarhugtakið á hádegisfundaröð sinni í Þjóðminjasafninu. Á morgun mun Helgi Þorláksson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, ræða um víkinga og skoða í sögulegu samhengi hvernig afstaða Íslendinga til þeirra hefur breyst í gegnum tíðina. Helgi mun meðal annars fjalla um hugmyndir 13. aldarmanna um útrás og tvíbent viðhorf þeirra til víkinga því talið er að aðdáun á þeim hafi vart komið fram fyrr en um 1900. Helgi segir að Íslendingar séu duglegir að hampa víkingauppruna sínum og noti hugmyndir tengdar víkingum markvisst í ferðamennsku þrátt fyrir að í öðrum löndum sé hugtakið ekki litið jafn jákvæðum augum. Víkingar hafi ekki aðeins verið hetjur og bardagamenn heldur frömdu þeir ýmiss konar hryðjuverk og því er fortíð okkar ekki jafn glæst og margir vilja vera að láta.
Fyrirlesturinn er öllum opinn en hann verður haldinn í Þjóðminjasafni Íslands kl. 12.10.



**HELGI ÞORLÁKSSON SAGNFRÆÐINGUR** Útrásin til umræðu.

### > Ekki missa af...

Tónlistarhátíð í **Mývatnssveit** um páskana sem nú er haldin í níunda sinn. Kirkju- og kammertónleikar í fallegu umhverfi.

Uppfærslu **Halaleikhópsins** á Pókók eftir Jökul Jakobsson. Frábær skemmtun og hárbeittur húmor í Hátúni 12.

Sýningum Önnu Jóelsdóttur og Ástu Ólafsdóttur í **Listasafni ASÍ** sem hófust um helgina.



**LYDIA MORE** Mynd hennar sigraði í keppninni um bestu mynd hátíðarinnar.

## South Dakota sigurvegari 700IS

Bandaríska kvikmyndin South Dakota var valin besta myndin á alþjóðlegu tilraunakvikmyndahátíðinni 700IS Hreindýraland sem haldin var á Egilsstöðum á dögunum og tókst vel upp. Húsfyllir var við opnunina á Eiðum en Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setti hátíðina og við sama tækifæri sýndi danshópurinn Voiddance frá Bretlandi nútímadans í gömlu sundlauginni með vídeólistaverki og tónlist.

Alls bárust rúmlega 300 verk frá 34 löndum í keppnina en af þeim voru 50 sýnd á hátíðinni. Um tuttugu listamenn komu að utan til að vera viðstaddir. Tvenn verðlaun voru veitt á hátíðinni: myndin South Dakota eftir hina bandarísku Lydiu Moyer var valin besta mynd hátíðarinnar og Garðar Bachmann Þórðarson var valinn bjartasta von Austfirðinga fyrir myndina Can't fix it.

Menningarmiðstöð Fljótdalshéraðs stóð að hátíðinni í samstarfi við Eiða ehf. en Menningarráð Austurlands veitti 700 þúsund króna styrk svo hægt yrði að gera 700IS Hreindýraland að árlegum viðburði. Myndirnar sem voru á dagskrá verða senn sýndar í Reykjavík og fara svo á flakk um heiminn.

# Pakkhús minninga

**Hvað muna skáldin og hvernig miðla þau minningum sínum í ljóðum? Í kvöld verður ljóðadagskrá helguð minninu flutt í Þjóðleikhúskjallaranum.**



**ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON** Maðurinn er samsettur úr minningum. FRÉTTABLAÐIÐ/ HARI

Ástráður Eysteinsson, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, er einn af skipuleggjendum þematengdra ljóðakvölda sem haldin hafa verið í Þjóðleikhúskjallaranum undir yfirskriftinni Ljóðs manns æði. Í kvöld hefur hann umsjón með dagskrá sem ber heitið „Mér brennur í muna“. Að sögn Ástráðs hafa ljóðakvöldin spurst vel fyrir en dagskrá þeirra er blönduð, leikarar flytja valin ljóð sem tengjast ákveðnu viðfangsefni, skáld koma í heimsókn en inn á milli eru kynningar og létt spjall um viðfangefni kvöldsins.

Að þessu sinni verður fjallað vítt og breitt um minningar og ljóðlist og flutt tregafull og gamansöm ljóð í bland við fjölbreyttan fróðleik. „Stundum fjalla ljóðin um gleymsku eða um hluti sem ekki er hægt að gleyma jafnvel þótt fólk vilji það. Þessi glíma okkar við fortíðina er mögnuð,“ segir Ástráður og bætir við að minningar séu ekki alltaf réttar því fólk túlki atburði út frá persónulegri reynslu og hentugleika og því séu oft skáldlegar skekkjur í minningum fólks. „Við vinnuna að baki þessari dagskrá finnst mér það koma skýrt fram hvernig maðurinn er samsettur úr minningum, maðurinn er einn minnispakki,“ segir Ástráður og vísar þar til orða ljóðskáldins Matthíasar Johannesen sem líkti huganum við pakkhús minninga.

Ljóðin í dagskránni eru úr ýmsum áttum en gestur kvöldsins er Þorsteinn frá Hamri sem les eigin ljóð en leikarar munu flytja ljóð eftir skáld á borð við Stefán Hörð Grímsson, Steinunni Sigurðardóttur, Gerði Kristnýju og Vilborgu Dagbjartsdóttur. „Ljóðin eru valin saman með ákveðnar tengingar í huga, við viljum tína til ólíkar hliðar á þessu viðfangsefni. Bernskuminningar eru stórt efni, minningar tengdar ákveðnum einstaklingum, ástarminningar og síðan ljóð sem fjalla um sögulegar eða sameiginlegar minningar,“ útskýrir Ástráður.

Ástráður Eysteinsson velur ljóðin í félagi við Sigurbjörgu Þrastardóttur, Eystein Þorvaldsson og Hjalta Snæ Ægisson en leikaranir Atli Rafn Sigurðarson, Ragnheiður Steindórsdóttir og Sigurður Skúlason lesa. Dagskráin í Þjóðleikhúskjallarnum hefst kl. 21.00.

kristrun@frettabladid.is


STÓR HUMAR
GLÆNÝ LÚÐA

SKÖTUSELUR-LAXAFLÖK-TUNFISKUR
HÖRPUSKEL-RÆKJUR-FISKISUPA
SIGINN FISKUR OG SALTADAR KINNAR

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14




**HLJÓMSVEIT BENNA HEMM HEMM SPILAR Í FYRSTA SINN Á LANDSBYGGÐINNI**

## Ferðast til allra átta

Hljómsveit Benna Hemm Hemm er á faraldsfæti um þessar mundir en bandið leggur upp í sína fyrstu innanlandsreisu á morgun. Stórsveitin hefur gert strandhögg erlendis en ekki gerst svo fræg að leika fyrir aðdáendur sína á landsbyggðinni. Nú verður gerð bragarbót á því.

Fyrstu tónleikarnir verða haldnir í Deiglunni á Akureyri annað kvöld. Í félagi við bandið mun hljómsveitin Bob Justman einnig troða upp og eftir tónleikana mun hinn dularfulli Dj Göngutúr trylla lýðinn á Kaffi Karolínu.

Um páskana tekur hljómsveitin þátt í ísfirsku tónlistarveislunni Aldrei fór ég suður og kemur fram í fréttatilkynningu frá hljómsveitinni að þetta séu ákveðin tímamót fyrir marga í hljómsveitinni sem aldrei hafi komið vestur og enn fremur sé þetta „mikilvæg jöfnun á menningartengslum Vestfjarða og Reykjavíkur“. Því er fleygt að sérstaka byggingu þurfi fyrir hópinn því hún telji um það bil helming þeirra sem leika muni á hátíðinni.

Ekkert lát verður á tónleikahaldi nú á vordögum en hljómsveitin mun koma fram á svokölluðum Manchester tónleikum í Laugardalshöll í byrjun maí áður en stefnan er tekin á París þar sem Apparat Organ Quartet, Seabear og Dj Apfelblut verða einnig með í för á tónleikum sem bera heitið Islande mon amour.


KÓTELETTUKARLINN
ELSKAR LAMBAKJÖT
Lambakjöt
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR
ENNEMM / SÍA / NM21209

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

8 9 10 **11** 12 13 14

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Vortónleikar **Söngsveitarinnar Fílharmóníu** í Langholtskirkju. Flutt verða verk eftir **Joseph Haydn** og **Wolfgang Amadeus Mozart**. *Einsöngvarar á tónleikunum eru* **Hulda Björk Garðarsdóttir** *sópran,* **Nanna María Cortes** *messósópran,* **Jónas Guðmundsson** *tenór og* **Davíð Ólafsson** *bassi. Konsertmeistari er* **Sif Tulinius** *og* stjórnandi er **Magnús Ragnarsson**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.10 **Helgi Þorláksson** sagnfræðingur heldur erindi í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands í **Þjóðminjasafni Íslands** um hugmyndir Íslendinga um víkinga í sögulegu samhengi og útrás þeirra að fornu.

☐ 20.00 **Sigrún Harðardóttir** M.Phil í mannfræði flytur fyrirlesturinn um stöðu bænda í suðvesturhluta Kína. Fyrirlesturinn verður haldinn í **ReykjavíkurAkademíunni, Hringbraut** 121. 4. hæð.

### OPIÐ HÚS

☐ 19.30 Annað **Opna hús skógræktarfélaganna** á þessu ári verður haldið í Öskju, náttúrufræðahúsi **Háskóla Íslands**. **Þröstur Eysteinsson**, þróunarstjóri **Skógræktar ríkisins**, mun fjalla í máli og myndum um topp 20 trjátegundir, sem nota mætti meira í íslenskri skógrækt en gert er.

### LJÓÐAKVÖLD

☐ 20.00 **Ösp Viggósdóttir** les upp á þessu sextugasta **Skáldaspírukvöldi** í **Iðuhúsinu** við **Lækjargötu**.

☐ 21.00 Ljóðadagskráin **Ljóðs manns æði** í **Þjóðleikhúskjallaranum** á vegum **Fræðsludeildar Þjóðleikhússins** og vina ljóðsins. Fjallað verður um ljóð og minningar á fjölbreyttan hátt. Sérstakur gestur kvöldsins er **Þorsteinn frá Hamri**. Húsið opnar 20.30, aðgangseyrir 500 kr.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Pistlar um leiklist


SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

Súsanna Svavarsdóttir, blaðamaður og gagnrýnandi, mun á næstu dögum bætast í hóp pistlahöfunda á menningarsíðum Fréttablaðsins og skrifa reglulega um leiklist. Súsanna hefur komið víða við á ritferli sínum og hefur til að mynda gefið út skáldsögur, starfað sem þýðandi og ritstjóri, skrásett ævisögur auk þess ritað fjölda greina og gagnrýni um menningarmál.

Guðmundur Oddur Magnússon mun halda áfram að fjalla um sjónlistir annan hvern laugardag og Halldór Guðmundsson um bókmenntir annan hvern sunnudag. ■

# Miðar eftir á Davies

Enn eru miðar eftir á tónleika Ray Davies í Háskólabíói næstkomandi föstudag. Davis, sem kemur hingað til lands ásamt hljómsveit sinni á fimmtudag, mun flytja blöndu af sínum gömlum perlum og glænýjum lögum.

Ray Davies verður ætíð kenndur við hljómsveit sína The Kinks, sem er einhver mikilsvirtasta og áhrifamesta hljómsveit gervallrar rokksögunnar.

Miðaverð á tónleikana er frá 6.900 krónum. Miðasala fer fram í Skífunni, BT á Selfossi og á Akureyri og á concert.is. ■


**RAY DAVIES** Fyrrverandi forsprakki The Kinks heldur tónleika í Háskólabíói á föstudag.





DANSleikhúsið frumsýnir á Nýja sviði Borgarleikhússins

9., 11., 19. og 23. apríl

Miðasala er í Borgarleikhúsinu, sími 568 8000 og á vefnum www.borgarleikhus.is

DANSleikhúsið

The DANCEtheater

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ






Komdu við í næstu verslun Pennans og mátaðu nýju, ódýru skrifborðsstólana!

**Mjög ódýrir skrifborðsstólar sem smellpassa á heimaskrifstofuna!**

Penninn býður nú þessa ódýru skrifborðsstóla sem henta vel á heimaskrifstofuna. Þá er hægt að fá með svörtu, bláu, eða rauðu áklæði.

Við bjóðum S102 skrifborðsstólinn á **sérstöku kynningarverði eða aðeins 5.900 kr. sem er 25% afsláttur frá réttu verði** en kostar annars á fullu verði 7.900 kr.

T104 skrifborðsstólinn kostar á fullu verði 10.550 kr. en á **kynningarverði aðeins 7.900 kr. sem er 25% afsláttur!**

**Ath!** 2ja ára ábyrgð.

Penninn

Hallarmúla **Reykjavík**, sími 540 2000 • Hafnarstræti 91-93, **Akureyri**, sími 461 5050

**Verslanir Pennans:** • Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði • Ísafirði • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Enn veldur Stone deilum

Ekkjur tveggja lögreglumanna sem létust við björgunarstörf þegar Tvíburaturnarnir í New York hrundu eru mjög ósáttar við leikstjórann Oliver Stone og kvikmynd hans World Trade Center. Ekki var við öðru búast þegar Stone er nærri því kvikmyndir hans hafa oftar en ekki valdið miklum deilum. Þær Jamie Amoroso og Jeanette Pezzul eru ekki síður sárar út í lögreglumennina tvo sem komust lífs af en ekkjurnar segja þá vera að græða á harmi og sorg.

Kvikmyndin segir frá fimm lögreglumönnum sem voru að bjarga fólki úr rústunum þegar fyrri turninn hrundi. Þeir Chris Amoroso, Dominick Pezzulo og Antonio Rodrigues létu allir lífið en John McLoughlin og Will Jimeno komust lífs af og byggir myndin að hluta til á frásögn þeirra. Ekkjurnar tvær segja kvikmyndaverið Paramount Pictures vera að ýfa upp gömul sár og þær vilja ekki láta börnin sín sjá hvernig feður þeirra dóu eða deila dauða þeirra með milljónum áhorfenda.

Í yfirlýsingu frá kvikmyndaverinu kemur fram að ekkjunum tveimur hafi verið boðið á fund sem eingöngu Amoroso mætti á. Þar ítrekaði hún beiðni þeirra beggja að eiginmönnum þeirra yrði haldið frá myndinni. Kvikmyndaverið sagðist ekki geta orðið við ósk þeirra og vildi fá að heiðra minningu lögreglumannanna. „Ég þarf enga kvikmynd til að sýna mér hversu mikil hetja eiginmaður minn var,“ sagði Amoroso í samtali við The Sunday Star Ledger of Newark.

Bæði McLoughlin og Jimeno hafa verið sakaðir um ónærgætni vegna myndarinnar og hefur önnur ekkjan haft á orði að Jimeno hafi vingast við fjölskylduna í því skyni að afla sér upplýsinga um hana. Sjálfir bera þeir af sér allar sakir og segja nærveru sína nauðsynlega til að myndin verði sem raunverulegust. „Þetta er líka okkar saga því við erum einnig fórnarlömb.“

Með aðalhlutverkin í myndinni fara þau Nicholas Cage og Maria Bello.



**HRYÐJUVERKIN** World Trade Center eftir Oliver Stone hefur þegar ollið nokkrum deilum en tveir lögreglumenn, og Paramount, eru sakaðir um ónærgætni í garð hinna látnu. FRÉTTABLAÐIÐ / REUTERS











**LAUGAVEGUR 116** Þar sem verslunin Fataland var áður til húsa verður verslunin Völuskrín með leikföng fyrir forvitið fólk.



**LAUGAVEGUR 97** Seating Company hefur flutt sig yfir í næsta hús og fasteignasalan Domus hefur yfirtekið plássið.



**LAUGAVEGUR 82** Lífstykkjabúðin er að flytja frá Laugavegi 4 og hingað í þetta glæsilega hornhús. Til stendur að rífa húsnæðið sem hýsir verslunina núna en nýja húsnæðið er meira en tvöfalt stærra en það gamla.

# HRÆRINGAR Í MIÐBÆNUM

**Mikil hreyfing er á verslunar- og þjónustuaðilum í miðbænum um þessar mundir, ekki síst við Laugaveg. Verslanir koma og fara en aðrar færa sig einfaldlega um set.**



**LAUGAVEGUR 28** Veitingastaðurinn Sjanghæ var lengi hér til húsa en starfsemi hússins er heldur betur að breytast. Fataverslunin Spútnik sem nú er til húsa við Klapparstíg flytur á neðri hæðina sem er nærri 130 fm og uppi verður opnað kaffihús.



**LAUGAVEGUR 12** Lakkrísbúðin var til húsa í þessu litla krúttlega húsnæði og hýsti það líka kosningaskrifstofu Oddnýju Sturludóttur á sínum tíma. Þar opnar fljótlega fataverslun.



**LAUGAVEGUR 62** Nærfataverslunin Knickerbox er farin af Laugaveginum og er nú bara að finna í Kringlunni. Það verður spennandi að sjá hvað kemur í staðinn í þetta hornhús við Vitastíg.



**LAUGAVEGUR 11** Cintamani opnaði glæsilega verslun í þessu húsnæði síðasta laugardag þar sem bæði er hægt að kaupa útivistarfatnað og bóka ævintýraferðir. Þar er einnig hægt að komast frítt á netið.



**BANKASTRÆTI 10** Islandica hefur rekið verslun í Kringlunni en opnar nú einnig útibú í miðbænum þar sem Stúdentaferðir voru áður til húsa. Ferðaskrifstofan er flutt í Borgartúnið.



**LAUGAVEGUR 7** Íslenskir karlmenn flytja bráðlega frá Laugavegi 74 og í síðasta verslunarplássið við Laugaveg 7.



**LAUGAVEGUR 44** Diza, verslun sem selur fatnað, bútasaums- og prjónavörur, hefur opnað þar sem Levis-verslunin var áður til húsa. Það hlýtur það að vera til marks um það að Reykvíkingar séu farnir að stunda hannyrðir af meira kappi en áður.



**LAUGAVEGUR 70** Verslun Gismo sem selur ýmsar sniðugar gjafir gafst upp á búskapnum við Laugaveg og flutti í Ármúlann.

# Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

## Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.290.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.520.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Brimborg Bíldshöfði 8

Brimborg Bíldshöfði 6

MAX1 Bílavaktin

**Komdu í nýjan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**




## Ný heimkynni - Nýtt verð!

# Kr.2.290.000

**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*




## Við erum Mazda!

**Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!**

Berðu saman verð og búnað Mazda og Toyota. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og betri kjör Lýsingar.

**Veldu annan stíl. Núna Mazda.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

LÝSING Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

**Kauptu nýja bílinn á gamla genginu**
Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði. Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.
**Komdu núna**


**Mazda2**
Væntanlegur í maí


**Mazda3 Touring 1,6i**
5 dyra, 5 gíra*
**Besta verð 1.690.000 kr.**
Bílasamningur 22.945 kr.
Rekstrarleiga 30.414 kr.


**Mazda3 Touring 1,6i**
4 dyra, 5 gíra*
**Besta verð 1.720.000 kr.**
Bílasamningur 23.353 kr.
Rekstrarleiga 32.140 kr.


**Mazda5 Touring 2,0i**
7 manna, 5 gíra*
**Besta verð 2.190.000 kr.**
Bílasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.


**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.290.000 kr.**
Bílasamningur 31.130 kr.
Rekstrarleiga 41.800 kr.




**Mazda6 Touring 2,0i**
5 dyra, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.340.000 kr.**
Bílasamningur 31.380 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.


**Mazda6 Touring 2,0i**
Wagon, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.500 kr.
Rekstrarleiga 43.800 kr.


**Mazda MX-5 Sport 2,0i**
2 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 2.750.000 kr.**
Bílasamningur 36.944 kr.


**Mazda RX-8 High**
4 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 3.290.000 kr.**
Bílasamningur 44.669 kr.


**Mazda6 MPS AWD 2,3i**
4 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 3.390.000 kr.**
Bílasamningur 45.543 kr.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota mars 2006. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 |
| ICE AGE 2 Í LÚXUS M/ENSKU TALI | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 2, 4, 6 og 8 |
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1.30, 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 1.30, 3.50 og 10 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 3, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| WALK THE LINE | kl. 2.40, 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 2.40 og 5.20 B.I. 14 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 6 M/ÍSL. TALI |
| DATE MOVIE | kl. 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Deep Dish á Nasa

Plötusnúðurinn Dubfire úr dúettinum Deep Dish kemur fram á gríðarstóru klúbbakvöldi á Nasa á miðvikudagskvöld ásamt Grétari G og Mr Goodman.

Sjö blaðamenn frá Bandaríkjunum hafa staðfest komu sín hingað til lands til að skrifa um tónleikana auk þess sem pakkaferðir eru í boði fyrir Bandaríkjamenn sem vilja fylgjast með atburðinum. Búið er að stækka hljóðkerfið á Nasa eingöngu fyrir þetta kvöld auk þess sem mikil Lazer-ljósasýning verður á staðnum.

Deep Dish koma frá Washington DC og Íran og kalla sig Ali & Sharam en eru þekktastir sem Dubfire og Sharam. Hafa þeir unnið til margra Grammy-verðlaun, m.a. fyrir besta danslagið og bestu plötuna. Einnig lentu þeir í öðru sæti yfir bestu plötusnúða heimsins í tímaritinu Rolling Stones Magazine.



**DEEP DISH** Plötusnúðarnir Deep Dish frá New York og Íran hafa hlotið Grammy-verðlaun fyrir besta danslagið og bestu plötuna.

Örfáir miðar eru eftir á klúbbakvöldið. Fer forsala miða fram í Þrumunni þar sem miðaverð er 2.000 krónur. Verð er 2.500 krónur við hurð.

# Færeyskur dagur

Færeyskur dagur verður haldinn á Nasa næstkomandi laugardag þegar sex færeyskir flytjendur sækja Ísland heim.

Tónlistarhátíðin Atlantic Music Event, AME, hefur hingað til einungis verið haldin í Færeyjum og í Danmörku með mjög góðum árangri en núna er röðin komin að Íslandi.

Fyrsta AME-hátíðin hér á landi skartar Högna Lisberg, Gestum, Déjà Vu, Makrel, Marius og Lenu en þetta eru allt flytjendur sem eru í fremstu röð færeyskra tónlistarmanna í dag. Tilgangurinn er að kynna blómlegt tónlistarlíf Færeyinga fyrir okkur Íslendingum og gefa færeyskum tónlistarmönnum tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri við íslenska tónlistaráhugamenn.

Sérstakir gestir AME-hátíðarinnar í ár eru íslenska hljómsveitin Dikta sem stefnir á að halda tónleika í Færeyjum síðar á árinu.



**HÖGNI LISBERG** Færeyski tónlistarmaðurinn Högni Lisberg er einn þeirra sem koma fram á Nasa á laugardaginn.

Miðaverð á hátíðina er 1.650 krónur og fer forsala miða fram í verslunum Skífunnar og á midi.is.


**Túnfiskur-Hörpuskel-Rækjur**

**Risastór Humar**

Risahörpuskel og rækjur

Lúðusneiðar-Laxaflök

Glæsilegir forréttir

**Allt í fiskveisluna um páskana!**

***Fiskbúðin Vör***

*Ferskir og flottir strákar - Höfðabakka 1 s 587 5070*






ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FIREWALL | BYLGJUFORSÝNING KL. 8 | |
| WOLF CREEK | KL. 8-9:10-10:30 | B.I. 16 |
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 3-5-7 | |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA VIP | KL. 5:30-8-10:30 | |
| LASSIE | KL. 3-5 | |
| AEON FLUX | KL. 5:50 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 3:50 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 8 | |
| DATE MOVIE | KL. 10 | B.I. 14 |
| THE PINK PANTHER | KL. 8-10 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF CREEK | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:45-8 | |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10:15 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF CREEK | KL. 5:50-8-10:10 | B.I. 16 |
| FAILURE TO LUNCH | FM 95.7 FORSÝNING KL. 8 | |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 10:30 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 6-9 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| LASSIE | KL. 6 | |
| SYRIANA | KL. 10 | B.I. 16 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Arnold Schwarzenegger hefur verið boðið að leika feluhlutverk í fjórðu myndinni um Tortímandann. Ríkisstjórinn í Kaliforníu hefur ekki leikið í kvikmynd síðan hann sór embættiseiðinn en vinsældir hasarmyndaleikarans hafa dalað töluvert og yrði þetta vafalítið ágætt herbragð til að bæta við sig kjörfylgi. Samkvæmt breska blaðinu The Mirror er talið ólíklegt að Schwarzenegger taki tilboðinu vegna pólitíska ferils síns en Andy Vajna, framleiðandi myndarinnar, er ekki alveg búinn að gefast upp. „Við viljum halda áfram með Tortímanda-ævintýrið og erum með hlutverk sem myndi henta Schwarzenegger fullkomlega,“ sagði hann.



Rod Stewart lét sér ekki nægja að bjóða einu til tveimur börnum sínum í sumarfrí til Hawaii heldur voru sex af sjö krökkum hans með í för. Stewart hefur ekki verið við eina fjölina felldur og á börn með fyrirsætunum Alana Hamilton, Kelly Emberg og Rachel Hunter en er nú í sambúð með Penny Lancaster og á með henni eitt barn. Lancaster er að sjálfsögðu með í för og hjálpar Stewart við að hafa stjórn á skaranum en hinar þrjár barnsmæður Stewarts gátu ekki þekkst boðið. Elsta barnið Sarah, sem er 41 árs, gat því miður heldur ekki verið með í þessari fjölskylduferð.




## Enn bætist í hóp Þróttara

Þróttarar eru ekki hættir að sanka að sér leikmönnum en tveir nýir menn hafa skrifað undir samninga hjá liðinu. Andrés Vilhjálmsson kemur til Þróttar frá ÍA og Þórður Hreiðarsson frá Val. Þar með hafa Þróttarar bætt við sig níu leikmönnum frá síðasta sumri en liðið hefur orðið fyrir mikilli blóðtöku og misst marga lykilmenn.

**sport**

sport@frettabladid.is

BORÐTENNISKAPPINN GUÐMUNDUR STEPHENSEN: Á LEIÐINNI TIL SÆNSKU MEISTARANNA Í ESLÖVS

# Þjálfarinn grýtti í mig dagblaðinu



Hinn margfaldi Íslandsmeistari í borðtennis, Guðmundur Stephensen, er á leiðinni til hinna nýbökuðu sænsku meistara í Eslövs sem einmitt lögðu Guðmund og félaga í Malmö í úrslitaeinvíginu 3-1. Guðmundur missti af fyrsta leiknum vegna veikinda en kom til baka í eina sigri Malmö þar sem hann vann tvo leiki.

„Við töpuðum tveimur leikjum í bráðabana eftir að staðan hafði verið 4-4. Það var mjög svekkjandi, sérstaklega í ljósi þess að Kínverjinn okkar er líklega besti leikmaðurinn í deildinni en óheppnin réð þarna ríkju," sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær en hann var í minna formi en ella í úrslitakeppninni vegna veikindanna.

„Ég er sáttur við mitt hlutskipti í úrslitakeppninni fyrir utan föstudaginn þegar ég tapaði tveimur leikjum. Það er í fyrsta skipti á ferlinum sem það gerist," sagði Guðmundur sem er á leið til Eslövs en félagið hans Malmö er mjög illa statt fjárhagslega.

„Sænsku blöðin hlupu í gönur og eru búin að blása málið alveg upp. Þau greindu frá því að ég væri búinn að skrifa undir en það er alls kostar ekki rétt. Ég er aftur á móti búinn að ræða við liðið og það eru allar líkur á að ég fari þangað. Mig langar ekki til að skipta en Malmö segir okkur að fara annað þar sem félagið sé mjög illa statt fjárhagslega og verður ekki með alvöru lið á næsta ári," sagði Guðmundur, en þjálfarinn hans var ekki sáttur við hann fyrir síðasta leikinn á sunnudaginn.

„Þetta leit ekki vel út fyrir mig, að ég væri búinn að skrifa undir hjá félaginu sem við vorum að keppa við í úrslitunum. Þjálfarinn var ekki sáttur við mig, spurði hvort ég væri búinn að skoða blöðin í dag, en þegar ég sagði nei henti hann blaðinu í mig og skellti hurðinni á eftir sér. En þessi saga var alls ekki rétt og það er allt í góðu á milli okkar núna," sagði Guðmundur sem ætti að skrifa undir hjá Eslövs í nánustu framtíð.

## > Stefán undir feldi

Landsliðsþjálfari kvenna í handknattleik, Stefán Arnarson, staðfesti við Fréttablaðið í gær að Haukar hefðu haft samband við sig. Haukar leita að þjálfara fyrir kvennalið félagsins en Guðmundur Karlsson hefur sem kunnugt er látið af störfum. Stefán sagðist liggja undir feldi og myndi ekki svara Haukum fyrr en eftir páska. Hann væri að íhuga ýmsa hluti og þar á meðal hvort hann vildi hella sér út í þjálfun á fullu á nýjan leik.



Formannsefni KKÍ:

## Guðjón býður sig fram

**KÖRFUBOLTI** Guðjón Már Þorsteinsson hefur ákveðið að bjóða sig fram til formanns Körfuknattleikssambands Íslands. Ólafur Rafnsson mun láta af embætti á næsta ársþingi en hann sækist nú eftir forsetastóli ÍSÍ. Auk Guðjóns hefur Hannes Jónsson boðið sig fram til formanns, sem hann kynnti með öllu hefðbundnari hætti en Guðjón.

Í stað þess að senda yfirlýsingu sína til fjölmiðla, eða í það minnsta KKÍ, birti Guðjón yfirlýsingu sína á spjallborði íþróttavefsins Sport.is þar sem Guðjón útlistar áhuga sinn á íþróttum og stjórnarstörfum. Guðjón er stjórnarmaður í KKÍ og hefur mikla reynslu af stjórnunarstörfum.

„Ef mér tekst að ná formennsku þá mun ég gefa mig allan í starfið og vinna náið með öllum sem áhuga hafa á. Fyrir mér eru allir jafnir, og ekkert er svo lítið að það skipti ekki máli í heildarmyndinni," sagði Guðjón meðal annars í yfirlýsingu sinni.

- hþh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

8 9 10 **11** 12 13 14

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 18.30 **Mótorsport 2005** á Sýn.
- 19.00 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 19.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn - Fréttaþáttur.
- 20.00 **Skólahreysti** á Sýn. Endurtekinn þáttur um úrslitin í keppninni.
- 22.00 **Leiðin á HM 2006** á Sýn.
- 22.25 **Súperkross** á Sýn.

# Ætlum að nýta tímann vel

**Íslenska landsliðið í handbolta kom saman í Magdeburg í Þýskalandi í gær þar sem það verður við æfingar í vikutíma. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari vonast til að nýta tímann í Þýskalandi sem best fyrir leikina gegn Svíum í júní.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason var að tína saman mannskapinn í Magdeburg þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Alfreð hafði í nógu að snúast við að safna mönnum saman, koma þeim á æfingu eða upp á hótel. Allt leit vel út nema hvað ekki hafði náðst í Ólaf Stefánsson en fyrir löngu er orðið þekkt hversu erfitt er að ná í fyrirliðann í síma.

„Hann hlýtur að skila sér strákurinn. Hann gæti þess vegna verið kominn upp á hótel," sagði Alfreð í gær en landsliðið mun dveljast við bestu aðstæður í Magdeburg. Þetta er fyrsti hluti af undirbúningi liðsins fyrir leikina tvo gegn Svíum í júní.

„Við byrjum á því að láta alla fara á hlaupabretti til að skoða líkamlegt ástand allra leikmannanna. Ég vil komast að því hvernig ástandið er á mannskapnum áður en við leggjum línurnar að því sem við gerum fram að júnímánuði," sagði þjálfarinn sem leggur mikla áherslu á að nýta tímann vel.

„Við þurfum líka að skoða varnarleikinn sérstaklega vel og nú afbrigði af honum. Það eru nýir menn að koma inn, til að mynda Sverrir Björnsson og Vignir Svavarsson. Ég mun einbeita mér mikið að varnarleiknum en hvað sóknarleikinn varðar munum við leggjast yfir það hvað við gerum gegn 6-0 vörn. Þetta er það sem ég mun leggja aðaláherslu á hér í Þýskalandi," sagði Alfeð en liðið mun æfa vel ytra.

„Við munu æfa þétt, tvisvar til þrisvar á dag auk þess sem við tökum fundi inni á milli. Það er erfitt að ætla sér að keyra upp þrek hjá leikmönnum þegar maður hefur bara eina viku en við hittumst einnig til að stilla saman strengi okkar. Auk þess eru þessir strákar í góðu formi og því engin sérstök ástæða til þess að pumpa upp þolið," sagði Alfreð.



**ALFREÐ GÍSLASON** Á von á góðri viku í Þýskalandi þar sem landsliðshópurinn mun dveljast í góðu yfirlæti í eina viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er alltaf gott að hitta hópinn og leggja línurnar. Við erum með nýja menn auk þess sem ég er nýr í starfi og þá eru strákar í hópnum sem hafa ekki verið viðloðnir hann lengi. Við höfum lítinn tíma og því verðum við að nýta tímann til hins ýtrasta. Það stefnir í góða viku hérna úti. Ég geng út frá því," sagði landsliðsþjálfarinn að lokum.

hjalti@frettabladid.is



**AJ MOYE** Hefur leikið frábærlega fyrir Keflavík í vetur. Þrátt fyrir vilja sinn að vera áfram hjá Keflavík er alls óvíst að svo verði þar sem margir hafa áhuga á honum þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

A.J. Moye:

## Vill vera áfram hjá Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Bandaríkjamaðurinn A.J. Moye er gríðarlega eftirsóttur af liðum í Evrópu en hann vill helst vera áfram í Keflavík. Moye skoraði 28,9 stig að meðaltali í leik með Keflavík í vetur og var besti maður liðsins sem hrósaði sigri í deildarkeppninni.

„Eðlilega hafa mörg lið sýnt honum áhuga, héðan og þaðan. Það er fullt af liðum í Evrópu sem hafa spurst fyrir um hann en hann er ekkert að stressa sig á hlutunum og vill helst af öllu vera áfram í Keflavík. Hann á marga kosti í stöðunni og á klárlega eftir að gera eitthvað gott," sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari liðsins, við Fréttablaðið í gær.

Sigurður sagði jafnframt að hann væri ekki ákveðinn hvort hann hygðist þjálfa Keflavíkurliðið áfram en hann ætlaði að taka ákvörðun um það á næstunni. - hþh






Keflavík mætir liði frá Norður-Írlandi í fyrstu umferð InterToto-keppninnar:

# Ætlum að setja púður í þetta

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar duttu í lukkupottinn þegar dregið var í InterToto-keppninni í gær en andstæðingar þeirra verða frá Norður-Írlandi. Ekki er ljóst hvaða lið það verður sem mætir Keflavík í tveimur leikjum, en liðið sem lendir í fjórða sæti í deildakeppninni þar hreppir hnossið. Fyrri leikurinn fer fram þann 18. júní í Keflavík en sá síðari ytra, viku síðar.

Í annarri umferð yrði andstæðingurinn svo Lilleström frá Noregi og þriðja umferðin býður upp á stórleik gegn ensku liði, Blackburn, Everton eða Middlesbrough þar sem spilað er um sæti í UEFA-bikarnum.

„Ég er mjög ánægður með þetta. Við eigum möguleika á að komast áfram og við gerum allt til að tryggja okkur flugið til Osló. Það væri síðan alveg frábært að koma til Englands en það er enn langur vegur þangað," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, við Fréttablaðið í gær.



**ISSA ABDULKADIR** Í leik með Keflavík í Evrópukeppninni í fyrra gegn þýska liðinu Mainz.

„Vissulega munum við setja púður í þessa keppni. Ég verð að viðurkenna að ég hef nokkrar áhyggjur af því að þetta trufli Landsbankadeildina, þetta gerir það alltaf. Þetta er spurning hvernig við tæklum þetta, það þarf að beita sér í því að hafa hugsunina rétta," sagði Kristján.

Keflvíkingar komu frá Spáni á laugardaginn en þar voru þeir með þrjá erlenda leikmenn á reynslu. „Við sendum einn strax heim en erum enn að skoða hina tvo. Við tökum örugglega ekki báða en það er möguleiki á að við tökum annan án þess að það sé öruggt," sagði Kristján en um er að ræða rúmenskan miðvörð og Ástralann Daniel Severino sem er fjölhæfur miðjumaður og góður vinur Buddy Farah sem er kominn til Keflavíkurliðsins.

- hþh

# Páskatilboð

Broil King



TILBOÐ

59.900kr

Verð áður 69.900-

Brennari: 15,2kW Super 8 brennari
Grillgrind: Postulínshúðaðar járngrindur
Grillsvæði: 65x34 neðri, 65x18 efri
Kveikja: Elektrónísk

**Broil King Regal grill**

Flave-R-Wave grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifinguna í grillinu. Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum. Hitamælir og hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

## KAUPAUKI

Ferðagrill fylgir í kaupauka með öllum keyptum gasgrillum til 19. apríl



**Ferðagrill**

Grillflötur: 40 x 26 cm
Hæsta stilling: 3kw
Eyðsla: 250 g á klukkustund
Virkar bæði með bútan og própan gasi
Hitasteinar og þrýstijafnari fylgja með

Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

STERLING



TILBOÐ

24.900kr

Verð áður 29.900-

Bennari: 8,8kW tvískiptur H-brennari úr ryðfríu stáli 38000BTU
Hitagrind: Krómuð hitagrind
Grillgrind: Posturlínshúðaðar járngrindur
Grillsvæði: 50x37 neðri, 50x24 efri
Kveikja: Elektrónísk

**Sterling 1714**

Flave-R-Wave grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifinguna í grillinu. Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum og hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

STERLING



TILBOÐ

19.900kr

Verð áður 24.900-

Bennari: 7,0kW H-brennari úr ryðfríu stáli
Hitagrind: Krómuð hitagrind
Grillgrind: Posturlínshúðaðar járngrindur
Grillsvæði: 50x32 neðri, 50x24 efri
Kveikja: Elektrónísk

**Sterling 1104**

Flave-R-Wave grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifinguna í grillinu. Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum og hjól til að aðvelda tilfærslu á grillinu.

## Glæsilegt úrval af GrillPro aukahlutum

GRILLPRO



Gildir til 19. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ekkert er gefið eftir í baráttu Chelsea og Manchester United um enska titilinn:

# Sir Alex bíður eins og refur

**FÓTBOLTI** Líkt og hjá Kevin Keegan og Arsene Wenger forðum bíður gamli refurinn Sir Alex Ferguson átekta eftir því að Chelsea misstígi sig í baráttunni um Englandsmeistaratitilinn. Árið 2003 var Arsenal átta stigum á undan United í mars en frábær lokasprettur hjá Manchesterliðinu, og slæmt gengi Arsenal, varð til þess að United hampaði titlinum.

Það sama gerðist fyrir tíu árum þegar Newcastle hafði fimmtán stiga forystu á United um jólin, en Ferguson tókst að stýra sínu liði til sigurs í deildinni. Ótrúlegt skrið hefur verið á United á síðustu vikum og liðið hefur unnið níu leiki í röð, þar á meðal gegn Arsenal um helgina. Chelsea hefur þó vart stigið feilspor og er því erfitt að sjá sjö stiga forystu Chelsea hverfa eins og dögg fyrir sólu þegar aðeins fimm leikir eru eftir, þrátt fyrir að liðin eigi eftir að mætast innbyrðis.



**SIR ALEX FERGUSON** Vonast til að stela titlinum af Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Þeir eiga enn eftir að spila á útivelli gegn Bolton, Blackburn og svo gegn Newcastle í lokaumferðinni í síðasta leik Alans Shearer fyrir félagið Það eru því margir hlutir okkur í hag,“ sagði Ferguson en United á eftir að leika gegn Sunderland, Tottenham, Middlesbrough og Charlton auk Chelsea sem á eftir Bolton, Everton, Blackburn og Newcastle auk erfiðs leiks gegn Liverpool í undanúrslitum FA-bikarkeppninnar.

Chelsea vonast því svo sannarlega eftir því að vera búið að tryggja sér titilinn áður en félagið mætir United þann 29. apríl en til þess verður Chelsea að vinna næstu tvo leiki, úti gegn Bolton og heima gegn Everton, og United að tapa í það minnsta þremur stigum í næstu þremur leikjum, heima gegn Sunderland, úti gegn Tottenham og heima gegn Middlesbrough. - hþh

# Vorverkin hafin í Fjósinu

**Skallagrímur jafnaði metin í 1-1 í úrslitaeinvíginu gegn Njarðvík á heimavelli sínum, Fjósinu, í gærkvöldi. Leiknum lauk með 87-77 sigri Borgnesinga.**

**KÖRFUBOLTI** Það voru engin þreytumerki á Borgnesingum í upphafi leiks þrátt fyrir ótrúlega stífa dagskrá undanfarið. George Byrd gaf tóninn fyrir þriggja stiga veisluna með einni slíkri í byrjun leiks. Þrjár fyrstu körfur Borgnesingua komu fyrir utan þriggja stiga línuna og heimamenn tóku fljótlega forystu gegn Njarðvíkingum sem gekk illa í byrjun leiks. Aðeins var lífsmark með Friðriki Stefánssyni sem átti skínandi fyrri hálfleik, líkt og Brenton Birmingham.

Njarðvíkingar áttu undir högg að sækja eftir fyrsta leikhluta þegar þeir voru 27-15 undir. Þeir spýttu heldur betur í lófana og komust betur og betur inn í leikinn. Þriggja stiga skot heimamanna rötuðu ekki rétta leið og sóknarleikurinn var einsleitur, síendurtekin þriggja stiga skot sem hættu að rata ofan í körfuna. Skallagrímsmenn nýttu sér styrk George Byrd undir körfunni ekki nægilega vel á meðan Njarðvíkingum gekk vel að finna Friðrik hinum megin á vellinum sem kláraði sín færi vel.

Njarðvíkingar gengu á lagið og minnkuðu muninn jafnt og þétt. Í hálfleik var munurinn kominn niður í fjögur stig, 42-38, eftir að hafa verið sautján stigum undir í byrjun annars leikhluta og spennandi síðari hálfleikur hófst með látum.

Þeir félagar Dimitar Karadzovski og Jovan Zdravevski áttu frábæran leik fyrir Borgnesinga og þeir röðuðu niður körfunum þegar mest á reyndi. Heimamenn tóku forystuna á ný í þriðja leikhluta og lánlausum Njarðvíkingum tókst ekki að minnka muninn sem var þrettán stig að þriðja leikhluta loknum, 67-54. Frábær varnarleikur og skynsamlegur sóknarleikur var undirstaðan að sigri Borgnesinga sem léku við hvern sinn fingur á ógnarsterkum heimavelli sínum þegar þeir kláruðu leikinn í fjórða og síðasta leikhlutanum.

Þegar fjórar mínútur lifðu leiks höfðu heimamenn í Skallagrími 78-64 yfir og Njarðvíkingar gerðu hvað þeir gátu til að minnka muninn. Þegar rúm mínúta var eftir höfðu heimamenn níu stiga forystu sem reyndist gestunum vera um of og Skallagrímur vann að lokum 87-77.



**FRIÐRIK STEFÁNSSON** Átti góðan leik fyrir Njarðvíkinga í gær en því miður fyrir hann var það ekki nóg. Skallagrímsmenn höfðu sigur í leiknum og jöfnuðu úrslitaeinvígið 1-1. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Friðrik Stefánsson átti mjög góðan leik fyrir Njarðvík og var allt í öllu í leik liðsins, á báðum endum vallarins á löngum köflum. Hann skoraði 21 stig, en Jeb Ivey skoraði 25 en það dugði ekki til.

Zdravevski skoraði 24 fyrir Skallagrím, Karadzovski 22 og George Byrd 19.

Heimamenn voru vel að sigrinum komnir og setja einvígið um Íslandsmeistaratitilinn í spennandi stöðu, nú þegar liðin hafa unnið sinn leikinn hvorn en sá næsti fer fram í Njarðvík á laugardaginn.

hjalti@frettabladid.is



**Í GRÆNA JAKKANUM** Mickelson eignaðist sinn annan græna jakka um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Masters-mótið:

## Mickelson sigraði örugglega

**GOLF** Það var mikil spenna fyrir lokadag Masters-mótsins í golfi en sú spenna var fljót að fara því Phil Mickelson lék langbesta golfið síðasta daginn og sigraði mótið nokkuð þægilega. Margir áttu von á því að Tiger Woods myndi bíta frá sér og hann byrjaði á að fá fugl en spilamennska hans í kjölfarið var upp og niður og hann endaði í þriðja sæti.

Mickelson hefur verið að leika stórkostlega síðustu mánuði og eru margir golfspekingarnir á því að loksins sé kominn maður sem geti staðið upp í hárinu á Tiger Woods.

„Fólk skal slaka á með allt slemmutal,“ sagði Mickelson eftir mótið en hann hefur unnið þrjú af síðustu níu stórmótunum. „Ég hef gaman af því sem ég er að gera og einbeiti mér að því en ekki hvort ég geti unnið öll stórmót.“ - hbg



**ROONEY OG OWEN** Vinátta þeirra hefur ekkert minnkað. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Owen og Rooney:

## Eiga ekki við fíkn að stríða

**FÓTBOLTI** Enskir fjölmiðlar greindu frá því um helgina að Wayne Rooney, leikmaður Manchester United, væri langt leiddur vegna spilafíknar og skuldaði um 700.000 pund. Einn þeirra sem hann átti að skulda pening er sjálfur Michael Owen, sem á að hafa komið Rooney upp á lagið með að taka þátt í veðmálum.

Þá var einnig talað um að félagarnir væru orðnir óvinir vegna fjárhættuspila en ensku blöðin hafa greinilega hlaupið á sig hvað þetta mál varðar. Málið er gengið svo langt að Rooney og Owen hafa neyðst til að senda frá sér yfirlýsingu til að stemma stigum við þessum sögusögnum.

„Wayne á ekki í neinum útistöðum við Michael, þeir eru góðir félagar og hlakka til að spila saman á Heimsmeistaramótinu í sumar,“ sagði í yfirlýsingu frá þeim kumpánum. - hþh

Craig Bellamy:

## Skot á Souness

**FÓTBOLTI** Craig Bellamy vísar því alfarið á bug að hann sé maður sem hafi slæm áhrif á þau lið sem hann hefur spilað fyrir á ferlinum eins og fyrrum knattspyrnustjóri hans, Graeme Souness, gaf til kynna þegar hann setti hann í skammarkrókinn hjá Newcastle á sínum tíma.

„Þegar ég var hjá Newcastle höfnuðum við í þriðja, fjórða og fimmta sæti og sjáið bara hvar Blackburn er í dag, í 5. sæti. Já, það er aldeilis að ég er að skemma fyrir gengi liða minna,“ sagði Bellamy kaldhæðnislega. - hþh



**ZANETTI OG MIHAJLOVIC** Urðu fyrir barðinu á bandbrjáluðum aðdáendum Inter. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Cristiano Zanetti:

## Þetta var alveg skelfilegt

**FÓTBOLTI** Cristiano Zanetti var skiljanlega skelfingu lostinn þegar tugir stuðningsmanna Inter frá Mílanó réðust að liðinu eftir heimkomuna frá Ascoli þar sem liðið bar 2-1 sigur úr býtum. Þessir svokölluðu stuðningsmenn voru æfir þegar Inter datt út úr Meistaradeildinni gegn Villarreal og þrátt fyrir sigur gegn Ascoli, grýttu stuðningsmennirnir öllu lauslátu í leikmennina.

„Það var ausið yfir okkur fúkyrðunum þegar við vorum að fara upp í bílana okkar eftir að hafa komið út úr flugstöðinni. Það voru um 100 manns sem öskruðu á okkur og hentu hlutum. Einn af þeim lenti á mér,“ sagði Zanetti sem fékk stóran skurð á ennið fyrir vikið.

Ítalinn gengur til liðs við Juventus í sumar en hann telur að það sé ekki ástæðan fyrir því að hann varð fyrir barðinu á skrílnum. „Ég held að það hafi ekki skipt máli. Ég var ekki eini leikmaðurinn á svæðinu. Javier Zanetti, Sinisa Mihajlovic, Pierre Wome og fleiri voru þarna líka,“ sagði þessi knái miðjumaður. - hþh

Laureus-verðlaunin:

## Fræknir kappar tilnefndir

**TILNEFNINGAR** Fimm fræknir íþróttakappar hafa verið tilnefndir til hinna eftirsóttu verðlauna um besta íþróttamann heims. Það er Laureus-akademían sem efnir til kjörsins hverju sinni en kjörið fer þannig fram að íþróttaritstjórar og fréttamenn hjá tímaritum, dagblöðum og sjónvarpsstöðvum víða um heim tilnefna ákveðna íþróttamenn. Síðan kjósa 42 eldri íþróttahetjur hvern þeir telja eiga viðurkenninguna skilið.

Þeir sem tilnefndir eru í ár eru Formúlu 1-ökuþórinn Fernando Alonso, golfarinn Tiger Woods, tenniskappinn Roger Federer, mótorhjólakóngurinn Valentino Rossi, hjólreiðagarpurinn Lance Armstrong og sjálfur Ronaldinho.

Evrópumeistarar Liverpool eru tilnefndir sem lið ársins og einnig Renault-liðið í Formúlu 1, nýsjálenska rugbylandsliðið, tennislandslið Króata frá Davis Cup mótinu, San Antonio Spurs úr NBA-deildinni auk knattspyrnuliðsins Barcelona. - hþh

Stefán Arnarson, landsliðsþjálfari í handknattleik, svarar fyrir gengi kvennalandsliðsins í Tékklandi:

# Okkur vantar fleiri góða varnarmenn

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið gerði enga frægðarför til Tékklands á dögunum. Þar tók liðið þátt í æfingamóti sem var hluti af undirbúningi fyrir umspilsleiki gegn Makedónum um laust sæti á EM í Svíþjóð sem fram fer í desember. Liðið tapaði öllum leikjum sínum á mótinu og hafnaði því augljóslega í neðsta sæti mótsins.

„Við fórum með svolítið nýtt lið enda misst einar tólf stelpur úr hópnum á þrem árum vegna barneigna. Markmiðið var að gefa öllum stelpunum tækifæri og um leið reyna að fá svör við ákveðnum spurningum eins og hvað við þurfum að bæta. Við þurfum að bæta vörnina sérstaklega enda eigum við of fáa leikmenn sem geta spilað vörn,“ sagði Stefán Arnarson landsliðsþjálfari. „Við erum á eftir í stöðunni maður á móti manni bæði í vörn og sókn. Þrátt fyrir þessar staðreyndir vorum við inni í öllum leikjunum og það vantaði herslumuninn upp á að klára eitthvað af þessum leikjum.“



**ÁGÆTT MÓT HJÁ JÓNU MARGRÉTI** Jóna Margrét Ragnarsdóttir lék einna best í íslenska liðinu á æfingamótinu í Tékklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stefán segir að makedónska liðið sé svipað að styrkleika og liðin sem voru á þessu móti en sé engu að síður aðeins sterkara en það íslenska og því verði á brattann að sækja hjá íslenska liðinu í umspilsleikjunum.

„Við munum endurheimta Berglindi Írisi fyrir leikina gegn Makedónum og svo mun ég væntanlega ræða við Hörpu Melsted og Ingu Fríðu Tryggvadóttur um að vera með í þessum leikjum. Þetta eru svakalega mikilvægir leikir og það er möguleiki að komast á EM en þá þarf margt að smella saman hjá okkur,“ sagði Stefán. - hbg

# Fermingartilboð

ÓTRÚLEGT VERÐ

**Office1**
**Parker pennasett**
Vörunúmer: 6956045
Mjög vandað sett með kúlupenna og blekpenna. Falleg blekbytta og blekfyllingar fylgja með.
Aðeins **5.995.-**

**Office1**
**Parker pennasett**
Vörunúmer: 695452525
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna.
Aðeins **1.495.-**

ÓTRÚLEGT VERÐ

**Office1**
**Parker pennasett**
Vörunúmer: 69575572
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna. Vönduð borðklukka fylgir með.
Aðeins **5.995.-**

Ef þú kaupir PARKER eða WATERMAN penna í Office 1 Skeifunni þriðjudaginn 11. apríl þá bjóðum við þér að láta merkja pennann á staðnum **þér að kostnaðarlausu!**

ÓTRÚLEGT VERÐ

**FRÍ áletrun á öllum keyptum PARKER eða WATERMAN pennum***

*þriðjudaginn 11. apríl 2006

35% AFSLÁTTUR
**Office1** Aðeins **12.995.-** Fullt verð 19.980.-

38% AFSLÁTTUR
**Office1** Aðeins **2.995.-** Fullt verð 4.860.-

35% AFSLÁTTUR
**Office1** Aðeins **12.995.-** Fullt verð 19.980.-

23% AFSLÁTTUR
**Office1** Aðeins **9.995.-** Fullt verð 12.980.-

17% AFSLÁTTUR
**Office1** Aðeins **11.995.-** Fullt verð 14.480.-

**Office1**
**Páskaskraut**
Aðeins í Skeifunni og Smáralind
**3 VERÐ**
**99.-**
**199.-**
**399.-**
**70-80% afsláttur**

## HP Pavilion borðtölva og 17"skjár

Vörunúmer: ep062aa/en623aa

**Tölva**
HP Pavilion T3345.uk turn
Ummál (BxDxH): 182mm x 434 mm x 381 mm
Þyngd: 14 kg
Örgjörvi: AMD Athlon64 3700+
Vinnsluminni: 1 GB DDR SDRAM
Harður diskur: 300 GB - Ultra DMA 7200 rpm
Geislaskrifari: DVDñRW (+R dual layer) LightScribe
Geisladrif: DVD-ROM
Skjákort:GeForce 6200se TC-256MB
Hljóðstýring: 5.1 channel surround
9 í 1 minniskortalesari
Tengi: 1 x PCI-Express (laust), 3 x PCI, 6 x USB 2.0 (2 að framan), 2 x Firewire
(1 að framan), 1 x Parallel
Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home Edition
Ábyrgð: 2 ára ábyrgð

**Skjár**
Stærð: 17" Pavilion vs17e TFT flatur skjár
Upplausn: 1280x1024 60Hz
Sjónarhorn: 140ølárétt, 130ølóðrétt
Punktastærð: 0.264mm
Birta í nits: allt að 300 nits
Skerpa: allt að 500:1
Viðbragðstími: 8ms (rise + fall)
Innbyggðir hátalarar
Anti-Glare/Anti-Static
Plug and play
Tengi: 15pin mini D-Sub VGA
Ábyrgð: 1 árs fyrirtækjaábyrgð og 2 ára neytendaábyrgð
Þyngd: 4.7 kg

ÓTRÚLEGT VERÐ
**Office1**
**139.900.-**

*Páskafjör í Office 1!*

**Office1 Superstore**

**Afgreiðslutímar**
*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
*Office 1 Akureyri og Ísafirði*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
*Office 1 Egilsstöðum*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
*Office 1 Vestmannaeyjum*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

*Skírdagur* LOKAÐ
*Föstudagurinn langi* LOKAÐ
*Páskadagur* LOKAÐ
*2. í páskum* LOKAÐ

Tilboðin gilda í apríl 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Don't you just love New Year's? You get to start all over.“**

**Svar:**
Lenore úr kvikmyndinni Forrest Gump frá árinu 1994.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON OPNAR SIG SEM „SÓFASPORTISTI“

# *Sunnudagskvöldinu gáfulega eytt*

„Golf er leiðinlegasta sjónvarpsefni sem sögur fara af,“ sagði ágætur vinur við mig þegar síðasti dagur Masters-mótsins í golfi rann upp. Ég hlustaði ekkert á hann, kom mér vel fyrir í Ameríkusófanum, opnaði ferskt snakk frá Maarud og sendi bróður minn eftir indverskum mat sem sat reyndar töluvert í mér langt fram eftir mánudeginum...en það er önnur saga.

„Það er jafn gáfulegt að spila golf og að reyna að troða tannkremi aftur ofan í tannkremstúpuna,“ var álit Jóakims Aðalandar á íþróttinni þegar frændi hans Andrés reyndi að finna handa honum áhugamál. Kannski hafði sá gamli rétt fyrir sér. Hvaða vitiborna manneskja lætur sig hafa það hér á landi að standa úti í hávaðaroki og rigningu til að berja áfram hvíta kúla á grænum velli auk þess að ganga hátt í sjö kílómetra á rúmum fjórum tímum? Það hlýtur að teljast enn síður gáfulegra að eyða sunnudagskvöldinu í að horfa á aðra gera það.

Samt er það svo merkilegt með íþróttaáhugamenn, sama hvaða íþrótt þeir fylgjast með, að þeir leggja ótrúlegustu hluti á sig til að fylgjast með hetjunum sínum. Ég hef heyrt sögur af eiginmönnum sem taka húsið í gegn á mettíma til að geta horft á eftirlætisliðið sitt keppa. Þrífa bílana, elda matinn og vaska upp svo að þeir geti átt notalega stund fyrir framan imbakassann og horft á 22 fullfríska karlmenn elta leðurtuðru. Þrátt fyrir að vera meðalgreind manneskja lá ég engu að síður uppi í rúmi og horfði á Phil Mickelson bera sigur úr býtum á Augusta-vellinum. Og leið bara nokkuð vel þrátt fyrir kryddaðan indverskan mat, volgt gos og frekar vont snakk.



**TIGER WOODS** Það hlýtur að teljast afrek út af fyrir sig að hanga fyrir framan sjónvarpið í fjóra og hálfan tíma og horfa á fullfríska karlmenn á rölti um grænan völl.


▶ **21.15** *Fróðleikur*
GÍNEA-BISSÁ – LANDIÐ SEM GLEYMDIST


▶ **21.00** *Hasar*
LAS VEGAS


▶ **21.00** *Gaman*
BERNIE MAC


▶ **21.00** *Hönnun*
INNLIT/ÚTLIT


▶ **19.00** *Fótbolti*
GILLETTE HM 2006 SPORTPAKKINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (31:52) **18.25** Draumaduft (6:13)

**18.30 Gló magnaða (46:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Mæðgurnar (6:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri.
▶ **21.15 Gínea-Bissá – Landið sem gleymdist** Heimildamynd eftir Dúa J. Landmark sem segir frá því þróunarstarfi sem UNICEF á Íslandi hefur unnið í Gíneu-Bissá í samvinnu við íslensk fyrirtæki og almenning.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Tvíeykið (5:8)** Syrpa um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál.

**23.15** Blindsker **0.50** Kastljós **1.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Veggfóður **14.15** Supernanny **15.05** Amazing Race **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.50 Strákarnir**
**20.15 Amazing Race (3:14)** (Kapphlaupið mikla 8)
▶ **21.00 Las Vegas (7:22)** Danny ímyndar sér að hann sé kominn aftur á sjöunda áratuginn. Ed verður forstjóri spilavítisins. B. börnum.
**21.45 Prison Break (11:22)** Ungur verkfræðingur lætur loka sig inni í fangelsi til þess að hjálpa bróður sínum að sleppa út. B. börnum.
**22.30 Kabbalah trúarhreyfingin** (20/20 – Kabbalah Movement) Nýr fréttaskýringaþáttur um hina umtöluð Kabbalah-trú.

**23.05** Twenty Four (Str. bönnuð börnum) **23.50** Nip/Tuck (Str. b. börnum) **0.35** Shoot to kill (Str. b. börnum) **2.25** Tart (B. börnum) **4.00** Dead Men Don't Wear Plaid (B. börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (8:24)** (Vinir 8)
**20.30 Idol extra 2005/2006**
▶ **21.00 Bernie Mac (1:22)** (Eye Of The Tiger) Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans.
**21.30 Reunion (13:13)** (1998)
**22.15 Supernatural (9:22)** (Home) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bönnuð börnum.

**23.00** Laguna Beach (17:17) **23.25** Extra Time – Footballers' Wive **23.50** Friends (8:24) (e) **0.15** Idol extra 2005/2006 (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.45** Sigtið (e) **16.10** The O.C. (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House**
**20.30 Heil og sæl** Bragðgóður og bráðhollur matur, sem getur breytt lífi áhorfenda.
▶ **21.00 Innlit / útlit** Nadia, Þórunn og Arnar Gauti leiða áhorfendur í allan sannleika um það nýjasta í hönnun, praktískar lausnir á öllu sem við komur heimilinu og kynna áhorfendur fyrir bráðskemmtilegu og skapandi fólki.
**22.00 Close to Home** Yngri systir Maureen er handtekin fyrir búðarhnupl.
**22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Mótorsport 2005** (Mótorsport 2005)
▶ **19.00 Gillette HM 2006 sportpakkinn** (Gillette World Cup 2006) Öll liðin og leikmennirnir á HM 2006 í Þýskalandi teknir ítarlega fyrir.
**19.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni.
**20.00 Skólahreysti 2006** (Skólahreysti 2006 – úrslit)
**22.00 Leiðin á HM 2006** (Destination Germany) Í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í mótinu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina. Fjögur lið eru tekin fyrir hverjum þætti.
**22.25 Súpercross** (World Supercross GP 2005-06)

**23.20** Ensku mörkin **23.50** World Poker

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Right on Track **8.00** Hair **10.05** Daddy Day Care **12.00** Under the Tuscan Sun **14.00** Right on Track **16.00** Hair **18.05** Daddy Day Care **20.00 Under the Tuscan Sun** Rómantísk og hugljúf gamanmynd með Diane Lane í hlutverki óhamingjusamrar og lánlausrar konu í ástarmálum. Leikstjóri: Audrey Wells. **22.00 In the Time of the Butterflies** Vönduð sjónvarpsmynd sem gerist á tímum alþýðubyltingar í Dóminíska lýðveldinu. **0.00** Bang, Bang, You're Dead (Bönnuð börnum) **2.00** Tempo **4.00** In the Time of the Butterflies

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Fashion Police **13.00** Young, Rich & Famous **14.00** Sexy, Single, and Filthy Rich: Top 10 Hottest Bachelors **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** Beyonce Revealed **21.00** The Soup **21.30** Wild On Tara **22.00** Party @ the Palms **22.30** Party @ the Palms **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** The Soup **0.30** Wild On Tara **1.00** Young, Rich & Famous **2.00** Guilty

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Sunderland – Fulham frá 08.04 **16.00** Charlton – Everton frá 08.04 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 Að leikslokum (e)**
**20.00 Aston Villa – WBA frá 09.04**
**22.00 Liverpool – Bolton frá 09.04**

**0.00** Dagskrárlok


**Búlgaría - besta verðið okkar í sólina.**



apollo

Hjón með 2 börn, 2ja-17 ára, 1 vika, 12. sept.: **33.150 kr.**

Hjón með 2 börn, 2ja-17 ára, 1 vika, 4. júlí: **38.900 kr.**

Tveir í 2ja manna herb., 1 vika, 12. sept.: **40.300 kr.**

Esso *Bæklingar á Esso-stöðvum:*
**Reykjavík:** Ártúnshöfði og Fossvogur.
**Hafnarfjörður:** Lækjargata
**Akureyri:** Leiruvegur

**Reiknaðu út þitt dæmi!** **5 100 300** **www.apollo.is**

Kíktu á heimasíðuna okkar og reiknaðu út þitt dæmi. Verðdæmin fyrir ofan miðast við netbókun og auðvitað eru skattar og ferðir til og frá flugvelli ytra innifaldir þegar bókun felur í sér hótelgistingu.

# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

## Kabbalah-trúarhreyfingin Stöð 2 kl. 22.30



Nýr fréttaskýringaþáttur í 20/20 þáttaröðinni um hina umtöluðu Kabbalah-trú sem á rætur sínar að rekja til gyðingdómsinsog og þá miklu vakningu sem átt hefur sér stað í kringum þessa trúrkenningu. Einkum hefur vakið athygli hversu margar stórstjörnur úr tónlistar- og kvikmyndaheiminum hafa aðhyllst Kabbalah en þar hefur Madonna verið fremst í flokki við að boða þessa nýteknu trú sína. Fæstir vita mikið um Kabbalah-trúna annað en að auk Madonnu hafa Demi Moore, Ashton Kutcher, Britney Spears, Lindsay Lohan og Paris Hilton aðhyllst hana, og eru þá aðeins fáeinir nefndir. Í kvöld gefst sjónvarpsáhorfendum kostur á að komast að því eftir hverju allt þetta fólk og fjöldamargir aðrir eru að sækjast.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | | | 1 | |
| 5 | | 4 | | | | 3 | | |
| | | 8 | 7 | | | | | 9 |
| 8 | | | | 5 | 2 | | | |
| | 4 | | | | | | 9 | |
| | | | 9 | 8 | | | | 3 |
| 7 | | | | | 8 | 9 | | |
| | | 9 | | | | 5 | | 6 |
| | 5 | | | | | | 4 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 2 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 | 9 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 |
| 2 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |



▶ 13.10 *Íþróttir*

Í UMSJÁ ÞORSTEINS GUNNARSSONAR

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll ▶**13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.45 Brot úr dagskrá**
**20.00 Fréttir**
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hugsað heim. **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Kvöldtónar **20.30** Raddir að handan **21.25** Lagt upp í ferð **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ …

*… fær Margrét Sigurðardóttir fyrir sýninguna Big Cry sem verður frumsýnd í Þjóðleikhúsinu í kvöld en þar blandar hún saman leiknum kvikmyndabrotum og lifandi djasstónlist.*

## AÐ MÍNU SKAPI GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON TÓNLEIKAHALDARI

# Fantasíulesari og bíóáhugamaður

**TÓNLISTIN**
Það er Pink Floyd og Supertramp. Ég hef verið að hlusta mikið á plötuna Even in the Quietest Moments með Supertramp sem er algjört meistarastykki. Síðan er ég búinn að hlusta rosalega mkið á Dark Side of the Moon.

**BÓKIN**
Ég var að glugga í nýju bókina hans Andra Snæs og mér leist ágætlega á hana. Annars les ég mikið fantasíur og vísindaskáldsögur. Ég hef lesið allar Terry Pratchett-bækurnar og hef mjög gaman af.

**BÚÐIN**
Þegar ég er að versla í matinn finnst mér gaman að versla í Hagkaup.

**BORGIN**
Það er annaðhvort Kaupmannahöfn eða London. Ég er búinn að fara 20 til 30 sinnum til Kaupmannahafnar. Ég bjó þarna á sínum tíma og þetta er mín önnur heimaborg. Síðan er það London því það er alltaf svo mikið að gerast þar, til dæmis fótbolti og hljómleikar.

**VERKEFNIÐ**
Það eru hljómleikar: Roger Waters og Roger Hodgson, eða Pink Floyd og Supertramp.

**BÍÓMYNDIN**
Ég er mikill bíóáhugamaður en sem fantasíulesari voru Lord of the Rings-myndirnar eitthvað mjög sérstakt í mínum huga. Fyrir nokkrum dögum keypti ég mér reyndar fjórðu seríuna af 24 og hef verið að svolgra hana í mig.




**GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON** Guðbjartur er hrifinn af fantasíum og vísindaskáldsögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT** 2 mjög 6 bardagi 8 skordýr 9 erfiði 11 skóli 12 eggjarauðu 14 spaug 16 dreifa 17 efni 18 frændbálkur 20 tónlistarmaður 21 þekkja leið.

**LÓÐRÉTT** 1 spjall 3 tveir eins 4 dagatal 5 sefa 7 ágiskun 10 sunna 13 besti árangur 15 svall 16 haf 19 tveir eins.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 afar, 6 at, 8 fló, 9 bís, 11 ma, 12 blóma, 14 glens, 16 sá, 17 tau, 18 ætt, 20 kk, 21 rata. **LÓÐRÉTT:** 1 rabb, 3 ff, 4 almanak, 5 róa, 7 tilgáta, 10 sól, 13 met, 15 sukk, 16 sær, 19 tt.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. I. Lewis Libby
2. Dominique de Villepin
3. Sif Pálsdóttir

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

## HELGA GUÐJÓNSDÓTTIR: SIGURVEGARI SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

# Syngjandi Skagastelpa

Mikil gleði ríkti á Akranesi um helgina þegar ljóst varð að Fjölbrautaskóli Vesturlands hafði sigrað í Söngkeppni framhaldsskólanna með laginu Vegas, betur þekktu sem Ruby Tuesday með Rolling Stones. Þetta er í fyrsta sinn sem skólinn sigrar í Söngkeppni framhaldskólanna en það var hin 18 ára Helga Guðjónsdóttir sem landaði sigrinum af miklu öryggi. Helga býr á Akranesi en er þó ekki hreinræktuð Skagastelpa, þó að hún hafi spilað lengi með meistaraflokki ÍA, því hún ólst upp innan um kindur og hesta á Saurbæ í Dalasýslu til þrettán ára aldurs. „Ég hef verið syngjandi síðan ég man eftir mér. Mamma var lengi í kór og pabbi syngur líka mikið heima, svo það má segja að það sé sungið mikið í fjölskyldunni," segir Helga. Hún er ekki óvön því að taka á móti verðlaunum fyrir söng sinn því hún vann t.d. Hátúnsbarkann fyrir nokkrum árum síðan sem er söngvakeppni grunnskólanna á Akranesi. „Ég hef verið að syngja af og til á ýmsum skólaskemmtunum og líka í fermingarveislum."

Helga vakti ekki eingöngu athygli fyrir góðan söng heldur einnig fyrir mjög örugga framkomu. „Lagið sem ég tók er úr samnefndum söngleik sem Ólafur Sk. Thorvalds leikstýrði og var settur upp á vegum skólans í vetur. Ég söng þetta lag í þeirri uppfærslu og því var ég í góðri æfingu og ekki með neinn sviðskrekk, enda erum við nýhætt að sýna söngleikinn."

Helga stundar nám á félagsfræðibraut en auk þess að sinna náminu og söngnum vinnur hún á Olís-Uppgrip. „Það kemur fyrir að við stelpurnar syngjum í vinnunni en bara þegar enginn viðskiptavinur er inni," segir Helga en neitar því að hún afgreiði pylsurnar syngjandi. Í sumar ætlar hún að vinna í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Fyrst er það hins vegar ferðalag til Lúxemborgar. „Ég ætla að heimsækja vinkonu mína og ætli ég taki ekki eitthvað af sigurlaunum með mér og kaupi eitthvað gáfulegt," segir Helga sem hlaut 50 þúsund króna peningaverðlaun frá Glitni ásamt farandbikarnum Hljóðnemanum að launum fyrir sönginn á laugardag. „Það kom enginn frá skólanum að horfa á undankeppnina nema þrír vinir mínir en þegar ljóst var að ég héldi áfram þá hóuðu þeir saman í góðan hóp á úrslitakeppnina. Ég fór beint upp á Skaga eftir sigurinn þar sem beið mín móttökunefnd og partí," segir Helga. Hvað framtíðina varðar þá er hún alveg óráðin. Helga gæti þó vel hugsað sér að fara til Frakklands eða Ítalíu í söngnám eða læra eitthvað sem tengist ferðamálum.



**SIGURVEGARI** Helga, sigurvegari Söngkeppni framhaldsskólanna í ár, hefur verið syngjandi frá því að hún man eftir sér. MYND/ÓMAR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík hleypti úr vör kosningabaráttu sinni um helgina og í fjölmiðlum mátti sjá frambjóðendur flokksins brosa framan í kjósendur undir slagorðinu „Ertu með?". Ímyndasérfræðingar flokksins virðast hafa velt því vel og lengi fyrir sér hvernig ætti að koma flokknum upp úr þeim öldudal sem Framsókn hefur verið í ef marka má síðustu skoðanakannanir en þær benda til þess að flokkurinn nái varla inn manni. Hvort nafnabreyting hafi verið lokaúrræðið skal ósagt látið en á auglýsingunum má hvergi sjá nafn Framsóknarflokksins heldur eingöngu B-listann. Sömu sögu er að segja inni á heimasíðu leiðtoga flokksins, **Björns Inga Hrafnssonar**, en þar má sjá myndir frá því þegar kosningastefnuskrá B-listans var kynnt. Gárungarnir í Reykjavík spyrja sig að því hvort reykvískir framsóknarmenn séu nú á flótta undan nafni flokksins.



Margir velta nú vöngum yfir því hvort fjórða Idol-keppnin muni fara fram á haustdögum en eins og áður hefur verið greint frá þykir mörgum keppnin vera orðin hálf þreytt. **Heimir Jónasson**, dagskrárstjóri Stöðvar 2, reiknar þó fastlega með því að Idol 4 fari fram um og upp úr september. „Spyrja verður þó að því hvort fólk þurfi á örlítilli hvíld að halda frá keppninni og þá hvort hún verði haldin eitthvað síðar. Hins vegar er ljóst að halda verður uppi hamingjustuðli þjóðarinnar og ef ekki verður úr keppninni mun sambærilegt stjörnuefni verða kynnt til sögunnar". Ekki vildi Heimir þó gefa nánari upplýsingar um hvers kyns stjörnuefni væri að ræða. „Ég get þó allavega lofað að það verður kynngimagnað, segir Heimir að lokum.



**-fgg/bb**

TOYO
Bestu dekkin í USA
8 ár í röð Tire Review Magazine
Klár í páskatúrinn ?
Toyo jeppadekk, margar stærðir
33"
Gerið gæða og verðsamanburð
38"





Kynningarverð
Toyo All Terrain
33x12,5 R15
13.895,- stgr.
Kynningarverð
Toyo Mud Terrain
38x14,5 R16
31.950,- stgr.
NESDEKK
Seltjarnarnesi
Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri
Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

# Átta ljóð komin í úrslit

Dómnefnd Sigurskáldsins 2006, ljóðakeppni Eddu útgáfu og Fréttablaðsins, hefur valið átta ljóð eftir jafnmarga höfunda í úrslit. Alls bárust hátt í 400 ljóð eftir um 90 höfunda í keppnina. „Þetta fór hægt af stað en svo gerðust kraftaverk og menn rusluðu heilu ljóðabókunum inn," segir Kristján B. Jónasson, sem situr í dómnefndinni, og bætir við að gæði ljóðanna séu síst minni en í keppninni fyrir tveimur árum.

Þá valdi dómnefndin ljóðin eftir ákveðinni aðferð til að tryggja fjölbreytni en í ár var sú leið látin gossa og ljóðin sjálf réðu ferðinni. Kristján segir að heilt á litið séu yrkisefnin áþekk. „Strákunum blöskrar ástandið í heiminum og er tíðrætt um neysluhyggjuna og eru í ákveðinni sjálfsmyndaróvissu. Stúlkurnar yrkja meira um svokallaðar staðalímyndir og bera saman raunveruleikann við viðteknar hugmyndir samfélagsins." Ljóðin átta sem komust í úrslit verða birt í Fréttablaðinu í viku bókarinnar 18. til 24. apríl og sigurskáldið verður kynnt þriðjudaginn 25. apríl.

**-bs**



**KRISTJÁN BJARKI JÓNASSON** Segir gæði ljóðanna í ár síst minni en í keppninni fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# TOPPSKÓRINN OUTLET
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
# GRAFARHOLTINU
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)



FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL

# PÁSKASPRENGAN ÞRI.-MIÐ.-LAU.

## DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR

# 40-90%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SKÓM!

HÖFUM FYLLT Á **1000 kr.** BORÐIN

FRÁBÆRT ÚRVAL

SKÓR FRÁ **100 kr.**

PETER KAISER · ecco · ara · LLOYD · ZINDA

FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Drögum í dag Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is






**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Uppreisnin á elliheimilinu*

Sjálfstæðisbarátta unglinganna er stundum hættuspil þó að hver einasta kynslóð taki sénsinn á glapstigunum. Sem betur fer skrikar meirihlutinn aftur inn á braut réttlætisins og verður sómakær fullorðin manneskja. Samt getur leiðin verið dálítið grýtt og kostað svita og tár foreldranna sem standa ráðalaus hjá á meðan táningurinn þeirra brýst úr viðjum æskunnar. Því fólk í blóma lífsins ber yfirleitt ábyrgð á öðru fólki.

**EINA** fólkið sem hægt er að segja með nokkrum sanni að megi vera ábyrgðarlítið er annaðhvort mjög ungt eða mjög gamalt. Leikskólabörn eru sjaldnast nógu útsmogin til að vera samtaka eða endingargóð í uppreisn sinni en aldraðir hafa flestir lifað tímana tvenna og geta tekist á við ýmislegt. Nú hafa þeir um langt skeið þolað þá niðurlægingu að vera bolað út af heimilum sínum þegar þeir þurfa aðstoð við daglegt stúss. Verða þá sumir að deila kompu með bláókunnugum manneskjum í sömu stöðu og fá bara að velja örfáa persónulega muni til að hafa hjá sér. Stundum er hjónum sem hafa verið saman í mannsaldur og alið upp fjölda barna stíað í sundur á sitt hvora stofnunina. Þar kemur sér vel að vera flinkur í látbragðsleik því fæst starfsfólkið talar íslensku.

**ÞOLGÆÐI** og æðruleysi eru kostir sem ekki eiga lengur við. Kurteislegur stuðningur við setuverkfall starfsfólks elliheimila mun í besta falli skila starfsfólkinu nokkurri kjarabót nú í aðdraganda kosninga en breyta litlu fyrir vistmennina sjálfa. Það sem gæti hinsvegar gert gæfumuninn væri sameinuð uppreisn eldri borgara þessa lands. Það hlýtur að vera krafa þeirra að fá að búa heima hjá sér ævina út og láta færa þjónustuna þangað. Og það er allt í lagi að beita sér af krafti og gera læti, ekki þarf lengur að taka tillit til foreldra og það er engu að tapa.

**KRÖFUGÖNGUR** elstu kynslóðarinnar myndu vekja athygli og þrýstingur er það sem hvetur til lausna. Upp með spreybrúsana! Ég myndi nú aldrei hvetja til lögbrota en það eru ekki bara róttækir unglingar sem geta haldið ráðuneytum í gíslingu, kastað tómötum og gert hróp að ráðamönnum.

**VIÐ** þurfum ekki fleiri stofnanir. Það er ekki sjúkdómur að vera gamall.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



MENNINGARSJÓÐUR GLITNIS STYRKIR UNGT TÓNLISTARFÓLK

**Menningarsjóður Glitnis auglýsir til umsóknar styrki fyrir unga hljóðfæraleikara og söngvara.**

Veittir verða allt að fjórir styrkir að upphæð 500 þúsund krónur hver. Gert er ráð fyrir að umsækjendur séu í framhaldsnámi eða hafi lokið því nýlega og eru styrkirnir ætlaðir til þess að aðstoða umsækjendur við að hasla sér völl í listgrein sinni.

Áætlað er að veita styrkina í júní 2006. Umsókn skal skila til **Menningarsjóðs Glitnis, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, fyrir 15. maí næstkomandi**. Reglur og nánari upplýsingar um styrkina er hægt að nálgast í móttöku Glitnis á Kirkjusandi eða á **www.glitnir.is/menningarsjodur.**




GLITNIR